SÓLRÚN MARÍA REGINSDÓTTIR
*Fléttar saman fjöri og fjölbreyttri hreyfingu*
• heilsa • heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




SPARNEYTNIR BÍLAR
*Ör þróun undanfarin ár*
Sérblað um sparneytna bíla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SKÓLABÆKLINGUR EJS FYLGIR MEÐ BLAÐINU Í DAG
EJS


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. ágúst 2008 — 210. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Flytur inn djassista**
Agnar Magnússon skipuleggur djasshátíð sem fer fram hinn 26. ágúst.
FÓLK 30

**Verslunarmannahelgin**
„Fólk á öllum aldri fær glampa í augun þegar brekkusönginn í Herjólfsdal ber á góma," segir Jónína Michaelsdóttir.
Í DAG 16



**Landsmót tónlistarnema**
Nemendur láta ljós sitt skína á þrettán daga tónlistarhátíð í Salnum í Kópavogi.
TÍMAMÓT 18

**Íslendingar tínast til Kína**
Íslenska handboltalandsliðið er búið að koma sér fyrir í Kína fyrir Ólympíuleikana eftir ferðalag yfir hálfan hnöttinn, um 10.500 kílómetra.
ÍÞRÓTTIR 26



## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HÆGUR** Í dag verður hæg norðlæg átt. Víðast fremur skýjað og hætt við lítilsháttar vætu sunnan til. Hiti 9-15 stig, hlýjast suðvestan til.
VEÐUR 4



**SPENNTUR FYRIR ROSTUNGNUM** Mikael Róbertsson var undir það búinn að sjá ísbirni en ekki rostung. Það er kannski kaldhæðni örlaganna að rostungurinn skyldi síðar drepast í Ófeigsfirði. MYND/ÁGÚSTA

# Fjölskylda gekk fram á rostung í Ófeigsfirði

**Þrír ferðalangar gengu fram á rostung í Ófeigsfirði. Hann var kominn upp á gras og upp úr honum vall froða. Héldu fyrst að hann væri rekaviðardrumbur.**

**VESTFIRÐIR** „Við áttum ekki von á því að sjá rostung. Eins og Mikael sagði: Maður heldur að maður sjái ísbjörn en svo sér maður rostung. Hvað næst? Verða það risaeðlur?" sagði stjúpmóðir hans, Ágústa, en hún og maður hennar, auk Mikaels Róbertssonar, níu ára syni hans, gengu fram á rostung í Ófeigsfirði síðastliðinn laugardag.

„Hann var kominn upp á gras og virtist vera veikur. Það vall upp úr honum bleik froða. Til að byrja með urraði hann á okkur og reyndi að snúa sér en þegar við vorum búin að vera þarna í smátíma þá gerði hann ekkert þótt við værum þarna í kringum hann." Ágústa segir þeim ekki hafa brugðið við. „Þetta var bara spennandi. Hann féll svo vel inn í umhverfið, það er svo mikið af rekaviði þarna. Við vorum búin að sjá það í svolítilli




fjarlægð að þarna væri einhver rosalegur drumbur. Ætli hann sé ekki allt að 1,2 metrar upp á makkann á honum þegar hann liggur. Ég myndi giska á að hann væri örugglega tonn, ef ekki meira."

Þau gerðu Pétri Guðmundssyni, bónda í Ófeigsfirði, viðvart. „Hann drapst, greyið, á laugardaginn. Ég get nú ekkert losað mig við hann, hann verður bara að rotna þarna niður. Ætli hann verði ekki bara góður fyrir refi." Pétur fékk seinast rostung á land fyrir fimmtán árum.

Páll Hersteinsson, prófessor í spendýrafræði við Háskóla Íslands, segir rostunga mjög sjaldséða á Íslandi. Róbert Stefánsson líffræðingur sagði þennan líklega ættaðan frá Grænlandi eða Svalbarða. Síðasti rostungur sem vitað er um að hafi vitjað landsins sást í Arnarfirði í júlí 2005. Rostungar eru friðaðir nema á Grænlandi. Þeir lifa aðallega á botndýrum en hafa þó verið þekktir fyrir að drepa hvítabirni sem ráðast að þeim. Beinaleifar benda til að rostunga hafi rekið á land á Vestfjörðum fram á 19. öld. Einnig hafi þeir komið á land við Faxaflóa og Snæfellsnes.

„Það er aldrei að vita hverju maður mætir á Ströndunum, það er ljóst," sagði Ágústa. - kbs

Rúnar Júlíusson:

# Syngur í nýju rapplagi Opees

**FÓLK** Rúnar Júlíusson er maður mikilla hæfileika, eins og sannast í laginu Allt sem ég á. Lagið er með rapparanum Opee en þeir Palli PDH og Magni Kristjánsson sömdu það. Rúnar syngur viðlagið í þessu splunkunýja rapplagi.

„Við sendum honum lagið og hann fílaði það, kom í stúdíó og rúllaði þessu upp," segir Opee sem var í skýjunum með frammistöðu Hr. Rokk, eins og Rúnar er stundum kallaður. Rúnar sjálfur segir þetta skemmtilega reynslu. „Ég er alltaf til í að prófa eitthvað nýtt. Þetta verkefni tók fljótt af og ég gerði mitt besta."

- shs/ sjá síðu 30




**ÚR DALNUM Í BORGINA** Óskar Elfarsson var hress við komuna til Reykjavíkur . FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Verslunarmannahelgin liðin

# Flestar hátíðirnar fóru vel fram

**VERSLUNARMANNAHELGI** Flestar þær hátíðir sem haldnar voru um verslunarmannahelgina gengu vel fyrir sig. Á Akureyri leituðu tvær konur á neyðarmóttöku vegna nauðgana, en þær hafa ekki verið kærðar til lögreglu enn sem komið er.

Í Vestmannaeyjum aðstoðuðu lögregla og björgunarsveit þrjá unga menn sem ætluðu að sigla til Eyja frá Þorlákshöfn. Þeir voru illa búnir og týndust við Eyjar. Björgunarsveit fann þá og fylgdi þeim til hafnar. Sautján fíkniefnamál og sex líkamsárásir, sem voru þó minniháttar að sögn lögreglu, komu til kasta lögreglu þar. Ófært var milli lands og Eyja í sólarhring vegna þoku.

- þeb / sjá síðu 4

Starfsmenn Orkuveitu stórhuga í umhverfisstarfi á Hellisheiðinni:

# 100.000 tonn af jarðvegi í gíga

**UMHVERFISMÁL** Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa látið moka einum 100.000 tonnum af jarðvegi í gíga á Hellisheiði. Tilgangurinn er að bæta fyrir syndir forfeðranna og endurgera gígaröð svo hún verði sem líkust því sem hún var árið 1950, að sögn Kristins H. Þorsteinssonar, garðyrkjustjóra fyrirtækisins.

Verkefnið, sem tekur nokkur ár og felst einnig í því að koma upp staðargróðri á röskuðu svæði, gæti kostað Orkuveituna alls um 300 milljónir króna.

Á dögunum komst upp um skemmdarverk á svæðinu, sem fólust í því að ruglað var í tilraunagróðurreitum OR og Landbúnaðarháskólans. Þetta gæti tafið uppgræðsluverkefnið um allt að tvö ár, segir Kristinn. Ekki hefur þó verið ákveðið hvort gæsla verður efld í kringum þessa reiti.

Þrátt fyrir þessar endurbætur verður ekki ráðist í að hylja fyrirferðarmikil rör og leiðslur Orkuveitunnar á svæðinu. Þær eru barn síns tíma og í samsvarandi virkjunum nú til dags yrði reynt að fella þær betur inn í landslagið, segja forsvarsmenn á svæðinu.

- kóþ / sjá síðu 12









**SPURNING DAGSINS**



*Aðalsteinn, verður þetta þá blóðugt frekar en hlutlægt umhverfismat?*

„Miðað við þessa framkomu umhverfisráðherra má alveg búast við blóðugu mati. Og það er hún sem býður upp í dans!"

Umhverfisráðherra hefur mælt svo um að álversframkvæmdir á Bakka fari í heildstætt umhverfismat. Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, hefur líkt þessu við að fá „rýting í bakið".

Lögmenn um brottrekstur varaformanns skipulagsráðs:

# Ólöf gæti fengið skaðabætur

**REYKJAVÍK** Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, fyrrum varaformaður skipulagsráðs, gæti farið í mál við Reykjavíkurborg og krafist skaðaog miskabóta, fái mat Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmanns staðist. Þetta segir Sigurður Líndal lagaprófessor.

Í grein á heimasíðu sinni kemst Dögg að þeirri niðurstöðu að ekki standist sveitarstjórnarlög að reka fólk úr ráðum með þeim rökum sem Ólafur F. Magnússon borgarstjóri beitti, þegar hann rak Ólöfu. Borgarstjóri sagði meðal annars að Ólöf nyti ekki trausts; hún hefði tekið sjálfstæða afstöðu til mála.

Dögg segir að samkvæmt lögum þurfi að vera einhugur innan sveitarstjórnar til að skipt sé um menn í ráðum. Því reyni á borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og annarra flokka. Þeir þurfi að samþykkja gjörninginn, til að hann nái fram að ganga.



**ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR**



**SIGURÐUR LÍNDAL**

Annað skilyrði sé að málefnalegar ástæður hafi verið fyrir brottvísuninni, svo sem þær að hinn brottrekni hafi brotið þagnarskyldu eða ekki mætt til starfa. Dögg segist ekki sjá að svo hafi verið.

Sé þetta rétt, segir Sigurður, gæti Ólöf krafist skaðabóta, hafi hún orðið fyrir launamissi, og miskabóta að auki, teljist hún hafa orðið fyrir álitshnekki.

Ólöf vildi ekki tjá sig um hugsanleg málaferli í gær.

- kóþ

Grásleppuvertíð að ljúka:

## Ein besta vertíðin í mörg ár

**SJÁVARÚTVEGUR Um 11 þúsund tunnur hafa veiðst á þessari grásleppuvertíð sem nú er að ljúka.**

**„Ef við miðum við bátafjölda og tíma þá held ég að þetta sé ein allra besta vertíð frá því raunverulegar atvinnuveiðar hófust," segir Arthur Bogason, formaður Landsambands smábátaeigenda.**

**Tæplega tvöhundruð bátar hafa verið að veiðum en Arthur segir að áður fyrr hafi þeir farið yfir 500. Þá var vertíðin 90 dagar en er 40 dagar í ár. „Íslandsmetið er um 23 þúsund tunnur en þá var nýtingin alls ekkert betri á hvern bát," segir hann.**

- jse

Tilraunir á músum:

## Pilla sem gerir þjálfun óþarfa

**BANDARÍKIN, AP Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa þróað pillu, sem gæti gert líkamsþjálfun að einhverju leyti óþarfa.**

**Tilraunir á músum hafa skilað þeim árangri að þær mýs sem fengu lyfið brenndu fleiri hitaeiningum og voru grennri en mýs, sem ekki fengu lyfið, þótt hvorugur hópurinn hafi fengið neina þjálfun. Þær gátu einnig hlaupið 44 prósentum lengra og 23 prósentum hraðar en hinar, sem ekki fengu lyfið. Pillan gæti hjálpað þeim sem eiga við offitu eða sykursýki að stríða, eða geta ekki stundað líkamsþjálfun vegna veikinda af einhverju tagi.**

- gb



**MADELEINE MCCANN** Málsskjölin eru á 30 þúsund blaðsíðum í 17 bindum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn á barnshvarfi:

## Málsskjölin gerð opinber

**PORTÚGAL, AP** Lögreglan í Portúgal hefur opnað aðgang að málsskjölum úr rannsókn á hvarfi bresku stúlkunnar Madeleine McCann, sem hvarf sporlaust á ferðamannastað vorið 2007.

Nærri þrjátíu þúsund blaðsíður í sautján bindum verða afhentar blaðamönnum, sem leggja fram skriflega beiðni og mæta fyrir dómstól. Þeir verða einnig að útvega DVD-diska, sem skjölin verða afrituð á. Í síðasta mánuði ákvað lögreglan í Portúgal að hætta rannsókn málsins og mun ekki hafast meira að nema nýjar upplýsingar komi fram.

- gb



**BRUNINN Í VOGUM** Tugmilljóna tjón varð í Vogum á Vatnsleysuströnd í desember í fyrra þegar átta bílar brunnu til kaldra kola. Sannað þótti að kveikt hefði verið í bílunum, en ekki var hægt að sanna verknaðinn á neinn einstakling. Myndin tengist fréttinni ekki að öðru leyti. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Telja tryggingasvik geta færst í aukana

**Forstöðumaður sviðs ökutækjatjóna hjá Sjóvá hefur augun opin fyrir því að mjög skuldsett fólk grípi til örþrifaráða á næstu mánuðum. Oft komi upp grunur um tjónasvik, sérstaklega um íkveikjur, en erfitt sé að sanna ásetning.**

**TRYGGINGAR** „Oftar en ekki þegar grunsemdir um tjónasvik vakna er raunin sú að bílarnir eru yfirveðsettir og eigendur í bullandi vanskilum. Myntkörfulánið er þá hærra en virði bílsins, sem hefur stundum verið til sölu í lengri tíma," segir Róbert Bjarnason, forstöðumaður ökutækjatjóna hjá tryggingafélaginu Sjóvá.

Hann hefur áhyggjur af því að tjónasvik geti færst í aukana á næstunni, og sérstaklega hjá svokölluðum myntkörfulánþegum. Íslenska krónan hefur fallið um tæp 30 prósent frá áramótum og afborganir af erlendum lánum hækkað í samræmi við það.

„Í þessu þrönga efnahagsástandi er þessi hætta fyrir hendi og það getur ýtt undir það að erfiðara sé að losna við bílana. Fall krónunnar hefur leitt til þess að erlend bílalán hafa í sumum tilfellum hækkað langt umfram markaðsverðmæti bíla," segir hann.

Róbert tekur fram að hjá Sjóvá séu þessi meintu svik rannsökuð í þaula og haft samband við lögreglu þegar ástæða þykir til, enda hækki iðgjöld við svikin. Heiðarlegir ökumenn borgi fyrir svik hinna óheiðarlegu.

„En það er afar erfitt að sanna þetta og kemur sjaldnast mikið út úr rannsókninni. Því miður er sönnunarstaðan oft erfið í þessum málum," segir hann. Allt sé þó gert til að koma í veg fyrir að greiða óheiðarlegum fyrir svikin.

Víða fyrirfinnist þetta vandamál, til dæmis telji tryggingafélög á Bretlandseyjum að aukning hafi orðið á þessum ásetningstjónum upp á síðkastið.

Nokkrir tjónaskoðunarmenn, sem rætt var við í gær, sögðu svipaða sögu. Tjónasvik kunni að vera fólki auðveld leið úr ógöngum, þegar það ráði ekki við afborganir. Ekki sé ólíklegt að þetta færist í aukana á næstunni.

klemens@frettabladid.is

Íslendingahátíð í Kanada:

## Maður myrtur af gengi í Gimli

**KANADA** 29 ára gamall maður var myrtur í Íslendingabænum Gimli í Kanada aðfaranótt sunnudags. Um 50 þúsund manns sækja nú Íslendingahátíð í bænum.

Að sögn sjónarvotta réðst árásarmaður aftan að manninum. Í kjölfarið komu fleiri að og tóku þátt í ofbeldinu. Sjónarvottur sagði að fimm manns hefðu ráðist á fórnarlambið, að því er fram kemur í Winnipeg Sun. Lögregla vill ekki gefa upp hvort nokkur hafi verið handtekinn.

Annað óupplýst andlát hefur varpað skugga á hátíðarhöldin. Þá fannst 35 ára gömul kona frá Winnipeg látin á bökkum stöðuvatns skammt frá Gimli á laugardag. Lögregla telur að hún hafi drukknað.

Íslendingahátíðin í Gimli er sú 119. í röðinni. Um 50 þúsund manns sækja hátíðina, að sögn Shelley Narfason, skipuleggjanda hennar. Allir viðburðir hátíðarinnar hafa gengið eftir áætlun, þrátt fyrir þessi atvik.

- sgj

Sveitarfélög á landinu:

## Vilja fjármagnstekjuskatt

**SKATTAMÁL Sveitarfélögin ættu að fá hluta fjármagnstekjuskatts í sinn hlut, að mati Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögu um slíka breytingu var vísað frá við gerð fjárlaga fyrir ári.**



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

**„Sveitarfélög þurfa að styrkja tekjustofna sína, verkefnum þeirra hefur fjölgað mikið," segir Halldór.**

**„Ríkisvaldið hefur fært rök fyrir því að með beinni yfirfærslu fjármagnstekjuskatts komi þetta þeim sveitarfélögum til góða sem síst þurfa á peningunum að halda. En þetta er bara útfærsluatriði að mínu mati," segir Halldór.**

- sgj






Ungir jafnaðarmenn á ferðalagi í Ísrael og Palestínu:

# Haldið á flugvelli í tæpa sjö klukkutíma

**ÍSRAEL** Íslendingunum Önnu Pálu Sverrisdóttur og Evu Bjarnadóttur var haldið á flugvellinum í Tel Aviv í Ísrael í tæpa sjö tíma og þær yfirheyrðar. Þær eru á ferðalagi í nafni ungra jafnaðarmanna í þeim tilgangi að kanna stjórnmálaumhverfið í Ísrael og Palestínu.

„Okkur líður vel núna," sagði Eva. „En þetta er svolítið skrítin móttaka. Við vissum ekkert af hverju okkur var haldið þarna og vitum það í raun ekki enn þá. Við þurftum aðstoð við að komast út."

Aðstoðina fengu þær hjá ræðismanni Íslands í Ísrael, en þær náðu í hann í gegnum neyðarlínu utanríkisráðuneytisins.

„Þau voru mjög afsakandi meðan þau voru að fara í gegnum dótið okkar, krefja okkur um lykilorðið að tölvunum okkar og leita á okkur. En undir lokin þegar þau fóru að krefja okkur upplýsinga sem við gátum ekki gefið urðu þau mjög köld og dónaleg. Við vorum þráspurðar út í Palestínumennina sem við ætluðum að hitta. Konan sem leitaði á okkur hótaði því beint að senda okkur úr landi ef við gæfum henni ekki upplýsingarnar."

Eva segir þær stöllur mega búast við frekari vandræðum við brottför úr landinu. Þær hitta ungliðahreyfingu Fatah á morgun. „Ástandið er miklu verra en við hefðum getað ímyndað okkur. Hér er ekkert ferðafrelsi. Þetta er nokkuð sem Íslendingar upplifa aldrei."

- kbs

Bill Clinton:

## Hefði viljað láta ýmislegt ósagt

**BANDARÍKIN, AP** Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, neitar að hafa sagt neitt um Barack Obama, sem túlka mætti sem kynþáttafordóma.

Hann segist þó gjarnan hafa viljað láta ýmislegt ósagt af því sem hann sagði í tengslum við baráttu Hillary, eiginkonu sinnar, og Baracks Obama um forsetaefnisútnefningu Demókrataflokksins. Clinton segist samt hafa reiðst því að fjölmiðlar hafi sýnt eiginkonu sinni meiri hörku en mótframbjóðanda hennar. Hann hafi þó aldrei verið reiður út í Obama.

- gb

# 6 bíóferðir og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir öllum símatilboðum Nova!

**2.000 kr.**
**notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir öllum símatilboðum hjá Nova!**




BÍÓKORT NOVA

**Komdu yfir til Nova, náðu þér í splunkunýjan síma og sjáðu nýjustu myndirnar í bíó – 6 sinnum!**

Bíókort fylgir öllum símatilboðum Nova í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is


DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 01.08.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,19 | 79,57 |
| Sterlingspund | 156,49 | 157,25 |
| Evra | 123,18 | 123,86 |
| Dönsk króna | 16,513 | 16,609 |
| Norsk króna | 15,398 | 15,488 |
| Sænsk króna | 13,051 | 13,127 |
| Japanskt jen | 0,7353 | 0,7397 |
| SDR | 128,17 | 128,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,7835
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björgunarsveit hjálpaði mönnum sem voru týndir og bensínlitlir við Eyjar:

# Á illa búnum hraðbát til Eyja

**LÖGREGLUMÁL** Björgunarfélag Vestmannaeyja aðstoðaði þrjá unga menn við að komast í land í Vestmannaeyjum seint á sunnudagskvöld. Mennirnir höfðu ætlað að sigla á litlum báti frá Þorlákshöfn til Eyja.

„Það var hringt í okkur rétt eftir miðnætti og okkur tjáð að það væri lítill bátur í vandræðum," segir Adólf Þórsson, formaður Björgunarfélags Vestmannaeyja. Honum var sagt að báturinn væri staddur nálægt eynni, „en væri ekki viss hvar og ekki með gps-tæki. Þar að auki væri hann bensínlítill og talsverður sjór í kringum hann." Félagar í Björgunarfélagi Vestmannaeyja voru ræstir út og átta menn fóru í björgunarbáti að finna mennina. Þeir voru komnir alveg upp að eyjunni og var fylgt í land. Þar tók lögregla á móti þeim og yfirheyrði þá. Þeim var að því loknu hleypt á þjóðhátíð.



**Í EYJUM** Mennirnir við komuna til Eyja. Björgunarsveit fylgdi þeim til hafnar þar sem lögregla tók á móti þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Mennirnir voru illa búnir til sjóferðar og enginn þeirra hafa verið í björgunarvesti. Bæði lögregla í Vestmannaeyjum og formaður björgunarfélagsins segja sjóför sem þessa stórhættulega. „Það hefði ekki mikið þurft að bera út af til að för þeirra yrði ekki lengri. Þetta er leikur sem á ekki að leika og við hefðum gjarnan viljað losna við svona æfingu rétt eftir brekkusöng á þjóðhátíð," segir Adólf.

- þeb

Óeirðir fyrir Ólympíuleika:

# Lögreglumenn myrtir í Kína

**KÍNA, AP** Sextán lögreglumenn voru myrtir í Kína í gær þegar tveir menn óku vörubíl inn í hóp skokkandi lögreglumanna og tóku að kasta heimatilbúnum sprengjum á hópinn.

Mennirnir tóku einnig upp hnífa og tókst að stinga í lögreglumenn. Að minnsta kosti sextán aðrir lögreglumenn voru særðir eftir átökin. Þetta gerðist í Xinjiang-héraði, þar sem íslamskir íbúar hafa lengi barist gegn kínverskum yfirráðum. Lögregla og herlið í Kína eru á varðbergi þessa dagana vegna Ólympíuleikanna, sem hefjast á föstudaginn.

- gb

## VERSLUNARMANNAHELGI

### Síldarævintýri á Siglufirði

Síldarævintýri fór fram á Siglufirði. Dagskránni þar lauk á sunnudagskvöld með varðeldi og flugeldasýningu á miðnætti.

### Fjölmargir á Neistaflugi

Fjölskylduhátíðin Neistaflug í Neskaupstað fór vel fram. Brekkusöngur var vel sóttur á sunnudagskvöld, en talið er að yfir fimm þúsund manns hafi verið samankomnir í honum.

### Vímulaust í Vatnaskógi

Vel á annað þúsund manns komu saman á Sæludögum í Vatnaskógi. Hátíðin, sem er fjölskylduhátíð og vímulaus, gekk vel.

### Tíu þúsund í Þorlákshöfn

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands fór fram í Þorlákshöfn. Um 1.300 unglingar á aldrinum 11 til 18 ára kepptu á mótinu, en gestir mótsins í heild voru um tíu þúsund.

### Áfengislaust í Fljótshlíð

Í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð fór fram Kotmót hvítasunnukirkjunnar. Þar voru á bilinu þrjú til fjögur þúsund manns um helgina. Hátíðin var áfengis- og vímuefnalaus.

### Þúsund manns í Hvalfirði

Í Hvalfirði var einnig vímuefnalaus hátíð, fjölskylduhátíð SÁÁ, en hún var haldin að Hlöðum í Hvalfirði. Hátt í þúsund manns komu þar saman.

## SAMGÖNGUR

### Gott veður við vegagerð

Vegagerð hefur gengið vel í sumar sökum lítilla veðurtafa vegna góðviðrisins, að sögn Rögnvalds Gunnarssonar, forstöðumanns framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar. Hann segir þó hátt verð á asfalti og olíu aðeins hafa dregið úr framkvæmdagleði.

## LEIÐRÉTTING

Askja er umboðsaðili fyrir Mercedes-Benz og Brimborg er umboðsaðili fyrir Mazda, en ekki Ræsir eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Enginn er formlegur umboðsaðili Smart-bíla.

# Metfjöldi var á þjóðhátíð

**Hátíðir helgarinnar gengu að miklu leyti vel fyrir sig. Sautján fíkniefnamál komu upp í Eyjum, þar sem mestur fjöldi var samankominn. Tvær konur leituðu á neyðarmóttöku á Akureyri vegna nauðgana.**

**VERSLUNARMANNAHELGIN** Nýliðin verslunarmannahelgi fór vel fram á flestum stöðum. Mestur mannfjöldi er talinn hafa verið í Vestmannaeyjum, þar sem um þrettán þúsund manns voru samankomin á sunnudagskvöld. Er hátíðin talin sú fjölmennasta hingað til.

Sautján fíkniefnamál komu upp í Eyjum yfir helgina þar sem fannst amfetamín, kókaín, kannabis og sýra, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Þá voru sex líkamsárásir kærðar til lögreglu um helgina en þær voru allar minniháttar. Nokkur þjófnaðarmál voru kærð og lögregla þurfti að hafa afskipti af þremur ungum mönnum sem sigldu frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Engar nauðganir hafa enn sem komið er verið tilkynntar í Eyjum. Flug lá niðri á milli lands og Eyja í um það bil sólarhring og leit út fyrir að þúsundir manna yrðu strandaglópar í Eyjum. Flug komst hins vegar á eftir hádegi í gær.

Á Akureyri var mikill fjöldi samankominn þar sem hátíðin Ein með öllu og allt undir var haldin. Hátíðin fór að mestu leyti vel fram og lítið bar á fíkniefnum að sögn lögreglu. Á sunnudagskvöld var maður fluttur á slysadeild eftir að hafa verið sleginn í andlitið með flösku. Einhverjir gistu fangageymslur lögreglu öll kvöld, en það var yfirleitt sökum ölvunar en ekki afbrota. Tvær konur hafa leitað á neyðarmóttöku vegna nauðgana en hafa ekki kært til lögreglu.

Í Reykjavík var svipaður fjöldi fólks og síðustu ár. Um fjögur þúsund manns voru á tónleikum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á sunnudagskvöld. Nokkuð var um ölvun og einhver fíkniefnamál komu jafnframt upp. Umferð til höfuðborgarinnar var róleg framan af degi en þyngdist talsvert þegar á leið.

thorunn@frettabladid.is



**Á ÞJÓÐHÁTÍÐ** Þessar vinkonur voru á meðal þeirra þrettán þúsund sem tóku þátt í hátíðarhöldunum í Vestmannaeyjum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**BREKKUSÖNGURINN** Árni Johnsen stýrði brekkusöngnum í ár líkt og síðustu ár. Um þrettán þúsund manns voru í Herjólfsdal og tóku undir með Árna á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**Í HERJÓLFSDAL** Þessir fimmmenningar höfðu það gott á tjaldsvæðinu í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**BÚNINGAKEPPNI** Þessir ísbirnir gengu á land í Eyjum en ólíkt þeim sem gengu á land fyrr í sumar voru þessir ekki skotnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**BÆJARSTJÓRINN Í BÚNINGI** Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, tók fullan þátt í þema helgarinnar. Þemað var áttundi áratugurinn og að sögn Margrétar Blöndal, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, voru allt frá börnum upp í fólk á sextugs- og sjötugsaldri í búningum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS


97,83%

FRÁBÆR ÁRANGUR!

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**SVALARA VEÐUR**
Hitinn á landinu er nú orðinn töluvert lægri en hann var í síðustu viku. Er helst að sjá að hitinn verði 5-10 stig norðan til næstu daga en 10-14 stig syðra. Vindur verður áfram hægur og horfur á að það létti til sunnanlands á fimmtudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 17° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 19° |
| París | 26° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Berlín | 22° |
| Alicante | 31° |
| Mallorca | 33° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 23° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| San Francisco | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.







Fíton/SÍA

# Haustboðinn ljúfi!

## Sala flugsæta fyrir næsta vetur er hafin

Vetraráætlun Iceland Express liggur nú fyrir og er sala á flugsætum fyrir næsta vetur hafin. Tryggðu þér flugsæti á betra verði til London, Kaupmannahafnar, Berlínar, Varsjár, Friedrichshafen eða Alicante.

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

» Verð frá:

**9.990 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar á hvern áfangastað.

» Börn:

**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express
með ánægju













www.icelandexpress.is

**KJÖRKASSINN**



*Ertu á móti heildstæðu umhverfismati fyrir stóriðju?*

| | |
|---|---|
| Já | 43% |
| Nei | 57% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sóttir þú skipulagða hátíð um verslunarmannahelgina?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Nóbelsskáldið Alexander Solzhenitsyn lést á sunnudaginn 89 ára gamall:

# Solzhenitsyn jarðaður í Moskvu

**RÚSSLAND** Alexander Solzhenitsyn lést á sunnudag, 89 ára að aldri. Solzhenitsyn fékk verðlaun Nóbels árið 1970 fyrir störf sín en með skrifum sínum fletti hann hulunni af gúlag, fanga- og vinnubúðum Stalíns og öðrum hrottafengnum aðferðum kommúnista í Rússlandi. Sjálfur eyddi hann átta árum í fangabúðum fyrir meinta óvirðingu í garð Stalíns. Einnig eyddi hann góðum hluta ævinnar í útlegð.

Solzhenitsyn var lærður stærðfræðingur og sagði hann í nóbelsræðu sinni að sú menntun hefði líklega bjargað lífi sínu. Eftir hann liggur fjöldi verka, sjálfsævisöguleg, skáldverk, ljóð, leikrit og söguskoðanir. Í viðtali við Spiegel í júlí á síðasta ári sagðist hann ekki hræðast dauðann. Hann sagðist ekki sjá á eftir neinu, þrátt fyrir að hafa mátt þola margar raunir um dagana.

„Að sjálfsögðu hafa skoðanir mínar þróast með tímanum,“ sagði Solzhenitsyn. „En ég hef alltaf haft trú á því sem ég hef verið að gera og aldrei gert nokkuð þvert á eigin samvisku.“

Kona hans, Natalja, sagði hann hafa fengið þann dauðdaga sem hann vildi, heima hjá sér að sumri. Jarðarför hans fer fram í Moskvu á morgun. - kbs



**NÓBELSSKÁLD** Alexander Solzhenitsyn lést á heimili sínu á sunnudaginn.

Aðgerðir gegn glæpum:

# Berlusconi kallar út hersveitir

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra á Ítalíu, hefur fengið því framgengt að þúsundir hermanna eru sendir út á götur borga landsins til að berjast gegn glæpum.

Aðgerðin er partur af öryggisviðbúnaði, sem einnig felur í sér hertar reglur um ólöglega innflytjendur, sem margir Ítalir telja tengjast glæpastarfsemi.

Þjóðþing Ítalíu samþykkti aðgerðirnar, sem eiga að standa yfir í hálft ár. Gagnrýnendur segja herværðingu borganna aðeins til þess fallna að vekja ótta almennings. - gb


Sumarferð Samfylkingarinnar

á Snæfellsnes laugardaginn 16. ágúst

Öll fjölskyldan er velkomin í skemmtiferð Samfylkingarinnar á Snæfellsnes. Dásemdir þjóðgarðsins undir Jökli verða kannaðar undir traustri leiðsögn Skúla Alexanderssonar. Deginum lýkur með glæsilegri grillveislu í Röstinni á Hellissandi.

Miðar eru seldir á skrifstofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1, Reykjavík, fram til 13. ágúst. Tekið á móti pöntunum í síma 414 2200 eða á netfangið *sumarferd@samfylking.is*

**Allir með!**



Golfmót Samfylkingarinnar

Vífilsstaðavelli fimmtudaginn 28. ágúst

Leikið verður eftir Greensome-kerfi. Ræst út frá kl. 14–16. Skráning fyrir 27. ágúst á ***www.golf.is*** eða í síma 414 2200.

Nánari upplýsingar um sumarferðina og golfmótið er að finna á heimasíðu Samfylkingarinnar, ***www.samfylking.is***

Samfylkingin


# Telja bankakreppu ekki vofa yfir Íslandi

**Breska viðskiptablaðið Financial Times segir ársfjórðungsuppgjör íslensku bankanna slá á áhyggjur manna af fjármálakreppu hérlendis. Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, segist aldrei hafa átt von á neinu hruni.**

**EFNAHAGSMÁL** Áhyggjur fólks af yfirvofandi bankakreppu á Íslandi hafa minnkað eftir að stóru viðskiptabankarnir þrír kynntu ársfjórðungsuppgjör sín í síðustu viku. Þetta er mat breska viðskiptablaðsins Financial Times.

Hagnaður Kaupþings minnkaði um fjörutíu af hundraði á öðrum fjórðungi ársins, hagnaður Landsbanka minnkaði um þrjú prósent og Glitnis um tuttugu prósent. Í grein Financial Times sem birt var á sunnudag segir að uppgjör bankanna sýni fá merki um að bankakreppa sé yfirvofandi á Íslandi, þrátt fyrir að vissulega hafi harnað á dalnum.



**SIGURJÓN ÁRNASON**

Blaðið segir að fólk hafi óttast hrun íslenska bankakerfisins í kjölfar alþjóðlegrar lánsfjárkreppu. Útrás bankanna hafi verið fjármögnuð að mestu með lánsfé sem nú sé af skornum skammti. Þessar áhyggjur hafi svo þrýst skuldatryggingarálagi bankanna upp í um 1.000 punkta. Uppgjör bankanna sýni hins vegar að ekki hafi verið ástæða til að örvænta.

„Það er gott að einhver er að skrifa jákvætt um ástandið til tilbreytingar,“ segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans. Hann segir að skuldatryggingarálagið hafi verið of hátt og ekkert samhengi hafi verið milli þess og stöðu íslensku bankanna.

„Það er þyngra undan fæti heldur en verið hefur, en við áttum ekki von á neinu hruni,“ bætir Sigurjón við.

Financial Times bendir á að vaxtatekjur bankanna hafi aukist verulega að undanförnu, eiginfjárstaða þeirra sé góð og fjármögnun hafi verið tryggð fyrir næsta ár. Hins vegar hafi afskriftir aukist verulega, sem bendi til að lánasafn bankanna sé ekki jafn tryggt og það var áður.

steindor@frettabladid.is



**LANDSBANKINN** Financial Times telur að íslenskt fjármálalíf geti staðið af sér yfirstandandi þrengingar.

> Það er gott að einhver er að skrifa jákvætt um ástandið til tilbreytingar.
>
> **SIGURJÓN ÁRNASON** BANKASTJÓRI LANDSBANKANS

Kennslustofur í Korpuskóla eru heilsuspillandi, að sögn foreldraráðs:

# Börnin læra í mygluðum húsum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Börnin koma heim dag eftir dag með hausverk eða veikindi í hálsi,“ segir Ævar Örn Ævarsson, formaður foreldraráðs Korpuskóla í Grafarvogi. Foreldrar segja að fjórar bráðabirgðabyggingar við skólann séu sýktar og heilsuspillandi.

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir líffræðingur gerði úttekt á byggingunum fyrir foreldraráð í júní. Þar kemur fram að eldri byggingarnar eru með viðvarandi raka og fúkkalykt. Í sýnum úr byggingunum greindust myglusveppir og bakteríur í miklu magni.

„Foreldrar hafa hringt og sagt okkur frá veikindum barnanna sinna,“ segir Ævar. „Við vissum um nokkur tilfelli, en þetta virðist vera víðtækara en við gerðum okkur grein fyrir.“

Foreldrarnir lýsa fullri ábyrgð á hendur borgaryfirvöldum. „Við viljum að borgin komi með varanlega lausn í þessu máli sem ekki er heilsuspillandi. Það fara engin börn inn í þessi fjögur hús aftur,“ segir Ævar.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkur, stöðvaði í gær viðgerðir á húsunum. Hann ætlar að fara yfir ábendingar foreldranna ásamt borgarstarfsmönnum í dag.

Guðrún Hjálmdís Hjálmarsdóttir, móðir fjórtán ára drengs í skólanum, hefur haft samband við lögfræðing vegna málsins. Sonur hennar hefur glímt við öndunarerfiðleika og höfuðverki, sem hún telur mega rekja til mengunarinnar í skúrunum. - sgj



**KORPUSKÓLI** Foreldrar munu ekki senda börn sín aftur í heilsuspillandi húsnæði, segir formaður foreldraráðs.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

# Hæsta einkunn

## Margmiðlunarundur frá Dell fyrir námsmenn á öllum aldri

intel® Core™2 Duo inside™

Do More





Úrval af mynstrum og litum



Media Direct™



Innbyggt geisladrif



Wi-Fi Catcher™



HDMI tengi



ExpressCard ™ tengi



8-í-1 minniskorta lesari



Möguleiki á 2 MP vefmyndavél

## Ný Inspiron™ 1525

Nýjasti Intel örgjörvinn tryggir örugga þráðlausa tengingu og frábæra spilun á margmiðlunarefni

### INSPIRON™ 1525 insp1525#6

- Intel® Celeron® örgjörvi 550 (2,0GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1280x800)
- 1,5GB minni
- 80GB harður diskur, 5400rpm
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**89.900 kr.**

3.675 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

### INSPIRON™ 1525 insp1525#7

- Intel® Pentium® Dual-Core örgjörvi T2390 (1,68GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1280x800)
- 2GB minni
- 120GB harður diskur, 5400rpm
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**109.900 kr.**

4.437 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

### INSPIRON™ 1525 insp1525#8

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Premium
- 15,4" Widescreen TrueLife skjár (1440x900)
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**139.900 kr.**

5.580 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

* FYRIRVARAR:
Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

DELL™ YOURS IS HERE

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

www.volkswagen.is

Volkswagen kynnir nýjar leiðir til að spara umtalsverðar fjárhæðir.

NAME Volkswagen Passat

Þú færð Passat fyrir aðeins 44.750 kr á mánuði*




NAME Volkswagen Polo

Þú færð Polo fyrir aðeins 24.950 kr. á mánuði*




Fíton / SÍA

80% lán í að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum sparneytnu bílum á mögnuðum kjörum. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

**Volkswagen Passat**
Verð áður ~~3.570.000 kr.~~
Verð nú **3.355.000 kr.**
*Sjálfskiptur Passat Comfortline Plus 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

**Volkswagen Polo**
Verð áður ~~1.990.000 kr.~~
Verð nú **1.875.000 kr.**
*Beinskiptur Polo Comfortline 1,4 kostar nú aðeins 24.950 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.

Das Auto.

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

Ísraelar beita veika Palestínumenn á Gazaströnd óvenjulegum þrýstingi:

# Vilja njósnir fyrir lækningu

**ÍSRAEL, AP** Undanfarið ár hafa Ísraelar neitað veiku fólki frá Gazaströnd, sem þarf að komast til Ísraels til lækninga, um inngöngu í landið nema það stundi njósnir fyrir Ísrael í staðinn.

Þetta fullyrða samtökin Læknar í þágu mannréttinda, sem hafa sent frá sér 80 blaðsíðna skýrslu um málið. Í skýrslunni er skýrt frá 32 dæmum um þetta framferði ísraelsku leyniþjónustunnar Shin Bet, sem neitar þó að hafa gert neitt þessu líkt.

Fréttastofan AP ræddi við tvo þeirra sjúklinga sem fjallað er um í skýrslunni. Annar þeirra, Waheidi að nafni, er smám saman að missa sjónina, en kýs heldur að verða blindur en að veita Ísraelum upplýsingar í skiptum fyrir þá lækningu sem honum annars stæði til boða í Ísrael.



**EREZ-LANDAMÆRASTÖÐIN** Síðan Hamas-samtökin tóku völdin á Gaza fyrir rúmu ári er þessi landamærastöð sú eina sem opin er. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hinn heitir Abu Obeid, 38 ára verkamaður, sem árum saman hefur reglulega farið til Ísraels vegna hjartasjúkdóms. Settur var í hann hjartagangráður en þegar hann sótti um að fá að fara til Ísraels í gangráðseftirlit var honum neitað á landamærunum vegna þess að hann vildi ekki gefa upplýsingar um nágranna sína og ættingja.

Hann segir að landamæravörður hafi gert sér tilboð: „Hann sagði: nú skulum við semja, þú gefur mér upplýsingar, og ég geri þér auðvelt að komast til Ísraels.“ **- gb**



**SKERÐING** Eldri borgarar sem litlar eða engar tekjur hafa úr lífeyrissjóði eiga rétt á uppbót frá og með nýliðnum mánaðamótum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þriðjungur eftir af uppbót eldri borgara

**Lítið stendur eftir af uppbótargreiðslum eldri borgara eftir að skattar og skerðing á öðrum bótum hafa verið teknar með í reikninginn. Hámarks uppbót er 300 þúsund krónur á ári, en dæmi er um að aðeins 95 þúsund komi í vasann.**

**FÉLAGSMÁL** Nýtilkomin uppbót á eftirlaun þeirra sem ekki fá greiðslur um lífeyrissjóð skerðir almennar greiðslur frá Tryggingastofnun. Í dæmi sem Fréttablaðið hefur skoðað standa um 95 þúsund krónur eftir af 300 þúsund króna uppbót eftir skatta og frádrátt.

Eiginmaður fatlaðrar konu sem aldrei hefur getað unnið sökum örorku segir stjórnmálamenn mikla sig af því að bæta kjör aldraðra og öryrkja, en lítið standi eftir þegar upp sé staðið annað en svik og lygi.

Konunni barst í vikunni bréf frá Fjársýslu ríkisins, sem heldur utan um greiðslur vegna uppbótarinnar. Þar er reiknað út hvernig greiðslur til hennar munu breytast með tilkomu uppbótar á eftirlaun.

Uppbótin sjálf er 300 þúsund krónur. Frá henni eru dregnar 109.260 krónur vegna „tekna og annarra lækkana“. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins er þar um að ræða staðgreiðslu skatta. Konan hafði engar tekjur aðrar en hefðbundinn ellilífeyri frá ríkinu.

Í gær barst konunni svo bréf frá Tryggingastofnun þar sem fram kom að almennar bætur hennar muni skerðast vegna uppbótarinnar. Eiginmaður hennar segir starfsmann TR hafa reiknað út að skerðingin verði um 8.000 krónur á mánuði, 96 þúsund krónur á ári.

Uppbót upp á 300 þúsund krónur færir því konunni 94.740 krónur í vasann á ári, 7.895 krónur á mánuði. Óskertar hefðu 300 þúsund krónur hækkað tekjurnar um 25 þúsund krónur á mánuði. Um þriðjungur stendur því eftir af uppbótinni.

Um átta þúsund króna uppbót vegur að auki lítið upp í um 17 þúsund króna skerðingu á tekjum konunnar á mánuði eftir að hún hætti að fá örorkubætur og fór að fá ellilífeyri í staðinn.

Ekki náðist í félagsmálaráðherra, né þá starfsmenn félagsmálaráðuneytisins sem þekkja til uppbótargreiðslanna, við vinnslu fréttarinnar. **brjann@frettabladid.is**

### LÖGIN MIÐA VIÐ 300 ÞÚSUND KRÓNUR

*Í lögum um uppbót á eftirlaun segir:*

„Uppbót á eftirlaun einstaklinga sem uppfylla skilyrði 2. greinar skal ákvarða þannig að frá því sem á vantar að eftirlaun þeirra úr lífeyrissjóðum nemi að meðaltali 25.000 krónur á mánuði, eða 300.000 krónur á ári miðað við heilt ár, skal draga eigin tekjur eins og nánar er kveðið á um í 5. grein. Þeir sem engan rétt eiga til eftirlauna hjá lífeyrissjóði skulu njóta sambærilegra réttinda.“

Ólafur F. segir ljóst að grænn borgarstjóri láti sig mengun í Tjörninni varða:

# Meirihluti taki til í eigin garði

**REYKJAVÍK** „Það lítur út fyrir að meirihlutinn sem kennir sig við grænar áherslur verði að taka til í garðinum heima hjá sér,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri.

Mengun í Reykjavíkurtjörn er langt yfir viðmiðunarmörkum eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir helgi. Bæði fundust sjúkdómsvaldandi saurgerlar og þungmálmar í tjörninni.

„Þetta kemur ekki á óvart þar sem ég hef tekið eftir því að ekki er sérlega hreint um að litast á yfirborði tjarnarinnar næst Ráðhúsinu,“ segir Ólafur.

Ólafur segir ljóst að grænn borgarstjóri hljóti að láta sig mengun í Tjörninni varða. „Það er ekki hægt að sitja hjá aðgerðalaus heldur grípa bæði til forvarnar- og hreinsunaraðgerða,“ segir Ólafur.

Komið hafa fram tillögur um að moka mengaðasta lagið af botni tjarnarinnar, koma fráveitu skólps í betra horf og endurheimta hágróður í tjörninni að sögn Ólafs.

„Einnig hefur komið til umræðu að hætta að gefa fuglunum brauð,“ segir Ólafur. „Við gerum okkur þó grein fyrir því að það er viðkvæmt mál fyrir suma borgarbúa þannig að það verður skoðað betur.“ **- ht**



**ENDUR FÁ BRAUÐ** Til greina kemur að hætta brauðgjöf til fugla á Reykjavíkurtjörn þar sem í ljós hefur komið að mengun tjarnarinnar er langt yfir viðmiðunarmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# NÝ SUMARTILBOÐ



## Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

| Swissflex 145 | Verð áður | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 299.900 | **169.900** |
| 180x200 | 309.900 | **179.900** |

| Proflex | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 279.900 | **259.900** |
| 180x200 | 299.900 | **279.900** |

| Scape | Verð | Tilboð |
|---|---|---|
| 160x200 | 479.900 | **459.900** |
| 180x200 | 499.900 | **479.900** |



## Sofia rúmstæði með náttborðum

fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

## Fataskápur

Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

**20%** afsláttur af
hlífðardýnum og lökum
við dýnukaup




**10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum**



**Glænýtt tilboð**
**COAST svefnsófi**
Tilboð **46.080.-**
Verð áður 76.800.-




**Visco-X með botni og fótum**
Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900



**COE leður-rúmstæði**
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900




AKUREYRI

**Svefn & heilsa** ★★★★★




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150** www.svefn.is
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**



**SKRAUTLEGUR Í MEXÍKÓBORG** Þessi skrautlegi maður lét sig ekki vanta á útigöngu gegn hommahræðslu, sem efnt var til í Mexíkóborg um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hjólreiðamenn vilja stíga við Miklubraut

**Aðalvarðstjóri umferðardeildar segir að hjólreiðar og bílaumferð eigi illa saman. Landssamtök hjólreiðamanna gagnrýna að ekki séu lagðir hjólastígar við Miklubraut en Gísli Marteinn segir að ekki sé hægt að gera allt í einu.**

**UMFERÐIN** „Við myndum fagna reiðhjólastígum til að skilja að reiðhjól og bílaumferð. Það er okkar skoðun og kannski einhver framtíðarmúsík,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir lögregluna ekki líta svo á að hjólreiðar passi vel inni á akreinum hraðskreiðrar bílaumferðar, heldur fari best á því að þessu sé haldið aðgreindu.

Önnur ástæða til að hafa sérstakan stað fyrir hjólreiðar væri að það einfaldaði stöðu hjólreiðafólks, að vissu leyti.

Landslög skilgreina hjólreiðafólk sem ökumenn í einni lagagrein, en það nýtur réttar gangandi vegfarenda í annarri. Þeir eru beggja vegna borðs. Guðbrandur rekur þetta til þess að eitt sinn var litið á reiðhjól sem leiktæki barna: „En nú eru þetta samgöngutæki fullorðins fólks.“

Landssamtök hjólreiðamanna hafa ályktað að þau harmi að „ekki skuli vera gert ráð fyrir hjólreiðabraut með aðgreindum stefnum í tengslum við lagningu forgangsakreinar á Miklubraut, sem nú er í vinnslu“.

„En það hefur aldrei verið viðlíka átak gert í uppbyggingu hjólreiðastíga í höfuðborginni eins og við erum að gera núna,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og samgönguráðs.

„Hjólreiðamenn sóttust eftir því að vera á forgangsakrein strætisvagna á Miklubraut, en Strætó lagðist gegn því, enda ekur hann þar á miklum hraða,“ segir Gísli.



**FORGANGSAKREIN STRÆTÓS VIÐ MIKLUBRAUT** Hjólreiðafólk hefur gagnrýnt að hafa hvorki fengið inni á þessari akrein, né hafi sérstök akrein fyrir hjólreiðamenn verið lögð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

Spurður hvers vegna ekki hafi verið lagðir hjólastígar utan forgangsakreinanna, minnir Gísli á að til standi að leggja Miklubrautina í stokk. „Og þá verða hjólreiðastígar á yfirborðinu, ásamt forgangsakreinum strætós.“

Unnið sé að öðrum leiðum milli austur- og vesturhluta borgarinnar. „Og við erum að setja stíga út um alla borg en það kemur ekki allt í einu, því miður.“

Þá bendir Gísli á að hjólreiðafólk sé „alltaf inni í myndinni“ þegar götur eru endurnýjaðar eða lagðar. Ekki sé í öllum tilfellum hægt að fara eftir vilja Landssamtaka hjólreiðamanna en hann efist ekki um að þau verði ánægð með verkin sem nú eru unnin í borginni.

klemens@frettabladid.is

Radovan Karadzic:

## Sakar fjölmiðla um nornaveiðar

**HOLLAND, AP** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, segir engar líkur til þess að réttarhöldin yfir sér verði sanngjörn. Til þess verði andrúmsloft í fjölmiðlum alltof andstætt sér.



**RADOVAN KARADZIC**

Þetta segir hann í fjögurra blaðsíðna yfirlýsingu, sem hann hugðist lesa upp þegar hann kom í fyrsta sinn fyrir dómara stríðsglæpadómstólsins í Haag á fimmtudag.

Lesturinn var stöðvaður, en þess í stað var yfirlýsingin birt á vefsíðum dómstólsins. - gb



**KAMAL NATH** Viðskiptaráðherra Indlands. NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúa Indverja í Genf:

## Vel fagnað við heimkomuna

**INDLAND, AP** **Viðskiptaráðherra Indlands, Kamal Nath, var vel fagnað þegar hann kom heim frá hinum árangurslitlu Doha-viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Genf í síðustu viku.**

**Víða um heim er hann litinn hornauga fyrir að hafa átt meiri þátt í því en flestir aðrir að samningar skuli ekki hafa tekist, nú sjö árum eftir að fyrst var hafist handa við viðræðurnar.**

**Heima á Indlandi eru flestir hins vegar stoltir af sínum manni. Jafnt bændur sem iðnjöfrar telja hann hafa unnið mikið afrek, og Bandalag viðskipta- og iðnráða Indlands afhenti honum fagran blómvönd í þakklætisskyni.** - gb

**ÍTALÍA**

### Ítalir staðfesta ESB-samning

Þjóðþing Ítalíu hefur einróma staðfest nýjan sáttmála Evrópusambandsins um breytingar á helstu stofnunum þess. Þá hafa 23 af 27 aðildarríkjum sambandsins samþykkt samninginn. Tékkland, Pólland og Svíþjóð hafa enn ekki staðfest hann, en á Írlandi var samningurinn felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu.



FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




*Tryggðu þér eintak!*

TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 12 daga*

* skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsíminn er **512 7575** | heimur

Verslunarmannahelgin búin:

## Hvað kostar að hreinsa tjald?

Þá er skrallið búið og tjaldið líklega óhreint. Kannski kveiktirðu bara í því eða hentir í gáminn í Herjólfsdal. En kannski áttu gott tjald og vilt nú hreinsa úr því óæskileg lífsýni. Flest tjöld má setja í þvottavél svo framarlega þau komist í þvottavélina. Ef það er of stórt má tala við efnalaugarnar, til dæmis strákana hjá Úðafossi. Þeir taka tjaldhreinsun að sér ef það er ekkert leður í hornunum á tjaldinu. Þeir myndu setja tjaldið þitt í miðstóra vél og taka 3.990 kr. fyrir að hreinsa það. Í Hamraborginni í Kópavogi er Hreint og klárt sem hreinsa tjöld úr tjaldvögnum. Það kostar 5.000- kall.



**TJALD** Það má hreinsa.



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

**FBL-GREINING:** EMBÆTTI FORSETA ÍSLANDS

## *Kosið beinni kosningu*

Forseti Íslands er æðsti embættismaður Íslands og embættið er það eina sem kosið er til með beinni kosningu.

**Hvenær varð embættið til?**

Embættið var stofnað við lýðveldistökuna, 17. júní 1944. Núverandi forseti er fimmti maðurinn til að gegna embættinu.

**Hverjir eru forsetar Íslands frá upphafi?**

Fyrsti forseti lýðveldisins var Sveinn Björnsson, sem gegndi embættinu til ársins 1952. Hann lést í embætti og Ásgeir Ásgeirsson tók við embættinu hálfu ári síðar. Hann gegndi embættinu til ársins 1968. Kristján Eldjárn var forseti til ársins 1980, þegar Vigdís Finnbogadóttir tók við. Hún var fyrsta konan sem var lýðræðislega kjörinn þjóðhöfðingi í heiminum og gegndi embættinu til ársins 1996. Ólafur Ragnar Grímsson tók við embætti forseta Íslands 1. ágúst 1996 og hóf síðastliðinn föstudag fjórða kjörtímabil sitt í embættinu.

**Hverjar eru skyldur forseta Íslands?**

Forsetinn er handhafi framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins ásamt Alþingi. Samkvæmt stjórnarskrá lætur hann ráðherra framkvæma vald sitt og er þar með ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum.

Forsetinn setur Alþingi og staðfestir öll lög sem þingið setur. Geri hann það ekki öðlast lögin engu síður gildi, en þá verður að leggja þau sem fyrst undir þjóðaratkvæði, og fella þau úr gildi falli atkvæði á þann veg. Handhafar forsetavalds hér á landi í fjarvist hans eru forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar. Þeir staðfesta lög ef forsetinn er ekki á landinu.

Forsetinn tekur á móti erlendum þjóðhöfðingjum og fer sem fulltrúi landsins í móttökur á vegum erlendra þjóðhöfðingja.



**Hverjir geta boðið sig fram til embættis forseta Íslands?**

Samkvæmt stjórnarskrá og lögum um framboð og kjör forsetans verður frambjóðandi að vera minnst 35 ára. Hann verður að uppfylla skilyrði um kjörgengi til Alþingis, til dæmis hafa óflekkað mannorð.




**FRÉTTASKÝRING:** Umhverfisbætur Orkuveitunnar á Hellisheiði

# Hundrað þúsund tonn af jarðvegi í gamla gíga

**Landsmótunar- og uppgræðsluverkefni Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði mun ekki hafa verið reynt áður á Íslandi. Jarðvegur, sem féll til við gerð Hellisheiðarvirkjunar, er nýttur til að endurgera upprunalega gígaröð á svæðinu, sem hafði verið raskað mjög síðustu áratugi. Einnig er reynt að fá staðargróður til að vaxa, þar sem hann hefur mátt víkja fyrir vegagerð og öðru. Verkefnið gæti alls kostað um 300 milljónir.**



**FYRIR VIÐGERÐ** Í marga áratugi hafa landsmenn sótt sér efni úr gígaröðinni og var einn þeirra svona útlítandi áður en verkefnið hófst. MYND/ORKUVEITAN

Þetta er allt saman eitt stórt tilraunasvæði, þótt grunnurinn byggist á margvíslegri reynslu víðs vegar að úr þjóðfélaginu, segja forsvarsmenn Gígahnjúksverkefnisins, þau Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri Orkuveitunnar, og Herdís Friðriksdóttir, skógfræðingur og verkefnisstjóri.

Verkefnið skiptist helst í uppgræðslu og landslagsmótun. Uppgræðslan felst í því að fá staðargróður, íslenskar plöntur og mosa, til að vaxa á röskuðum svæðum. Þetta er gert í samstarfi við Landbúnaðarháskólann og er tilraunastarfsemi. Gekk tilraunin vel þar til nýlega að óprúttnir aðilar skemmdu allt að tveggja ára vísindastarf.



**SAMI GÍGUR, EFTIR VIÐGERÐ** Nú er verið að setja gjall í sárið og víkjandi grasplöntur. Á næsta ári verður gróðri bætt í blönduna og þá hörfar grasið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Landbúnaðarvísindi

Tilraunin felst í því að skikar lands eru merktir og ástand jarðvegs og gróðurs skráð. Svo er beitt margvíslegum aðferðum til að koma gróðrinum til á skikunum. Eftir það er framvindan skoðuð og skráð árlega. Þannig er vonast til að finna, með tíð og tíma, bestu aðferðina til að rækta upp staðargróður.

Að lokum verða gerðar tilraunir með að setja niður landnámstrjáplöntur, svo sem loðvíði og gulvíði. Að þessu starfa nú einir fimmtán sumarstarfsmenn, mest þó við hefðbundna landgræðslu.

Kristinn viðurkennir að auðveldara væri að nota framandi plöntur og ágengari, en ákveðið hafi verið að vernda það gróðurfar sem var á svæðinu og vinna þannig í sátt við náttúruna.

„Þetta er sá gróður sem á heima í hrauninu og fólk vill sjá hann þar,“ segir Kristinn.

### Aftur til 1950

Gígahnjúksverkefnið snýst þó öðru fremur um að endurgera gígahnjúka austan við Reykjafell. Síðan um 1950 hefur verið tekið efni úr gígunum, möl og gjall. Þegar starfsmenn Orkuveitunnar hófust handa við Hellisheiðarvirkjun blöstu við þeim opin sár í landslaginu. Til að loka þeim hefur þurft að moka einum 100.000 tonnum af jarðvegi í gígana.

„Við vorum að skoða svæðið og Gunnar Hjartarson umhverfisverkfræðingur fékk þessa hugmynd að nýta þann jarðveg sem til féll vegna framkvæmdanna og reyna að bæta aðeins fyrir syndir feðranna,“ segir Kristinn.

Þrátt fyrir þennan mikla mokstur vantar enn efni upp á. Gígahnjúkurinn nær ekki upprunalegri stærð og gæti munað allt að þremur metrum. Ekki verður farið í þessa hæð en kollur hnjúksins hefur verið endurgerður eins og hann birtist á loftmyndum frá sjötta áratugnum. Engar venjulegar ljósmyndir hafa fundist af gígunum.



**KRISTINN OG HERDÍS** Stýra fimmtán manna hópi sumarstarfsmanna á Hellisheiði og er verkefnið unnið í samvinnu við Landbúnaðarháskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Sókn eftir upprunanum

Einnig eru gamlir vegir og vegslóðar huldir og færðir í upprunalegt form. Má segja að nágrenni vegarins sé endurritað og fært yfir á veginn. Gröfumaður byrjar á því að raska veginum svo jörðin líkist landslagi hrauns. Síðan kemur vinnuhópurinn með móðurplöntur úr nágrenninu og gróðursetur á nýja svæðinu með ákveðnu millibili.

Móðurplönturnar fella svo fræ í kringum sig, sem verða að nýjum plöntum og innan fárra ára verður ekki séð að vegur hafi legið í gegnum landið.

Sóknin eftir upprunalegu útliti er svo mikil að Orkuveitan lætur jafnvel rífa upp gróna slétta bletti og rótar í þeim þangað til þeir ójafnast og falla fullkomlega að landslaginu.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

## BYLTING Í HUGSUN

Kristinn garðyrkjustjóri segir framkvæmdirnar til marks um breyttan tíðaranda. Bylting hafi orðið í umhverfishugsun á síðustu árum.

„Það er almenn vakning alls staðar. Fólk er farið að taka meiri þátt í umræðu um náttúruna og jafnvel í fermingarveislum er fólk með skoðanir á til dæmis vegagerð og býr yfir mun meiri þekkingu en áður,“ segir hann.

Í gamla daga hafi til dæmis sumarbústaðaeigendur komið til bústaða- eða landslagshönnuða og fengið ráðgjöf, helst viljað láta þá hanna allt frá a til ö. Nú komi eigendur og láti framkvæma sinn vilja.

„Og þetta verður hugsað allt öðruvísi í framtíðinni. Þessi kostnaður sem fer í þetta verkefni verður þá talinn lítill,“ segir Kristinn.

Herdís tekur í sama streng og rifjar upp að þegar Hellisheiðarvirkjun var teiknuð upp, hafi hún verið gerð eins áberandi í landslaginu og hægt var.

„Svoleiðis yrði aldrei gert í dag. Við gerð Hverahlíðarvirkjunar og hugsanlega Bitruvirkjunar verður leitast eftir því að fella sem mest inn í landslagið og hafa neðanjarðar,“ segir Kristinn.

# Útsalan í fullum gangi

## 15-60% afsláttur af öllum vörum




Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood
heima
Öndvegi

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

Panasonic 32” sjónvarp – Verð áður kr. 119.995 – Nú kr. 79.995
Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar ofl. frá kr. 995
Pottar og pönnur með 25% afslætti

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido

SJÓNVÖRP BÍLTÆKI
DVD SPILARAR FERÐATÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

TSALA
R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN RAKVÉLAR HELLUBORÐ
RYKSUGUR

Þvottavélar og þurrkarar með miklum afslætti
Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
Örbylgjuofnar – Verð frá kr. 5.995

Opið á laugardögum 10–16

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA INDESIT VESTFROST Whirlpool

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nauðganir um verslunarmannahelgi:

# Draumurinn rættist ekki þetta árið

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Skelfilegasti fylgifiskur hverrar verslunarmannahelgar eru tilkynningar til lögreglu og Stígamóta um nauðganir. Eftir þessa helgi hafa þegar borist fregnir af konum sem leitað hafa til bráðamóttöku vegna nauðgana. Það er miður að ekki skuli vera hægt að halda annars skemmtilegar samkomur án þess að ofbeldi komi þar við sögu.

Það var vel tímasett áminning að nú um verslunarmannahelgina bárust fregnir af því að íslenskum stjórnvöldum hafi verið birt tilmæli nefndar Sameinuðu þjóðanna um að vinna betur gegn kynjamisrétti á Íslandi. Þessi nefnd hefur það að starfa að fylgjast með að alþjóðasamningi um afnám mismununar gagnvart konum sé framfylgt. Helstu tilmæli nefndarinnar að þessu sinni snúa að ofbeldi gagnvart konum og hvernig betur sé hægt að verja konur gegn heimilis- og kynferðisofbeldi.

Meðal þess sem nefnt er sem áhyggjuefni er ósamræmi á milli fjölda rannsakaðra mála í kynferðisbrotamálum og þess fjölda mála sem leiða til ákæru og dóms. Ef miðað er við ársskýrslu Stígamóta frá því í fyrra er þó einungis lítið brot af kynferðisbrotamálum sem eru kærð. Á síðasta ári voru það tæplega þrettán af hverjum hundrað málum sem voru kærð til lögreglu. Þá má gera ráð fyrir að ekkert sé vitað um enn fleiri kynferðisbrotamál, þar sem hvorki sé leitað til lögreglu né samtaka eins og Stígamóta.

Ekki er langt síðan hæstaréttardómari hélt því fram að svo virtist sem dómarar hefðu snúið við sönnunarfærslu í nauðgunarmálum; að sakaðir menn þyrftu að sanna sakleysi sitt, en fengju ekki að búa við það eins og aðrir að vera saklausir þar til sekt sannaðist. Meðal þess sem hæstaréttardómarinn gagnrýndi var að kölluð væru til vitni sem fórnarlambið treysti og höfðu ekki annað fram að færa en lýsingu fórnarlambsins á ofbeldisverkinu. Meðal þeirra sem ekki væri því hægt að kalla til vitnis væru sérfræðingar eins og áfallasérfræðingar og sálfræðingar sem aldrei gætu sagt til með vissu hvort áfallið tengdist þeim sem sakaður væri um ofbeldið.

Þetta álit hæstaréttardómarans er í samræmi við umdeilt sérálit hans í einum dómi Hæstaréttar í nauðgunarmáli. Álit hæstaréttardómarans gengur í raun þvert gegn tilmælum nefndar Sameinuðu þjóðanna, því ef því væri fylgt að fella niður sjálfstætt gildi sérfræðinga væri enn ólíklegra en nú er að dómar myndu falla í nauðgunarmálum. Ef sönnunarbyrðin væri aukin; með áherslu á vitni og áverkavottorð, er líkegt að annars vegar myndi mun minni hluti mála sem rannsakaður væri leiða til ákæru og dóms. Hins vegar yrði það ólíklegra að nauðgunarmál yrðu kærð þar sem kærur myndu ekki leiða til neins.

Taka þarf tillit til eðlis nauðgunarmála, þar sem enginn er til vitnis. Miðað við þann fjölda mála sem rannsökuð eru og ekki leiða til ákæru, auk þeirra mála sem leiða til sýknu, má gera ráð fyrir að réttarkerfið hafi ekki snúið sönnunarbyrðinni við í kynferðisbrotamálum. Frekar virðist það vera sem svo að fullerfitt sé að koma kynferðisbrotamálum fyrir dómara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Djúpstæður ágreiningur

Ákvörðun Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra um að senda álversframkvæmdir á Bakka í heildstætt umhverfismat hefur varpað ljósi á djúpstæðan ágreining milli stjórnarflokkanna og innan Samfylkingarinnar sjálfrar. Ljóst er að þingmenn Samfylkingar í Norðausturkjördæmi, Einar Már Sigurðsson og Kristján Möller, styðja byggingu álvers í kjördæminu. Það gerir einnig Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra. Formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, styður ákvörðun Þórunnar, þó að skoðanir hennar á sjálfri framkvæmdinni séu enn á huldu. Umhverfisráðherra hefur lýst sig andsnúna álveri á Bakka og álveri í Helguvík. Bygging þeirra beggja væri brot á skuldbindingum Íslendinga í Kyotobókuninni. Á sama tíma er þorri sjálfstæðismanna fylgjandi álverunum. Næst einhvern tímann sátt um málið milli þessara flokka og innan þeirra?



### Íslenska ákvæðið

Enn er því ósvarað hvernig ríkisstjórnin leyfir Þórunni að beita sér í komandi viðræðum um nýja alþjóðlega loftslagssamninga. Ráðherra hefur lýst sig andvíga sérstöku „íslensku ákvæði" um rýmri heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Geir Haarde forsætisráðherra sagði hins vegar á Alþingi að hann vildi knýja fram frekari undanþágur fyrir losun. Af því tilefni sagði Þórunn að ríkisstjórnarflokkarnir ættu eftir að ná sátt um málið. Er það ekki borin von eins og staðan er?

### Ómari um að kenna

Össur varð í júní með undirritun viljayfirlýsingar um byggingu álvers á Bakka eitt helsta andlit stóriðjustefnunnar. Annað hljóð var í honum tveimur dögum eftir kosningar 2007, þegar hann harmaði framboð Íslandshreyfingar og úrslit kosninganna á bloggsíðu sinni. Þar sagðist hann „slá því föstu að Ómar Ragnarsson [væri] maðurinn sem [hefði] tryggt áframhald stóriðjustefnunnar".

steindor@frettabladid.is



# Einu sinni á ári



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Verslunarmannahelgin

Ég þekki stúlku á sextánda ári sem hefur hlakkað til þess í mörg ár að fara í fyrsta sinn á þjóðhátíð í Eyjum. Líkast til hefði það orðið í ár ef fjölskylda hennar hefði ekki ákveðið að fara saman á sólarströnd í júlílok. Fólk á öllum aldri fær glampa í augun þegar brekkusöngurinn í Herjólfsdal ber á góma og mun fólksfjöldi á þessari vinsælu sumarhátíð aldrei hafa verið meiri en um nýliðna helgi.

Um verslunarmannahelgina gleðjast menn saman á hátíðum um allt land. Unga fólkið sækir í fjörið og frelsið en fullorðið fólk fremur í fjölskyldusamkomur. Frídagur verslunarmanna er fyrir löngu orðinn frídagur allra landsmanna. Hann var fyrst haldinn hátíðlegur fimmtudaginn 13. september árið 1894, en skömmu áður hafði verið tilkynnt á félagsfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur að allir kaupmenn í Reykjavík og verslunarstjórar stærri verslana hefðu boðist til að gefa starfsmönnum sínum frídag til að þeir gætu skemmt sér. Á þessum árum var vinnudagurinn og vinnuvikan almennt lengri en nú tíðkast og því skynsamlegt þegar ákveðið var að hafa þetta frí á mánudegi. Þrjátíu og sjö árum frá fyrsta frídegi verslunarmanna var formlega ákveðið að halda hann jafnan fyrsta mánudag í ágústmánuði. Þessi fríhelgi lengist síðan árið 1972 þegar 40 stunda vinnuvika er lögfest, en það er ekki fyrr en 1983 sem frídagur verslunarmanna verður almennur frídagur.

Mismunandi hughrif fylgja lögbundnum frídögum hér á landi. Eftirvænting og tilhlökkun fyrir jól og áramót er annars konar en fyrir verslunarmannahelgi. Sumardagurinn fyrsti, 17. júní og 1. maí hreyfa við ólíkum kenndum. En fyrir utan að rífa okkur upp úr hversdagslífinu, minna þessir dagar okkur á vissan hátt á hver við erum og hvers vegna.

*Fólk á öllum aldri fær glampa í augun þegar brekkusöngurinn í Herjólfsdal ber á góma og mun fólksfjöldi á þessari vinsælu sumarhátíð aldrei hafa verið meiri en um nýliðna helgi.*

**Inda frænka**

Skilningur og skoðanir koma til manns með ýmsum hætti. Ein af mörgum happasendingum í mínu lífi var Inda móðursystir mín. Glæsilegt heimili hennar var eins og vel rekið fyrirtæki, en hlýlegt og afar smekklegt. Á morgnana var tekið til, þrifið og þvegið og eldaður hádegismatur fyrir mann og börn, réttir sem enn eru í minnum hafðir. Eftir hádegi skipti hún um föt og farðaði sig. Var fín, vel tilhöfð og smekkleg. Leit kannski í blöðin en var annars alltaf að. Maður varð aldrei var við að hún lægi yfir heimsmálum eða bókmenntum, en væri slíkt til umræðu kom hún manni á óvart með því að vera inni í ótrúlegustu hlutum. Hún var ekki endilega að viðra skoðanir sínar í tíma og ótíma en þegar það var gert voru það engin ræðuhöld. Kannski ein setning. Einhverju sinni þegar ég var á gelgjuskeiðinu var ég heima hjá henni að undirbúa mig fyrir teiti með vinum mínum á gamlárskvöld. Hún stóð í eldhúsinu sínu í hvítum slopp yfir síðdegiskjólnum og straujaði, en ég var fyrir framan spegil í ganginum við hurðina inn í eldhús. Mér líkaði ekki það sem við blasti í speglinum og var með einhverja vanstillingartakta. Inda brosti yfir þessum látum og spurði hvort mikið lægi við. Ég stillti mér upp í dyrunum í umvöndunarstellingum og sagði með áherslu og yfirlæti æskunnar: „Gamlárskvöld er nú ekki nema einu sinni á ári, Inda!"

– „Það er enginn dagur nema einu sinni á ári, Ninna mín," sagði hún rólega, meðan hún renndi straujárninu fumlaust yfir línið.

**Dagur í senn**

Það voru auðvitað engin tíðindi fyrir mig að enginn dagur kæmi tvisvar. Það vita allir.

En sem ég stóð þarna skildi ég þetta allt í einu, og það getur verið talsverður munur á því að vita og skilja. Alls konar ráðleggingarbókmenntir brýna okkur til að lifa í núinu. Góður vinur minn um sjötugt sagði við mig fyrir nokkrum dögum að hann hefði verið að átta sig á því að hann hefði aldrei verið með hugann við það líf sem hann var að lifa þá stundina. Alltaf við viðfangsefni morgundagsins. Aldrei notið augnabliksins til fulls. Þetta væri áleitið umhugsunarefni.

Hinir lögskipuðu tilhlökkunardagar ársins krydda tilveruna. Fólk er yfirleitt fyrirfram ákveðið í að það verði gaman um verslunarmannahelgi og á gamlárskvöld. Ef okkur tækist að kveikja á eftirvæntingu fyrir deginum fram undan árið um kring væri miklu oftar gaman. Það er nefnilega misskilningur að hversdagslífið sé hversdagslegt. Þar er uppspretta gleðinnar.

# Gott hjá Þórunni, en …

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson skrifar um álver á Bakka



ÖGMUNDUR JÓNSSON

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur fengið lof fyrir þá ákvörðun sína að fram skuli fara heildstætt umhverfismat fyrir alla þætti sem snúa að því að reisa álver á Bakka við Húsavík. Áður hafði ráðherrann fengið gagnrýni fyrir að láta ekki slíkt mat fara fram á samsvarandi framkvæmd í Helguvík á Reykjanesi.

Hvort tveggja, lofið og gagnrýnina, tek ég undir. Að sjálfsögðu er annað fráleitt en að fram fari mat á því samtímis hverjar afleiðingar það hefði fyrir umhverfið að reisa verksmiðju, virkja orkuna til að knýja hana og flytja rafmagnið frá virkjun til verksmiðju. Enda þótt almennt sé viðurkennt að þetta séu eðlileg vinnubrögð, þá hefur það ekki farið framhjá neinum að hörðustu virkjunarsinnum þyki slæmt að slík heildstæð skoðun fari fram – tala um ónauðsynlegar tafir.

Samráðherrar Þórunnar, bæði úr Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu, lýsa því yfir að álver verði byggt á Bakka hvað sem tautar og raular. Bera í besta lagi í bætifláka fyrir umhverfisráðherra með því að segja að Þórunn sé að sinna nauðsynlegum formsatriðum. Gagnrýnin á umhverfisráðherra þykir mér ekki byggja á haldbærum rökum.

En hvers vegna efasemdarfyrirvarinn sem ýjað er að í fyrirsögn þessa greinarkorns?

Á umhverfisráðherranum sjálfum er nefnilega svo að skilja að heildstætt umhverfismat muni ekki breyta neinu, að í huga hennar sjálfrar sé fyrst og fremst um formsatriði að ræða, sbr. eftirfarandi ummæli í Sjónvarpsfréttum 1. ágúst um þessa ákvörðun: „Það þýðir auðvitað að það bætast við einhverjar vikur, mánuðir í ferlinu en fyrir svo stórt verkefni sem í raun á að líta dagsins ljós árið 2012 líklega, þá skipta nokkrar vikur eða mánuðir á þessari stundu ekki öllu máli."

Þarna tel ég hins vegar að stóriðjusinnar hafi nokkuð til síns máls þegar þeir segja að heildstætt mat valdi töfum og auki á óvissu; óvissu um að álver verði reist á Bakka. En það er jákvætt í augum okkar sem teljum frekara umhverfisrask í þágu fjölþjóðlegra álrisa hið mesta glapræði. Einnig í efnahagslegu tilliti.

*Höfundur er alþingismaður.*

**SÁRSAUKALAUST SÓLSKIN**
Sólarexem lýsir sér í roða og bólum sem klæjar í en útfjólubláir geislar sólarinnar eru taldir orsaka það. Ýmsum aðferðum er hægt að beita til að hindra að þetta vandamál blossi upp.
HEILSA 2




**AUGNAYNDI Í ELDHÚSINU**
Hönnuðurinn Jens Veerback heldur úti heimasíðu sem hann helgar brauðristasafninu sínu.
HEIMILI 3
















Sólrún Reginsdóttir hugar að heilsunni með því að stunda hestamennsku, lyfta lóðum, hlaupa og synda svo fátt eitt sé nefnt.
FRÉTTABLAÐ/STEFÁN

# Heilsan í hávegum höfð

***Sólrún María Reginsdóttir stundar fjölbreytta hreyfingu til að halda heilsunni í lagi.***

„Hestar eru aðalmálið þessa dagana, en ég hef stundað hestamennsku með hléum alveg frá sextán ára aldri og finnst það mjög gaman. Ég á það til að gleyma mér uppi í hesthúsi heilu og hálfu dagana,“ segir hesta- og útivistarkonan Sólrún María Reginsdóttir, sem hreyfir sig mikið til að halda heilsunni í lagi.

„Ég hjóla venjulega í og úr vinnunni og finnst ég mun hressari fyrir vikið,“ segir hún. „Þegar heim er komið ákveð ég svo hvað ég ætla að gera. Það fer alfarið eftir því hvernig mér líður. Stundum er ég þreytt og þá finnst mér best að taka mið af því; fer þá bara út að ganga eða hjóla og hlusta á góða tónlist, slaka á og reyni jafnvel að rífa orkuflæðið upp. Aðra daga er maður hressari og þá tek ég líka vel á því.“

Þar fyrir utan gengur Sólrún, hleypur, fer á línuskauta, syndir og lyftir lóðum. „Svo var ég að prófa golf um daginn og við vinkonurnar ætlum að skella okkur í tíma til golfkennara til að ná undirstöðuatriðunum,“ segir hún hress í bragði.

Sólrún segist reyna að sameina hreyfingu og skemmtan. „Þar af leiðandi tengi ég hreyfingu við eitthvað sem mér finnst jákvætt, ekki átök. Þá geri ég það sem líkaminn minn hefur orku og úthald í þá stundina.“

Hollt og gott mataræði er líka liður í að halda heilsunni í lagi að sögn Sólrúnar. „Ég passa upp á að borða fjölbreytta fæðu og mikið af ávöxtum og reyni að sneiða hjá öllum mjólkurmat. Ég á engan sérstakan nammidag; borða nammi og kökur ef mig langar í, en ég geri það í hófi og þá helst fyrripart dags. Á kvöldin er mér meira umhugað um það sem ég læt ofan í mig. Borða þá minna af sætindum og helst ekkert eftir klukkan 19.30.“

*sigridurp@frettabladid.is*



**Hot.is** er vefur aðallega ætlaður þeim sem stunda líkamsrækt og vilja geta fylgst með mataræði sínu og árangri. Á síðunni getur fólk skráð inn hvað það borðar og séð næringarinnihald fæðunnar.



# Réttur stuðningur

***Mikilvægt er að konur noti réttan stuðningsbrjóstahaldara í líkamsrækt.***



Flestir brjóstahaldarar veita aðeins stuðning við hliðarhreyfingum brjóstanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Háskólinn í Portsmouth á Englandi gerði nýverið könnun sem sýndi að lélegur stuðningur brjóstahaldara getur leitt til slits og sigs.

Rannsóknarteymi við háskólann prófaði fimmtíu tegundir brjóstahaldara á hundruðum kvenna yfir þriggja ára tímabil. Við mikla hreyfingu kom í ljós að flestir brjóstahaldarar styðja aðeins við hliðarhreyfingar brjósta, ekki á meðan þau hreyfast upp og niður.

Sýnt þótti að konur velja oft ólíka haldara til íþróttaiðkunar og daglegrar notkunar. Margar virtust halda að brjóstahaldarar sem farið er í yfir höfuðið veiti besta stuðninginn. Rannsóknin sýndi hið gagnstæða. „Konur vilja ákveðna tegund brjóstahaldara og eru tregar að breyta til,“ segir Wendy Hedger, einn meðlimur rannsóknarteymisins. Hún bendir á að konur velji líka oft ranga brjóstahaldara til að ganga í daglega, sem valdi óþægindum og jafnvel verkjum.

Þá er mikilvægt að muna að lögun brjósta breytist á lífsleiðinni, einkum eftir brjóstagjöf og tíðahvörf. Velja þarf brjóstahaldara í takt við það. Sjá www.bbc.co.uk. *-kka*

## Flókið púsluspil

Breskir sérfræðingar rannsökuðu nýverið 3.000 börn á aldrinum átta til ellefu ára og komust að því að börn með offitugen eiga þrátt fyrir ólíkan bakgrunn sameiginlegt að borða reglulega yfir sig og eiga í erfiðleikum með að greina það þegar þau verða södd. Jane Wardle, ein þeirra sem stóð að rannsókninni, segir málið flóknara en svo að allir með genið þjáist sjálfkrafa af offitu. Þeir séu þó í áhættuhóp. „Þetta fólk er viðkvæmt fyrir skyndibitamenningunni sem þróast hefur í hinum vestræna heimi,“ segir hún. „Það eru líka önnur gen en offitugenið sem ýta undir matarlyst og þyngdaraukningu. Saman hafa þau veruleg áhrif. Þetta er flókið púsluspil en með þessari rannsókn höfum við náð að setja saman fyrstu tvö púslin,“ segir Wardle. **- kka**





Fólki með ljósa húð er hættara við sólarexemi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skuggahlið sólarinnar

***Fólki á norðlægum slóðum er hætt við sólarexemi sem lýsir sér með roða og bólum sem klæjar í. Best er að reyna að verja sig fyrir sólargeislunum, en sé exemið komið á annað borð eru sterar eina lausnin.***

„Sólarexem er frekar algengt á norðlægum slóðum þar sem sumrin eru fremur stutt og mikið um fólk með ljósa húð,“ segir Steingrímur Davíðsson, húðsjúkdómalæknir hjá Húðlæknastöðinni Smáratorgi. „Á vissum svæðum glíma allt að 20 prósent við þetta vandamál en á suðlægari slóðum er það fátítt. Talið er að orsök exemsins sé sú að útfjólubláir geislar sólarinnar breyti prótíni í húðinni þannig að ofnæmi myndast,“ útskýrir Steingrímur og bætir við að húðgerð og erfðir hafi mikið að segja um hvort ofnæmi komi fram.

Sólarexem lýsir sér með roða og kláðabólum sem oft mynda klasa eða jafnvel smáblöðrur. Útbrotin koma yfirleitt fram nokkrum klukkutímum eftir útiveru í sól en geta þó komið eftir nokkrar mínútur og vara í nokkra daga.

Steingrímur segir ungar konur oft þjást af þessu vandamáli og segir mögulega skýringu að þær leiti frekar í sólina en karlar. Hann segir vandamálið yfirleitt koma fyrst fram á fyrri hluta ævinnar og að ekki sé óalgengt að sjá það hjá börnum og unglingum. Það geti þó einnig komið fram síðar á ævinni.

„Algengast er að sólarexem komi á staði sem sólarljósið nær auðveldlega til, svo sem á bringu, handleggi og eyru. Exemið hegðar sér þannig að það er oft mest áberandi á vorin þegar sólin fer að skína á fólk fer að vera meira úti. Svo þegar húðin fer að taka lit myndast vörn og þá lagast vandamálið en endurtekur sig yfirleitt að ári,“ útskýrir Steingrímur.

En hvað er til ráða? „Í fyrsta lagi er mikilvægt að verja húðina með fatnaði og vera ekki of lengi í sólinni í einu. Sumir hafa gagn af því að nota sólarvörn en þá þarf hún að vera sterk og innihalda bæði vörn gegn A- og B-geislum sólar því misjafnt er hvaða geislum fólk er viðkvæmt fyrir.“

Fái fólk slæmt sólarexem segir Steingrímur steratöflur eða sterasprautur duga best en á vægari tilfelli er hægt að nota sterakrem.

Hann segir að ekki virðist meiri hætta á húðkrabbameini hjá þeim sem hafa fengið sólarexem en að fólki með ljósa húð sé hættara við hvoru tveggja.

*vera@frettabladid.is*

HEYRNARÞJÓNUSTAN
HEYRN




heyra allt skýrt
skynja allt rétt
upplifa lífsins gildi

Samefling gerir gæfumuninn

Nýju ReSound Ziga heyrnartækin eru samefld þannig að þau skila meiru en nemur samanlagðri virkni þáttanna sem í þeim eru.

Með Ziga geturðu vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt vegna þess að þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög þægileg og hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans.

Fáðu ReSound Ziga til reynslu í nokkra daga, nánari upplýsingar á www.heyrn.is

Byrjaðu sem fyrst að njóta sameflingar! Tímapantanir 534-9600



ziga ReSound

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

„Aldrei verið hressari!“






Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005

Fæst í apótekum og heilsubúðum.

Original Arctic Root

Ein vinsælasta lækningajurt heims

Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

Vinnur gegn streitu og álagi

Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.

Original Arctic Extract

heilsa –hafðu það gott

**Skúffur** geta stundum verið stífar og erfitt að draga þær út. Til að leysa vandamálið er hægt að bera vax eða sápu á hliðarnar.





Þessi breska rist frá Clem er sérstök í laginu. Frá hlið lítur hún út eins og eldflaug.



Falleg brauðrist frá fyrirtækinu HMV.



Þessi skemmtilega rist frá Siemens lítur út eins og lítil handtaska.

MYND/ÚR SAFNI TOASTER MUSEUM

# Ristir sem eru augnayndi

***Hægt er að skoða brauðristir frá upphafi tuttugustu aldar á heimasíðunni www.toastermuseum.com.***

Margir álíta brauðrist aðeins nauðsynlegt eldhúsáhald sem hefur lítið fegurðargildi. Þýski hönnuðurinn Jens Veerback er þó á öðru máli en hann heldur úti mjög skemmtilegu brauðristasafni á netinu. „Það er ótrúlegt á hversu marga vegu hægt er að útfæra verknaðinn að rista brauð. Ég var dolfallinn yfir hugmyndaauðgi hönnuða við gerð brauðrista og sæki innblástur í hönnunina á hverjum degi,“ segir Jens þegar hann útskýrir tilurð safnsins.

Jens hefur safnað ristum hvaðanæva úr heiminum og kaupir margar þeirra á eBay. Á heimasíðu hans, www.toastermuseum.com, má finna brauðristir allt frá upphafi tuttugustu aldar ásamt lýsingu á þeim og sögu. *mariathora@frettabladid.is*



Þýsk rist frá Epeha sem er mjög sjaldgæf.



Frönsk brauðrist frá miðri síðustu öld.



Rist frá þriðja áratug síðustu aldar gerð úr postulíni.






SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

# BÍLAR & FARARTÆKI

100 bílar.is bílasala



Cadillac CTS-V, árg 2006. Ek 7 þús. km, 6 gíra, Leður, DVD, Bose, 400 HÖ, Topplúga, 18" felgur, Einn með öllu!!! Ásett Verð 5890 þús.kr

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu







Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.




Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Húsaberg 550 '06 Ek. 20 klst. 1000 þkm. Á hvítum númerum. Nánast eins og nýtt. Verð. 690 þ. S. 587 7777.

Sjálfsk Mazda 6 til sölu v/flutninga skráður 12 '05 .Ek 54þ km. 2000 vél. Sumar- og vetrardekk á felgum.Uppl S:8664935

## 0-250 þús.



Renault Megané árg98 ek 133þ, 1.4 vél, s+v dekk og dráttarkúla, V.170þ S:697-6556

## 250-499 þús.



Pajero 1993 V6 3000 sjálfsk.ek.218þ.km mjög snyrtilegur bill .Góð dekk, cruise control. verð 275þús.uppl í s.8488831

## 2 milljónir +




Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Opel Astra OPC '07 fæst á yfirt. + 150 þús, listav. 2.990.000 verð að losna við vegna flutnings til útlanda. S. 820 0621.

## Bílar óskast

Óska eftir litlum nýlegum sendibíl. Vöruskipti. Uppl. í síma 863 9360.

## Jeppar




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



**1.500.þ í afslátt 100%**
Til sölu Range Rover Disel Árg 2003 ek 102.þ km einn með öllu umboðsbíll ásett verð 5.990.000. Lánið er ca.4.500. þ og er í erl. mynt afb. 74.þ uppl í 844 0542.

Fyrirtæki óskar eftir íbúð í gönguf. við miðbæ Rvk, til leigu f. fornleifafr. í ca.1ár. með/án húsg. Uppl. sendist á ljosleidir@hive.is og s.863-8099

## Pallbílar




Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

## Vörubílar



Til sölu Scania 420G, árg. '04. Ek. 87 þ.km. 750 pallur. Gámalásar, styttur og dráttarstóll undir palli. Pallfinger 72 tonn, metra m/spili, 7 í vökva. Jybbi m/ 6 í vökva og yfirbeygju. Uppl. í s. 897 2289

**FLUTNINGAVAGNAR**
Alorka útvegar bæði nýja og notaða vagna og vörukassa sem standast kröfur flutningsaðila. Einnig vörukassa með WINGLINER opnun. ALORKA, s. 577 3080, www.alorka.is

## Húsbílar

**www.caravan.is**
Húsbílaleiga á Íslandi. Uppl. í s. 822 1920 & 899 4161.

## Mótorhjól



Til Sölu Harley Davidson Sportster XL 1200, árg.06'. ek. 3900 mph. V. 1.150 þ. stgr. Uppl. í S. 693 2625.



Til sölu Boss Hoss V-8 350 Chevrolet árg. '04. Uppl. í s. 897 2289.

## Hjólhýsi

Kojuhús Hobby 500 kmfe 2006 Lítið notað eins og nýtt verð 1.9m s 8221974

Til sölu fellihýsi, Coleman Chienne, breytt og hlaðið aukabúnaði. Vantar Hobby hjólhýsi m. kojum. 4823533-8979448-8993533

## Fellihýsi

www.fellihysaleigan.is S. 899 4161 & 822 1920 og á opet@opet.is

Coleman taos '99 lítið notað mjög vel með farið m/fortjaldi nýr geymir 490þ s8672002 & 8460006

## Vinnuvélar




## Bátar

Trilla óskast í skiptum fyrir 2 millj. kr. mótorhjól. má vera dýrari/ódýrari. skoða allt. s. 8955332 eða ellertv@simnet.is

## Bílaþjónusta






**Eldsneytis Sparari!**
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS

## Varahlutir



**Vélar ehf. Vatnagarðar 16**
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla.

Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

www.bilapartar.is

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar ehf. S: 868 5599

**Vy-þrif ehf.**
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

## Garðyrkja







Tökum að okkur stærri og smærri verk. Traust og alhliða þjónusta. VALDÍS S. 846 0864 (SLÁTTUR + BEÐAHREINSANIR), HÖRÐUR MÁR S. 897 0951 (ÖLL ÖNNUR VERK). Sláttumenn




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.










**Sólpallar**
Viltu flottan sólpall? Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 15 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 697 9660, Ólafur.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




**Múrum og málum !**
**Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s.661-7000**

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

**Búslóðaflutningar !**
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og & aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Ódýrasta eldsneytið í dag
Umhverfið í framsætið
METAN
metan.is

# Sparneytnir bílar

ÞRIÐJUDAGUR 5. ÁGÚST 2008




NORDICPHOTOS/GETTY



# Áfram frítt í stæði

Ökumenn svokallaðra visthæfra bíla hafa nú fengið frítt í bílastæði í Reykjavík í rúmt ár, sem er liður í verkefninu Græn skref á vegum Reykjavíkurborgar. Síðasta laugardag var eitt ár liðið frá því að verkefninu var hrint af stað.

„Verkefnið hefur gengið mjög vel,“ segir Ellý Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, spurð um hvernig til hafi tekist. „Stefnan er því að halda áfram með þetta verkefni en ókeypis er í öll gjaldskyld bílastæði í Reykjavík, níutíu mínútur í senn, fyrir eigendur visthæfra bíla.“

Að sögn Ellýjar er þetta liður í fyrrnefndum Grænum skrefum Reykjavíkurborgar sem miða að umhverfisvænni hegðun. „Þetta er partur af því að hvetja fólk til að fá sér frekar visthæfan bíl,“ útskýrir hún og bætir við að munurinn á vistvænum og visthæfum bílum sé sá að þeir vistvænu gangi fyrir umhverfisvænni orku. „Þar af leiðandi er ekki útblástur koltvíoxíðs frá þeim. Visthæfir bílar eru aftur á móti það eyðslugrannir að þeir eru innan markanna sem við miðum við. Þar er horft til staðla sem sænska vegagerðin hefur gert um eyðslu bíla, en þeir eru mismunandi eftir því hvort um bensín-, dísil- eða bíl með öðrum orkugjafa er að ræða.“

- mmf



Ellý Katrín Guðmundsdóttir keyrir sjálf visthæfan bíl og segir það góðan og þægilegan ferðamáta.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# Vélfang kynna Steinbauer

Tengja og aka



Aukið afl og sparnaður á eldsneyti

STEINBAUER

Steinbauer byggir á tölvutækni sem er tengd við inngjafatölvu vélarinnar (einnig við spíssa í Common rail vélum) og breytir eldsneytisblöndunni og gerir hana kraftmeiri ásamt að breyta opnunartíma. Með því að auka kraft vélarinnar fer hún auðveldara með þau störf sem hún erfiðaði með fyr og sparar því umtalsvert eldsneyti, Fljót og auðveld ísetning, hægt að aftengja án nokkurra breytinga hvenær sem er.

**Dæmi um aukið afl véla:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Scania DC12** | | | |
| Óbreyttur: | 309 kW | 420 BHP | 2100 NM |
| Steinbauer: | 371 kW | 505 BHP | 2520 NM |
| **Nissan Patrol GR** | | | |
| Óbreyttur: | 118 kW | 160BHP | 380 NM |
| Steinbauer: | 142 kW | 193 BHP | 456 NM |
| **Valtra 6550** | | | |
| Óbreyttur: | 77 kW | 105BHP | 440 NM |
| Steinbauer: | 96 kW | 131 BHP | 550NM |
| **Fiat Ducato 2.0** | | | |
| Óbreyttur: | 62kW | 84 BHP | 192 NM |
| Steinbauer: | 75 kW | 102 BHP | 230 NM |

VÉLFANG – VERKIN TALA

VR 2007 · VR 2008

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is



Tengiltvinnbíllinn Tesla er fjórar sekúndur í hundraðið. Hann er hægt að keyra um 500 til 600 kílómetra á hleðslunni og tekur ekki nema einn til tvo tíma að fullhlaða hann aftur.

# Ör þróun undanfarin ár

**Ör þróun hefur orðið í framleiðslu svokallaðra „vistvænna bíla“ og sparneytinna bensín- og dísilbíla á undanförnum árum og þá sérstaklega eftir að olíuverð tók að hækka.**



VW Polo er sparneytnasti bíllinn í Evrópu og eyðir einungis 3,8 lítrum á hundraði.

Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB-blaðsins og FÍB-vefjarins, segir hækkun olíuverðs að vissu leyti blessun því aðrir orkugjafar hafi aldrei verið jafn mikið rannsakaðir og undanfarin ár.

Fólk leggur þó mismunandi skilning í hugtakið vistvænn bíll en almennt eru bílar sem nota til dæmis rafmagn, metan og vetni taldir til vistvænna bíla þar sem þeir valda mun minni gróðurhúsaáhrifum en bensín- og dísilbílar. Allir bílar valda þó mengun og aðeins er hægt að spyrja sig hve mikil hún er.

Þá er til fjöldi sparneytinna bensín- og dísilbíla og eyðir WW Polo, sparneytnasti díseilbíllinn í Evrópu, einungis 3,8 lítrum á hundraði en dísilbílar nýta orkuna betur en bensínbílar. Aðrir bílar koma fast á hæla hans og er Fiat 500, sem eyðir 4,2 lítrum á hundraði, eftirsóttastur í Evrópu að sögn Stefáns.

Svokallaðir tvinnbílar ganga bæði fyrir rafmagni og bensíni og hlaðast rafhlöðurnar við bremsun. Þeir henta vel í innanbæjarakstri en eyða síður minna en hefðbundnir bílar í utanbæjarakstri að sögn Stefáns. Tengiltvinnbílar eru síðan handan við hornið en það eru tvinnbílar sem búið er að breyta þannig að hægt er að stinga þeim í samband auk þess sem rafhlaðan hefur verið stækkuð. Þeir skipta ekki yfir í bensín fyrr en rafmagnið klárast og eru til dæmis mjög góðir til innanbæjarnotkunar.

„Vandinn við rafmagnsbílana, sem hafa verið til frá því í byrjun 20. aldar, hefur hingað til verið að geyma rafmagnið en það er að breytast. Nú eru til dæmis að koma fram bílar eins og Tesla-sportbíllinn sem er fjórar sekúndur í hundraðið. Hann er hægt að keyra um 500 til 600 kílómetra á hleðslunni og tekur ekki nema einn til tvo tíma að fullhlaða hann aftur,“ útskýrir Stefán.

Metanbílar eru venjulegir bensínbílar með gasgeymi. „Samkvæmt alþjóðasamningum á að brenna metan svo að það fari ekki út í andrúmsloftið og fyrst hægt er að virkja það er upplagt að brenna það til einhvers gagns,“ segir Stefán en metan losar minna Co2 en bensín.

Stefán segir langt í að vetnisbílar komi á almennan markað því eins og er tapist of mikil orka við framleiðslu vetnis.

- ve

# Gamansögur í bílnum

„Markmiðið var að keyra minna í og úr vinnu,“ segir Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, en í júní hélt fyrirtækið vikulangt umhverfisþing þar sem fólk var hvatt til að finna nýjar leiðir til að komast í og úr vinnu. „Mynduð voru lið sem hvert hafði sinn máta á því að koma sér í vinnu. Fjölmörg lið skráðu sig og svo fékk eitt þeirra að lokum sæmdarheitið umhverfislið bankans ásamt smáverðlaunum.“


Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, fyllti bíl sinn af samstarfsfólki og keyrði það til vinnu á umhverfisþingi í júní. MYND/STEFÁN

Sumir gengu, aðrir hjóluðu og enn aðrir fylltu bíl sinn af samstarfsfólki og var Benedikt einn þeirra. „Ég lagði af stað vestast í Vesturbænum og þræddi svo miðbæinn og sótti fólk. Það myndaðist mjög góð stemning í bílnum og fólk kjaftaði og sagði gamansögur.“

Benedikt segir fyrirtækið hafa áhuga á að endurtaka umhverfisþingið enda höfðu flestir mjög gaman af þessu. „Menn skiptust á frásögnum um það sem viðkomandi lið var að gera og líðleg umræða spannst á innranetinu okkar.“

Starfsmannastjóri Kaupþings, Svali Björgvinsson, á heiðurinn að umhverfisþinginu. Þessi hugmynd um að deila með sér bílferðum er þó ekki ný af nálinni og finnast ýmsar erlendar heimasíður þar sem fólk getur parað sig saman í bíla án þess að þekkjast neitt. Sem dæmi má nefna hollensku síðuna www.carpulling.hyves.nl, eina vinsælustu heimasíðu landsins, en yfir fimm milljónir meðlima eru skráðir og tveir milljarðar skoða síðuna á mánuði.

- mþþ

SIMPLY CLEVER

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# FJÖLSKYLDUBÍLLINN SEM EYÐIR SVO MIKLU MIKLU MINNA

**Skoda Octavia 1,9 TDI® - 4,9 lítrar á hundraðið**
Skoda Octavia er vandaður og ríkulega útbúinn verðlaunabíll í fullri stærð með pláss fyrir alla fjölskylduna og rúmgott farangursrými. Nýja TDI® dísilvélin skilar miklu og jöfnu afli og býr yfir frábærum akstureiginleikum (einnig fáanlegur með bensínvél). Skoðaðu Skoda Octavia - bílinn sem eyðir svo miklu miklu minna.

**Allir kaupendur Skoda Octavia fá frítt fyrir fjölskyldu sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í eitt ár.**




Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA



Byrjað var að hanna tvinnbíla fyrir um 30 árum hjá Toyota.

MYND/TOYOTA

# Fyrstur til landsins

„Fyrstu bílarnir komu á götuna seint árið 2001 og seldust þá fimm bílar. Árið 2007 seldust 96 bílar og 47 bílar hafa selst það sem af er árinu 2008,“ segir Jón Óskar Halldórsson, sölustjóri Toyota á Íslandi, um Toyota Prius sem er fyrsti tvinnbíllinn sem kom til landsins.

Jón Óskar segir tölurnar sýna að salan hafi aukist verulega milli ára. „Það sem er hamlandi í sölunni er að við höfum ekki fengið nóg af bílum, því eftirspurnin er svo sannarlega til staðar. En á það má benda að Primusinn markaði upphafið að þróun bíla með umhverfismarkmið, sem eitt af aðaláherslunum. Aðrir framleiðendur eru að feta í fótspor Toyota í þeim efnum.“

Toyota Prius er fyrsti tvinnbíllinn sem kom á markað en byrjað var að hanna kerfið fyrir um 30 árum. „Þá hófst Toyota handa við að finna upp kerfi sem myndi menga minna og eyða minna bensíni, sem á sér stað til dæmis við hemlun. Útkoman, tvinnkerfið, samanstendur af rafmótor og bensínvél. Toyota hannaði kerfið með það fyrir augum að óháð orkugjafa, hvort heldur bensíni, dísil eða vetni, gerði það bílinn umhverfisvænni,“ segir Jón Óskar og bætir við að Toyota í Evrópu telji tvinnbíla hagkvæmnustu lausnina miðað við núverandi aðstæður.

„Á þeim tíma sem bensínvélin er óhagkvæm eins og þegar fólk tekur af stað og annað slíkt, þá er rafmagnsmótorinn aðalorkugjafinn í tvinntækni og síðan tekur bensínvélin við þegar það er orðið hagkvæmt hvað varðar mengun og eyðslu.“

Ýmsar efasemdir hafa komið upp varðandi kosti tvinnbíla en Jón gerir lítið úr þeim. „Þú þarft ekkert að gera. Keyrir bílinn með nákvæmlega sama hætti og annan bíl,“ segir Jón Óskar. *- stp*

RÉTTIR BÍLAR
TJÓNASKOÐUN
RÉTTINGAR - SPRAUTUN
RÚÐUÍSETNINGAR
ALMENNAR VIÐGERÐIR
CAR-O-LINER RÉTTINGARBEKKUR
CABAS verkstæði
VÍS
vörður
TM
SJÓVÁ
RÉTTIR BÍLAR EHF. • SÍMI & FAX: 554-3044
VESTURVÖR 24 • 200, KÓPAVOGUR

# Miklu minni eyðsla

**Vistakstur dregur úr eldsneytiseyðslu, eykur umferðaröryggi og getur mögulega stytt ferðatíma. Húmbúkk, hugsaði Tryggvi Gunnarsson blaðamaður áður en hann mætti í vistaksturstíma og fékk að finna til tevatnsins.**



Vistakstur er vinsæll meðal fyrirtækja en færri einstaklingar koma í kennslu hjá Marteini Guðmundssyni ökukennara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ef ég keyri eins og afi gamli í sunnudagsbíltúr á vinstri akrein með bílalestina á eftir mér og fer svo hægt að ég fæ meðvind ef ég sting höfðinu út um gluggann þá spara ég bensín, bjarga heiminum og buddunni um leið. Það hélt ég að minnsta kosti þegar ég settist upp í bíl með Marteini Guðmundssyni ökukennara til að læra undirstöðuatriði vistaksturs og hugsaði að þetta ætti eftir að verða pínleg lífsreynsla.

Ökutíminn byrjaði eins og búast mátti við. Kurteislegt spjall um daginn og veginn, bílamenningu Íslendinga og auðvitað veðurblíðuna sem ekki einungis var blessun og yndi, heldur einnig áminning um að ef við breyttum ekki lífsstíl bráðlega yrði Ísland þekkt sem landið sem eitt sinn átti stærsta jökul Evrópu.

Svo var lagt af stað. Ég keyrði fyrirfram ákveðna leið og notaði til þess mitt hefðbundna aksturslag á mínum hefðbundna hraða. Nú verða aðrir að dæma um ökuhæfni mína en Marteinn var nokkuð sáttur og sömuleiðis ég. Eyðslan var 7,1 l/100 km á dísilknúna Opel Vecta-bíl hans. Marteinn hrósaði mér fyrir notkun á akreinum og ég hugsaði með mér að nú byrjaði það. Hann sæi að ég æki ekki eins og vitleysingur sem þýddi að hann gæti ekki bætt eyðsluna hjá mér nema að litlu leyti. Það taldi ég þar til hann sneri sér að því sem mátti bæta.

Hann tilkynnti mér að ég stæði allt of mikið á kúplingunni og léti bílinn renna of mikið. „Nú!“ sagði ég. „Sparar það ekki bensín?“ Þarna ljóstraði ég upp um fávisku mína fyrir honum og geri það nú fyrir alþjóð.

Hann hélt áfram og taldi upp nokkur atriði sem betur mættu fara. Ég hlustaði með athygli og svo lögðum við aftur af stað, sama hringinn, nema í þetta skiptið reyndi ég að fara eftir leiðbeiningum hans og hann sagði mér til jafnt og þétt. Mér leið eins og ég væri 17 ára í bílprófi.

Þegar við skoðuðum tölurnar eftir annan hringinn kom hinn stóri sannleikur í ljós. Ég var kominn niður í 5,7 l/100 km. Eldsneytiseyðslan hafði dregist saman um 20 prósent.

Til þess að það gerðist þurfti ég að fórna 3 km/klst í meðalhraða og 1,28 mínútu. Ég er reyndar viss um að ég gæti bætt vistaksturinn því í síðari ferðinni var umferðin þyngri og ég var óheppnari með ljós. Enn fremur fullyrðir Marteinn að hægt sé að ná betri tíma með vistakstri og bendir á að starfsmenn Strætós hafi bætt sinn tíma er Marteinn tók þá í kennslustund.

Ég yfirgaf Martein vísari og betri (öku)maður. Auk þess að spara pening og bjarga ísbjörnum, sem virðist vera eitthvað sem Íslendingar eru ófærir um, var ég einnig öruggari ökumaður. Þrjár flugur í einu höggi. *- tg*

**RÁÐLEGGINGAR**

- Fækkið stoppum eins og hægt er
- Haldið jöfnum hraða
- Nýtið brekkur til hraðaaukningar
- Veljið rétta gíra miðað við aðstæður
- Sýnið framsýni og lesið umferðina
- Veljið rétta akrein til að forðast stopp
- Hafa gott bil milli bíla



**Rétt eins og þegar kraftakarl leggur af stað með trukk í eftirdragi tekur mesta orku fyrir bíl að taka af stað. Því þarf að forðast stopp eins og hægt er, innan skynsemismarka auðvitað.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Aukinn áhugi á rafmagnsbílum

Indverskir bílar af gerðinni Reva City Car komu fram á sjónarsviðið hér á landi í lok síðasta árs. Einn slíkur vann ökutækjakeppnina Kappaksturinn mikli í september í fyrra sem snerist um sem minnsta mengun.

Sá sem flytur inn Reva City Car heitir Bragi Þór Valsson og er með fyrirtækið Perlukafarann. Hann segir fólk hafa sýnt Reva-bílnum vaxandi áhuga. „Reynsluakstur er oft umsetinn og bíllinn vekur mikla athygli hvar sem hann kemur,“ segir Bragi Þór. „Áhuginn hefur fylgt hækkandi bensínverði og aukinni umhverfis- og náttúruverndarumræðu enda er Reva City Car eini bíllinn á markaðnum sem mengar ekkert,“ tekur hann fram. Hann segir rafmagnsreiðhjól og rafmagnsvespur njóta líka sívaxandi vinsælda og bendir á að aukin eftirspurn skili sér í því að á næstu mánuðum sé áætlað að setja upp hleðslustaura bæði á Egilsstöðum og Ísafirði.

Bragi telur Reva City Car að lágmarki níu sinnum sparneytnari en bensínbíla og segir hægt að reikna út sparnaðinn við að aka á honum miðað við mismunandi forsendur á www.perlukafarinn.is/reva undir upplýsingar/mengun og eldsneytiskostnaður.

Hægt er að panta reynsluakstur hjá Perlukafaranum í Kópavogi og einnig verður bíllinn til sýnis og reynsluaksturs á Egilsstöðum helgina 24. og 25. ágúst ásamt rafmagnsreiðhjóli. *- gun*



**Reva City Car-bílnum er stungið í samband við venjulega innstungu. Hann kemst á 60 til 70 kílómetra hraða.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Bragi Þór í Perlukafaranum verður var við aukinn áhuga á rafmagnsbílum.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




Hefur gæðin

HYUNDAI *i10*

# Lítill og sætur

## Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

**Hyundai i10**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
kr. 1.740.000
**19.900**
**á mánuði.***

### LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólkið, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Líttu við hjá okkur í kaffi og kleinur og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. *Bílasamningur til 84 mánaða JPY/CHF Lýsing – 30% innborgun – Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,8%

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

# Sparneytnir bílar seljast best um þessar mundir

**Þegar sölutölur nýrra bíla eru skoðaðar kemur í ljós að sparneytnir bílar eins og Skoda og Yaris eru hástökkvarar síðustu mánaða.**

Mikið hefur dregið úr nýskráningum nýrra bíla hjá Umferðarstofu síðustu mánuði miðað við þá sem á undan fóru. Toyota Yaris er eini bíllinn sem fór yfir 100 stykkja markið í maí. Hann seldist þá í 138 eintökum en var síðan dreginn uppi af Skoda Octavia í júní, sem seldist í 123 eintökum en Yarisinn í 120. Hounday Getz virðist sá þriðji vinsælasti í júní með 98 eintök seld. Júlí var rólegur mánuður í nýskráningum nýrra bifreiða. Þá eru 29 Yarisar skráðir, 28 Toyota Avencis og 14 Skodar. Það eru hæstu sölutölur einstakra tegunda.

Tvær vikur í sumar skáru sig úr í nýskráningum nýrra bíla, síðasta vikan í maí og önnur vika júnímánaðar. Að sögn starfsfólks hjá Umferðarstofu er ástæðan sú að í þeim vikum keyptu bílaleigur nýja bíla til notkunar í sínum rekstri. Þannig voru 153 fólksbílar skráðir til almennrar notkunar í annarri viku júnímánaðar en 655 til leigu. Ofangreindir hástökkvarar reiknast inn í það.

„Fólk er greinilega að horfa til sparneytnari bíla en áður,“ segir Aðalsteinn Svan Hjelm, markaðsfulltrúi hjá Heklu, spurður skýringa á Skódasölunni. Hann segir talsvert um að fólk skipti út dýrari bílum núna fyrir þá ódýrari og eyðslufrekum fyrir aðra sparneytnari. „Ekkert endilega minni, bara með dísil TDI-vélum eða öðrum slíkum. Skódinn er mjög góður kostur í dag því þar er fólk með ágætlega stóran fjölskyldubíl en ódýran dísilbíl og eyðslugrannan,“ lýsir hann og bætir við: „Þetta er það sem ég sé frá mínum sjónarhóli.“

Upplýsingar Aðalsteins kalla á spurningu um hvort auðvelt sé fyrir fólk að losa sig við dýrari bílana og því svarar hann svo: „Nei, það reynist ýmsum erfitt því nú hafa lánin rokið upp á bílunum vegna lækkaðs gengis og mikillar verðbólgu. Margir sem koma hér og vilja kaupa nýjan bíl þurfa að sætta sig við gamla bílinn áfram því lánið er orðið mun hærra á honum en sem nemur virði bílsins og höfuðstóllinn sem fólk lagði fram í upphafi er kannski löngu fokinn. Sumir verða því að bíða eftir að krónan styrkist aftur til að fara út í bílakaup.“

*- gun*



**Skoda Oktavia þykir ákjósanlegur fjölskyldubíll um þessar mundir.**



**Toyota Yaris er lipur smábíll.**



**„Talsvert er um að fólk skipti út eyðslufrekum bílum yfir í aðra sparneytnari," segir Aðalsteinn Hjelm, markaðsfulltrúi hjá Heklu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






# Endurbætt metanstöð

Næstkomandi fimmtudag verður opnuð endurbætt afgreiðsla á metani á Bíldshöfða.

Búið er að gera gagngerar endurbætur á metan-afgreiðslustöð N1 á Bíldshöfða. Endurbæturnar felast annars vegar í hvernig metanið er flutt og hins vegar í bættri aðstöðu fyrir viðskiptavini.

„Nú liggur leiðsla beint úr Álfsnesi, þar sem metanið er framleitt, til stöðvarinnar á Bíldshöfðanum,“ segir Magnús Ásgeirsson, innkaupastjóri eldsneytis. „Nú þarf ekki lengur bíla til að flytja metanið heldur kemur það beint með leiðslunni.“

Lagning leiðslunnar hefur í för með sér ákveðið hagræði en fyrst og fremst er um tæknilegt framfaraspor að ræða að sögn Magnúsar.

Einnig er búið að endurbæta aðstöðu til afgreiðslu. „Afgreiðslan ætti að ganga hraðar fyrir sig og vera mun þægilegri,“ segir Magnús en nú eru tveir stútar á metandælunni þannig að eigendur minni bíla þurfa ekki að bíða lengur eftir að þeir stærri fylli tanka sína.




**Metan er framleitt úr lífrænu sorpi hérlendis og því afar umhverfisvænn orkugjafi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stöðin verður formlega opnuð af Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra fimmtudaginn 7. ágúst klukkan 15.

*-tg*

# Vistvænir leigubílar

Leigubílastöðin 5678910 hefur yfir að ráða leigubílum knúnum metangasi. Þeir eru af gerðinni Wv Touran.

Þeir sem vilja ferðast á vistvænni orku í leigubílum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum geta hringt í 567 8910 og fengið sendan bíl sem knúinn er metani. Að sögn Einars Ágústssonar, sem sinnir markaðsmálum hjá stöðinni, eru leigubílarnir enn sem komið er þó ekki nema þrír. Hann á þó von á að eftirspurnin aukist og haldist í hendur við bætt aðgengi að metangasi. Nefnir meðal annars að fyrirhugað sé að opna metangasstöð á vegum N1 í Hafnarfirði á næstu mánuðum. Stöðin 5678910 er opin allan sólarhringinn.

*- gun*



**Leigubílarnir eru af gerðinni Volswagen Touran.**







PIPAR • SÍA • 81456

## Garmin zūmo™ leiðsögutæki fyrir bifhjólafólk.

Garmin zūmo leiðsögutækið veitir þér örugga leiðsögn á hjólinu. Tækið, sem er vatnshelt og þolir því hvaða aðstæður sem er, er með hristivörn og snertiskjá. Í zūmo eru evrópsk götukort, gagnagrunnur yfir hraðamyndavélar og Bluetooth tenging í símann og hjálminn. Þannig verður ferðalagið mun öruggara.

Ekki skilja zūmo eftir þegar þú ferðast á bílnum – það veitir þér sömu áreiðanlegu leiðbeiningarnar á mælaborðinu. Hvort sem þú ferðast á tveimur hjólum eða fjórum, njóttu ferðarinnar með zūmo.

NAVTEQ ON BOARD · Enabled by Ordnance Survey · POWERED BY Cyclops

www.garmin.is

GARMIN™

*Fylgdu þeim fremsta*

## Ef þú sagðir

# „NEI, COME ON!“

## síðast þegar þú fékkst rukkun fyrir bílatryggingunni, kíktu þá á elisabet.is

## Og til að lækka verðið ennþá meira ...

Fyrir hvern nýjan viðskiptavin
sem viðskiptavinir koma með
til Elísabetar fá þeir frían mánuð.



Þeir viðskiptavinir Elísabetar
sem aka í 12 mánuði án þess
að fá punkt í ökuferilsskrá sína
geta fegnið 13. mánuðinn ókeypis.






ÍSLENSKA SIA.IS ELI 43038 07/08

**BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM**

**elísabet**

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.


ÞÚ FINNUR DRAUMA-BÍLINN HJÁ OKKUR!
BESTA ÞJÓNUSTAN, MESTA ÚRVALIÐ!
Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðaðu þá alla!
TILBOÐS-BÍLAR
500.000 - 1.500.000
1.500.000 - 3.000.000
3.000.000 - 4.500.000
ATVINNU-BÍLAR
TILBOD
1.190.000- kr
HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 02/2003, 2400cc
5 dyra, Beinskiptur, Brúnn / Grár,
Ekinn 123.223 þ. Verð: 1.420.000
1.190.000,- kr
HYUNDAI GETZ
Nýskr: 05/2005, 1300cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 73.000 þ.
2.690.000,- kr
AUDI A4
Nýskr: 12/2004, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 32.000 þ.
4.720.000,- kr
BMW X3
Nýskr: 06/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 69.000 þ.
4.990.000,- kr
IVECO 50C
Nýskr: 05/2005, 3600cc 19 Farþegi
2 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 74.000 þ.
TILBOD
4.290.000 ,- kr
NISSAN MURANO
Nýskr: 06/2006, 3500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 40.000 þ. Verð: 5.290.000
1.490.000,- kr
NISSAN X-TRAIL
Nýskr: 01/2002, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 91.000 þ.
2.450.000,- kr
BMW 316I
Nýskr: 12/2004, 1800cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 68.000 þ.
3.850.000,- kr
HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr: 09/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 31.000 þ.
1.050.000,- kr
RENAULT KANGOO
Nýskr: 01/2004, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 70.000 þ.
TILBOD
5.190.000,- kr
NISSAN PATROL
Nýskr: 10/2006, 3000cc Disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 16.000 þ. Verð: 5.830.000
1.160.000 ,- kr
RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 02/2002, 1800cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 60.000 þ.
1.690.000,- kr
HYUNDAI GETZ
Nýskr: 06/2007, 1400cc
5 dyra, Beinskiptur, Svartur,
Ekinn 10.888 þ.
3.250.000,- kr
ISUZU D-MAX
Nýskr: 12/2006, 3000cc Disel
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 27.000 þ
3.740.000,- kr
RENAULT AT MASCOTT
Nýskr: 06/2004, 2800cc
2 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 96.000 þ.
TILBOD
570.000,- kr
RENAULT CLIO
Nýskr. 07/2003, 1100cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 97.000 þ. Verð: 860.000
750.000,- kr
RENAULT SCENIC
Nýskr: 10/2000, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 135.000 þ.
2.390.000,- kr
HYUNDAI I30
Nýskr: 11/2007, 1600cc
4 dyra, Beinskiptur, Dökkbrúnn,
Ekinn 17.000 þ.
4.980.000,- kr
SUBARU 'B9 TRIBEC
Nýskr: 07/2007, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 11.000 þ.
2.650.000,- kr
RENAULT AT MASTER
Nýskr: 06/2005, 2500cc
6 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 124.000 þ.
TILBOD
1.210.000,- kr
RENAULT MEGANE II
Nýskr: 09/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 99.000 þ.
Verð: 1.420.000
950.000,- kr
SUBARU LEGACY
Nýskr: 05/2000, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 122.000 þ.
1.790.000,- kr
ISUZU TROOPER
Nýskr: 03/2002, 3000cc Disel
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár,
Ekinn 103.000 þ
3.030.000,- kr
SUBARU LEGACY
Nýskr: 07/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 9.000 þ.
2.750.000,- kr
RENAULT AT MASTER
Nýskr: 10/2005, 0cc
6 dyra, Beinskiptur, Hvítur / Grár,
Ekinn 71.000 þ.
FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!
Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, geturðu fundið nákvæmlega þann bíl sem þú leitar að með einfaldri leit. Þú gramsar og rótar og færð allar upplýsingar um hvern bíl og skoðar fjölda mynda áður en þú kemur á staðinn - þannig verða bílakaupin miklu markvissari.
IH = SÆVARHÖFÐI 2
BL = GRJÓTHÁLS 1
bílaland
BILALAND.IS
GRJÓTHÁLSI 1 & SÆVARHÖFÐA 2

## Húsaviðhald

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistarar, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni ehf
Fossháls 25, 110 RVK
S. 517 0117 & 661 0117

**Flísalagnir**
Tek að mér flísalagnir. Uppl. í s. 860 0286, Julian.

Tökum að okkur allt almennt viðhald húsa, einnig sólpallar smíði. Ódýr og vönduð vinnubrögð. Uppl í síma 896 7579 Bjarni.

**Húsaviðgerðir og málun**
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Ryð og lekavarnir á þökum**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Vantar þig hjálp með tölvur ? Tökum að okkur alla tölvuvinnu. Ekkert gjald ef lausn finnst ekki. Gunnlaugur, 698-8886

## Nudd

Aðeins Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við alla virka daga frá hádegi.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

**Ólöf spámiðill**
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot o.fl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir alla daga eftir kl. 13

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

Gilsverk ehf



Tökum að okkur alla almenna jarðvegsvinnu. Erum með 16t hjólagröfu 3,5t gröfu með brotfleyg. Föst tilboð eða tímavinna. S. 894 0210 Guðmundur & 849 9571 Páll.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Vifta kemur loftinu á hreyfingu, lyftir starfsandanum og eykur afköst



Úrval af viftum frá Honeywell og Duracraft. Einnig loftkælitæki. Póstsendum. Donna ehf. sími 555 3100
Sjá nánar á www.donna.is



7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000,00. Krónur. Edda. S: 552 5180.

Lítið notaður Siemens bakaraofn. -7.000kr. Drapplitaður svefnsófi - 17.000kr. Skanni - 7.000kr. 2 Góð 13" Nagladekk. S:844 7079 & 534 6246

Hringstigi 150 sm í þvermál einnig borðstofuborð og 6 stólar. Uppl í síma 8961108

Til sölu HP. 6 ára fartölva m/windows '95.Einnig Giant kvenfjallahjól.S 868 7619

## Óskast keypt

Kaupi notaða skartgripi, óekta og ekta. Einnig gamla nytjamuni og margt fl.. Upplýsingar í síma 694 5751. Geymið auglýsinguna

Óska eftir Svörtu kvenhjóli m/ körfu,þunnri fartölvu,Ektorp svefnsófa. S 868 7619

## Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Svæðameðferð**
Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímapantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótískt nudd að ræða!!!

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**útsala! 50% afsláttur**
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Opið alla daga. Uppl. í s. 861 4082.

## Dýrahald



3 mán. Am. Cocker Spaniel rakki. Ættb. frá HRFÍ. Faðir innfluttur. S. 894 0255.

## Ýmislegt

Slökkvitæki ehf

Sala - Hleðsla - viðhald og þjónusta í eldvarnarbúnaði. Við leggjum áherslu á góða og persónulega þjónustu á góðu verði. Sími 565 4080.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

**Hreindýraveiði**
**Flugfélag Íslands er með nokkur sæti laus í veiði til Nuuk á Grænlandi í september. Nánari upplýsingar er að finna á www.flugfelag.is.**
**Hafið samband við hópadeild í síma 570 3075 eða sendið tölvupóst á hopadeild@flugfelag.is til að fá nánari upplýsingar.**

## Gisting

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

Lítil íbúð til leigu á Siglufirði. Rúm eða svefnpokapláss. Uppl. í S. 895-8509

## Fyrir veiðimenn

Sjóbleikja Til sölu veiðileyfi í Fellsá, Kollafirði, Strandabyggð. Upplýsingar veitir Barbara Ósk í síma: 451-3343 og GSM 6634628

**Sjóbirtingur,Sjóbirtingur**
Eigum örfá óseld leyfir í águst og sept í Grenlæk. Nýtt og glæsilegt Veiðihús. Uppl www.kippur.is

Laxamaðkur! Maðkur til sölu. Uppl. í s. 898 3950.

GÓÐIR MAÐKAR Laxa og Silungs - S:695-2572

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Travel John ferðaklósett leysa málið**



Fyrir ferðalittil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í Lyfju, Lyf og heilsu og Fjarðakaupum.

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími 555 3100 donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn

Spennandi sumartilboð:

Pantaðu þér hand og fótsnyrtingu og fáðu litun og plokkun frítt!

Gildir til 15. ágúst.

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR SÍMI: 444-4085

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

Gistiheimili til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Verð frá 45 þús, pr mán. Uppl. í s. 824 4530.

Á besta stað í bænum í FOSSVOGI með útsýni yfir dalinn. 4 herb. 85 ferm íbúð til leigu. er laus núna. verð 155.000.- uppl. 6934532

Til leigu 40 fm verslunarh. Þverholti 5, Mos. beint að götu. WC, vaskur, hægt að setja sturtu. Undir ýmisl. Laus. S. 893 8166 eða grensas@isl.is

3-4 herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Erum líka með tvær lúxus íbúðir í Orlando til leigu. Uppl. í s. 820 0007.

Til leigu 4 herb. íbúð í 101 RVK. Verð 165þ. per mán. Uppl. í S. 862-0700.

**Lítið herbergi f/einn**
Til leigu lítið herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441. e.kl 14.

3 herb. nýleg íbúð í Smáranum Kópavogi til leigu til 31. maí 2009 til að byrja með. Þvottavél og ísskápur fylgir með. Leigan er 150.000 Kr. á mánuði. Reyklaus íbúð. Frekari upplýsingar í síma 8495354

Rooms for rent in Stapahraun 2, Hafnarfjorður. Kitchen, washer, dryer and free internet. Tel 893 6060.

## Húsnæði óskast

Ungur námsmaður óskar eftir herbergi. S. 849 9082

Fjölskylda sem hefur verið búsett erlendis óskar að taka á leigu íbúð 4 herbergja eða stærri til eins árs amk í Sala eða Kórahverfi í Kópavogi. Vinsamlegast hringið í síma 866 1050

## Sumarbústaðir



**Gestahús til sölu :**
Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.



**Grímsnesi, Hraunborgir**
96m2 sumarhús til sölu 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 golfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

**Örlagalínan**
Örlagalínan óskar eftir fólki til starfa á línunni. Einungis fólk með andlega tengingu og reynslu af andlegum málefnum koma til greina.
Fyrir nánari upplýsingar hringið síma 863 8055 & bjork@nt.is

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. We need more pepole, full time and part time, in down town fastfood. No smoking.
Interested please call 899 1670 & 898 5956 and nonnabiti@simnet.is

**50-70% Sölustarf í verslun**
Vinnutími frá 14-18 alla virka dag og 11-17 annan hvern Laugardag. Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og tilfallandi störf.
Farið er fram á lágmarks kunnáttu á tölvur, jákvæðni og góða þjónustulund.
Æskilegur aldur 25 ára og eldri.
Umsókn sendist á rumgott@rumgott.is
Uppl. í síma 5442121

**Atvinna í boði**
óskum eftir að ráða menn í húsaviðgerðir / múr og steypuvinnu, þurfa ekki að vera vanir.
Uppl. í s. 517 0117

Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
Ræstingar og uppþvottur á Lækjarbrekku Vinnutími er 100% starf í vaktavinnu, unnið er aðra hverja helgi Í starfinu felst að ræsta veitingastaðinn á morgnanna, svokölluð „extra" þrif og uppþvottur Hæfniskröfur - hentar best 35-45 ára - heiðarleiki - rösk og vönduð vinnubrögð - erlendir umsækjendur þurfa að vera með góða íslenskukunnáttu og með gildandi atvinnu- og dvalarleyfi
Nanari upplýsingar veitir Sigríður 691-2435 alla virka daga milli 10-12 og 14-18, sigridur@laekjarbrekka.is

**GK GLUGGAR**
**Áhugaverð störf í boði**
Óskum eftir að ráða vana smiði eða laghenta menn/konur til starfa við framleiðslu á gluggum og hurðum.
**Umsóknir sendist til:**
gkgluggar@gkgluggar.is
Umsóknarfrestur er til **8. ágúst**
**Nánari upplýsingar:**
Hallgrímur 893-2045
Gyða 864-8084
www.gkgluggar.is Sími: 566-6787
Völuteigur, 270 Mosfellsbæ

SÚFISTINN KAFFIHÚS

**Súfistinn kaffihús auglýsir laus störf til umsóknar.**
Súfistinn bókakaffi Iðuhúsinu Lækjargötu 2 A Rvk. Um er að ræða 100 % starf við afgreiðslu og þjónust, en einnig er óskað eftir starfsfólki í hlutastörf .
Súfistinn Hafnarfirði Um er að ræða 100 % starf við afgreiðslu og þjónust, en einnig er óskað eftir starfsfólki í hlutastörf .
Umsóknareyðublöð liggja frammi á kaffihúsum Súfistans. Hægt að leggja fram umsókn á www. Sufistinn.is
Upplýsingar um störfin gefur Hjördís í síma 694-9148

**Leikskólinn Rofaborg**
Óskar eftir aðstoð í eldhús. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta leyst matráð af í forföllum.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 587 4816 eða 693 9863 frá kl. 08-17.

**Skalli Vesturlandsvegi**
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

**Select Laugavegi**
Óskum eftir að ráða vaktstjóra, kassamenn og starfsfólk í hlutastörf á Select Laugavegi. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar veitir Óskar í síma 840 3115 eða á starf@skeljungur.is.

**Smart starfsfólk**
Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust
Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óskum eftir röggsömum starfsmönnum á þjónustustöðvar okkar á Akureyri og Egilsstöðum. Störfin fela m.a. í sér þjónustu á hjólbarðaverkstæði og smurstöð. Reynsla æskileg. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Dekkjahöllin s. 4623002(AK) og 4712002(EG)

Restaurant on Laugavegur is looking for an experienced chef Call Ivan - 8493875

Opal Seafood óskar eftir starfsmanni í hlutastarf. Starfið felst í að merkja vörur og keyra út í verslanir. Umsækandi þarf að vera skipulagður, nákvæmur og hafa lágmarks tölvukunnáttu. Upplýsingar gefa Þóra Björk í síma: 5176634 og Linda í síma: 864 8295

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

AMERICAN STYLE

**ERT ÞÚ HEIMAVINNANDI?**

**Veitingastjóri, kvöld- og helgar, óskast á veitingastaði American Style í Skipholti og Nýbýlavegi**
Vilt þú starfa í líflegu umhverfi, 2-3 kvöld í viku og aðra hverja helgi?
***Hæfniskröfur:***
*Reynsla af heimilisrekstri*
*30 ára eða eldri*
*Hæfni í mannlegum samskiptum*
*Geta unnið vel undir álagi*
Í boði er 70% starfshlutfall, full þátttaka í öllum störfum, jákvæður starfsandi, traust fyrirtæki og mjög samkeppnishæf laun.
Allar nánari upplýsingar veitir Herwig: atvinna@foodco.is .
Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

## Viðskiptatækifæri

Lítil saumastofa til sölu. Miklir möguleikar. Uppl. í s. 841 0212.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
S. 908 2000 opið allan sólarhringinn.

**„...fyrst á visir.is"**

**vísir.is**
...ég sá það á visir.is



**Auglýsingasími**
**512 50 50**




– Mest lesið

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**



**Skipulags- og byggingarsvið flytur**

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur er lokað 6. til 8. ágúst n.k. vegna flutnings í nýtt húsnæði að Borgartúni 10-12. Afgreiðsla sviðsins flyst í Þjónustuver Reykjavíkurborgar á 1. hæð Borgartúns 10 - 12. Viðskiptavinir sviðsins eru boðnir velkomnir á nýjan stað.

The Planning and Building Department of Reykjavík is closed from the 6th - 8th of august while it is moving its operation to a new building at Borgartún 10-12. The Departments service desk will move to the 1st floor in the new building. We welcome our customers to the new location.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

**Þjónustuver sími: 411 1111**

Stóreign | Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnir:

# Stóreign óskar eftir öllum stærðum og gerðum atvinnuhúsnæðis á söluskrá.



## Til leigu/sölu, er fasteignin Klapparstígur 38, 101 Reykjavík

Í húsinu hefur verið rekið veitingahús um margra ára bil með góðum árangri, eigninni fylgir frábær útiaðstaða í yfirbyggðum garði og íbúð/skrifstofur/starfsmannaaðstaða í risi hússins. Fasteignin hefur öll verið endurnýjuð og nánast tilbúin til veitingarekstrar.Eignin afhendist strax.



## Suðurlandsbraut 6 – Til sölu

Skrifstofuhæð á 3. hæð sem er 373,7 fm. Skiptist í 3 hluta sem allir eru í útleigu. Lyfta í sameign. Mikið útsýni er úr húsnæðinu. Frábær staðsetning.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Flugumýri - Mosfellsbæ

968 fm. atvinnuhúsnæði með mikilli lofthæð, u.þ.b. 8 m. Húsið er byggt úr járngrind og klætt með yleiningum. Stór innkeyrsluhurð er á vesturenda hússins. Möguleiki að bæta við fleiri hurðum á hlið hússins og skipta niður í smærri einingar. Lóð er malbikuð og 2.600 fm. að stærð. Eignaskipti möguleg.
**Nánari upplýsingar á skfirstofu Stóreignar, Lágmúla 7, - s. 590-7600**



## Hverfisgata 14 - Til leigu eða sölu.

Stóreign kynnir: Til sölu / leigu tvær húseignir að Hverfisgötu 14 og 14a alls 372,3 fm. Stærra húsið er skráð 182,9 fm auk óskráðs kjallara sem er um 90 fm. Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris, miklir möguleikar eru með nýtingu hússins. Stór og góð lóð með sér bílastæðum. Húseignin að Hverfisgötu 14 a er skráð 99,4 fm og getur nýst hvort heldur sem er skrifstofa eða iðnaðarrými fyrir léttan iðnað/vinnustofu. Verð 120 millj. **Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600´**



## Lyngás - Til leigu

Til leigu -235 -fm að Lyngási 12, Garðabæ. Þetta húsnæði getur hentað fyrir hinn ýmsa rekstur allt frá bónstöð til heildverslana, góð bílastæði eru við húsið. Innkeyrsluhurð er um 4 metrar að hæð, þetta er afar bjart og gott húsnæði á góðum stað. Rekin hefur verið bónstöð í húsinu undanfarin misseri. Eignin er laus til afhendingar fljótlega.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Digranesvegur - Til leigu

Til leigu mjög gott skrifstofu og verslunarhúsnæði í Kópavogi. Húsnæðið er 3 hæðir samtals 518,4 fm. Gott hús á góðum stað sem býður upp á mikla möguleika. Húsnæðið er vel staðsett. Næg bílastæði eru við eignina.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7. S. 590-7600**



## Borgartún 3 - Heil húseign

Til leigu heil húseign, alls um 1560 fm. Þetta er glæsilegt hús í góðu ástandi, góð gólfefni og innviðir. Húsið er alls 4 hæðir með lyftu þannig að þetta getur hentað fyrir ýmsan rekstur allt frá verslunar og þjónustuhúsnæði á jarðhæð til lögfræði eða fjármálaþjónustu. Húsið er laust til afhendingar fljótlega Ýmsir möguleikar eru á hvernig húsnæðinu er skilað fer allt eftir þörfum leigutaka.
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600**



## Fiskislóð 3440 fm – Til leigu

Vel hannað verslunar og lagerhúsnæði. Húsnæðið er í byggingu og verður fullfrágengið og tilbúið til afhendingar á haustmánuðum. Möguleikar á að skipta húsinu í minni einingar. Góð lofthæð og næg bílastæði.
**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7. S. 590-7600**



## Völvufell 13-17 -Til sölu

Um er að ræða tvo eignarhluta 522 fm. Annarsvegar eignarhluta 0001 sem er 389,7 fm kjallari með ágætis innkeyrsludyrum og góðri lofthæð. Hinsvegar er um að ræða efri hæð 0101 sem er 131,2 fm verslunarpláss. Rekið hefur verið bakarí í þessum eignum undanfarin ár, búið er að gera tillögu að því að byggja tvær hæðir ofan á húsið. Stór bílastæði eru fyrir aftan húsið.
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Fannborg - Til leigu

350 fm skrifstofuhúsnæði við Fannborg í Kópavogi. Húsnæðið hýsti áður heilsugæslu Kópavogs og skiptist upp í 13 skrifstofur, 3 wc, 1 skjalageymslu og móttöku. Dúkur á gólfum. Næg bílastæði eru við húsið ásamt því að bílakjallari er undir planinu. Hægt er að skipta húsnæðinu upp. Leiguverð 1500 kr. pr fm.
**Upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**



## Borgartún 1 - Heil Húseign

Til leigu heil húseign að Borgartúni 3, alls um 916 fm, Þetta er vel staðsett hús með mikla möguleika varðandi auglýsingargildi , en húsið stendur rétt við Sæbrautina. Að innan er húsið í toppstandi, góð gólfefni og tölvulagnir eru í húsinu. Húsið er laust til afhendingar strax. Ýmsir möguleikar eru á hvernig húsnæðinu er skilað fer allt eftir þörfum leigutaka.
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7**



## Vagnhöfði 7 - Til leigu

**Til leigu** 408 fm lagerhúsnæði um er að ræða kjallara hússins að Vagnhöfða 7 aðkoma niður ramp, góð lofthæð, gott plan við húsið. Leiguverð 360.000.
**Til leigu** gott 130 fm innkeyrslubil þetta er gott og bjart húsnæði, gott plan og góð aðkoma. Leiguverð 213.000.-
**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 S. 590-7600**

Stóreign.is | s :: 590_7600

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009






## Norðurbakki – Hafnarfirði – "Penthouse"

Glæsileg 121,0 fm íbúð á fjórðu hæð (efstu) ásamt 13,6 fm geymslu í kjallara á þessum frábæra útsýnisstað við Norðurbakka 23 í Hafnarfirði. Tvö samliggjandi rúmgóð stæði í lokaðri bílageymslu fylgja. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum, stórum samliggjandi stofum með mjög hátt til lofts og góðum gluggum með óskert útsýni á sjóndeildarhringinn og hafflötinn til suðurs og vesturs. Allar innréttingar, hurðir og skápar í íbúðinni eru úr eik. Íbúðin afhendist án gólfefna. Sjá nánar á www.stakfell.is

## Stórikriki - einbýlishús

248,9 fm einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr við Stórakrika í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í anddyri, 2 stofur, 4 svefnh. og 2 baðherbergi, þvottah og innangengt í tvöfaldan bílskúr.Gólfefni: plankaparket úr litaðri olíuborinni eik, á bað. og þvottah.svartar flísar. Allar innihurðar sérsmíðaðar úr eik og stórar. Tilboð

Leitum að góðri eign í Þingholtum fyrir fjársterkan aðila

Leitum að húsi í Smáíbúðahverfinu með tveimur íbúðum.

Erum með kaupanda að einbýlishúsi við Skerjafjörðinn.

Leitum að stórri sérhæð, par- eða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.



**Tjarnargata – 4ra herbergja - glæsiíbúð**
110,5 fm íbúð við Reykjavíkurtjörn í 101 Reykjavík. Glæsileg eign á góðum stað í hjarta borgarinnar. Eignin hefur verið öll endurnýjuð. Vandað hefur verið til alls við endurnýjun eignarinnar og ekki til neins sparað hvorki í efnum eða tækjum. Öll eignin samsvarar sér í stíl og innréttingum. Eign sem vert er að skoða Verð 48 millj.



**Grenimelur – sérhæð**
88,0 fm bjarta, vel skipulagða og mikið endurnýjaða 4ra herbergja hæð með sér inngangi í þríbýlishúsi við Grenimel í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús, baðherbergi, 2 svefnherbergi, þvottahús og tvennar stofur. eign sem hefur nánast öll verið endurnýjuð á síðustu 4 árum, m.a. gólfefni, innréttingar og tæki. Nýlegar raflagnir. Verð 32.5 millj.



**Bakkasel - raðhús**
264 fm raðhús í snyrtilegum botnlanga í Seljahverfinu. Húsið tvær hæðir og kjallari, sem er í dag sér íbúð, 244,3 fm og bílskúr19,5 fm. Skjólsæll garður. Hitalagnir að húsi. Verð 49,5 millj.



**Öldugata – Sérbýli í vesturbænum**
137 fm.sérbýli á þremur hæðum. Búið er að innrétta 2ja herbergja íbúð í kjallara. Eignin skiptist í 3 hæðir. Ris skiptist í sjónvarpsstofu, herbergi. geymslu. Neðri hæð skiptist í forstofu, hol, eldhús, herbergi, stofu og baðherbergi. Kjallari skiptist í anddyri, stofu, herbergi, eldhús og geymslu. Verð 43 millj.



**Álakvísl – 4ra herbergja í Ártúnsholti**
115,1 fm. 5 herb endaíbúð með sérinng. í góðu 3-býli ásamt 30 fm. stæði í bílgeymslu og geymslu, alls 145,1 fm. Uppgerð að mestu fyrir 3. árum. Eignin skiptist í forstofu, snyrtingu, eldhús, stofu/borðstofu, hol, þrjú svefnh., bað og herbergi í risi. Suðvestur svalir. Allar innr. í stíl úr mahogny og gólfefni úr merbau parketi og steinflísum. Laus við kaupsamning. Verð 34,9 millj.



**Álftamýri - 3ja herbergja endaíbúð**
82 fm 3ja herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Parket og flísar á gólfum, suðursvalir Möguleiki á 80% lán frá íls.
Verð: 22,9 millj.



**Þorfinnsgata 101 - nálægt Landsspítala**
4ra herb. íbúð 77.3 fm á 2. hæð auk 14.09 fm herbergis í kjallara með sameiginl. salerni. Tilvalið til ÚTLEIGU alls 100,6 fm. Íbúðin skiptist í gang, eldhús, tvær stofur, 2 svefnh. og bað. Þvottah. í kjallara. Sjón er sögu ríkari. TILBOÐ



**Kúrland 19 – raðhús í Fossvoginum**
300 fm raðhús á einum eftirsóttasta stað í Reykjavík. Eignin er á tveimur hæðum. Stór skjólsæll garður. Húsið skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 4 herb. og baðherbergi á efri hæð og á neðri hæð forstofu, hol, 4 herb., snyrtingu, þvottahús og geymslu. Íbúðin er skráð 276.1 fm og bílskúrinn 25.6 fm.



**Hagamelur – 3ja herb**
70,4 fm bjarta og vel skipulagða 3ja herbergja íbúð á 4.hæð (efstu) í góðu fjölbýlishúsi við Hagamel í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi og 2 svefnherbergi. Verð 22.9 millj.



**Stararimi – 165 fm einbýlishús á einni hæð**
með 32.3 bílskúr. Eignin skiptist í 3 svefnh., bað með hornbaðkeri, eldhús með nýlegri innréttingu, samliggjandi stofu og borðstofu. Til suðvesturs er stór falleg afgirt hellulögð verönd. Vönduð eign á frábærum stað. Skipti á 3ja herb íbúð koma til greina. Verð 54,9 millj.



**Hverafold 112 – 3ja herb - Laus**
93,1 fm 3ja herbergja vel staðsett íbúð í Foldahverfinu. Eignin skiptist í stofu, 2 herbergi, bað, eldhús og þvottahús, hol og anddyri. Falleg eign. Verð 21.5 millj.



**Háholt - 5ra herbergja**
113,6 m2 íbúð á þriðju hæð á þessum gróna og fallegum stað í Hafnarfirði. Vel skipulögð og björt íbúð í nánd við golfvöllinn keilir í hafnarfirði. Stutt í leikskóla og barnaskóla. Verð 24,9 millj.



**Engihjalli - LÆKKAÐ VERÐ**
84 fm þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni. Möguleiki á 80% láni frá íls. Verð 19,9 millj



**Tjarnarmýri - 2ja herb með bílskýli**
Mjög falleg og vel skipulögð 58.5 fm íbúð á 2 hæð í fjölbýli á Seltjarnarnesi. Stæði í lokuðu bílskýli fylgir. Eignin skiptist í hol, eldhús, stofu, svefnh. og bað. Möguleiki á 80% láni frá íls. Verð 21.5 millj



**Lautasmári – 3ja herb.**
Falleg 86 fm íbúð á jarðhæð í hjarta Kópavogs. 2 svefnh. Samliggjandi stofa og sjónvarpshol. Parket á gólfum og mahony hurðar og skápar. Skjólgóður sólpallur skermaður af með timburverki.
Verð 26.9 millj.



**Rauðarárstígur - 2ja herb.**
48 fm íbúð á fyrstu hæð, miðsvæðis í Rvk. Hvítar fulninga innréttingar í eldhúsi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Geymsla og þvottahús í kjallara. Stæði bakatil. Möguleiki á 80% láni frá íls. Verð 15.5 millj



**Ásvallagata - 2a herb**
70,3 m² 3 ja herbergja íbúð á annarri hæð við Ásvallagötu, 101 Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, baðherbergi, 2 svefnherbergi, eldhús og stofa.Stutt í H.Í. Verð 21.8 millj.



**Njörvasund – 2ja herb - Sundin**
Mikið endurnýjuð 71,8 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara í fallegu þríbýlishúsi á þessum vinsæla stað í sundunum. Sérinngangur er undir tröppum á austurhlið hússins. Parket á stofu. Verð 19.8 millj.



**Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.**
77.6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrinn 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og baðherbergi mjög smekklega . Verð 19.9 millj.



**Melalind Kópavogi – 2ja herbergja**
63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin skiptist í forstofu, bað, svefnherbergi, stofu, eldhús og geymslu. Parket og flísar á gólfum. Útsýni. Verð 19.9 millj

**NEIL ARMSTRONG ER 78 ÁRA Í DAG**

*„Ég trúi því að hver manneskja hafi takmarkaðan hjartsláttarfjölda. Ég hef ekki í hyggju að sóa mínum.“*

***Geimfarinn Neil Armstrong var fyrsti maðurinn til að stíga niður fæti á tunglinu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 5. ÁGÚST 1960

## *Búrkína Fasó fékk sjálfstæði*

Þennan dag árið 1960 fékk Búrkína Fasó sjálfstæði frá Frökkum. Búrkína Fasó, þýðir „land hinna uppréttu“ en þar hafa fundist ævafornir munir, svo sem sköfur, meitill og örvaroddar frá því mörgum öldum fyrir Krist.



Bretar og Frakkar börðust um landið en svo fór að það varð franskt verndarsvæði árið 1896. Stórveldin héldu þó áfram að berjast um landið og á endanum skiptu þau því á milli sín. Frakkar náðu þó undirtökum á ný og var nafni þess breytt í Lýðveldið Efri-Volta.

Búrkína Fasó er landlukt land í Vestur-Afríku, sem þýðir að það liggur ekki að sjó. Landið liggur að Malí í norðri, Níger í austri, Benín í suðaustri, Tógó og Gana í suðri og Fílabeinsströndinni í vestri.

Thomas Sankara, forseti landsins, breytti nafni þess í Búrkína Fasó árið 1984 en höfuðborgin heitir Ouagadougou. Eftir að Búrkína Fasó fékk sjálfstæði gekk á ýmsu í stjórnmálalífi landsins þar til tekið var upp lýðveldi með hálfgildingsforsetaræði. Núverandi forseti er Blaise Campaoré.

**MERKISATBURÐIR**

**1874** Þjóðhátíð hefst á Þingvöllum við Öxará í tilefni af 1.000 ára afmæli Íslandsbyggðar.

**1919** Erlent knattspyrnulið leikur í fyrsta sinn á Íslandi en það var danska liðið AB. Liðið keppti við úrval úr Val og Víkingi og sigruðu Danirnir með sjö mörkum gegn engu.

**1956** Hraundrangi, 1.075 metra klettatindur í Öxnadal, er klifinn í fyrsta sinn.

**1985** Kertum er fleytt á Tjörninni í Reykjavík til að minnast þess að 40 ár voru liðin frá kjarnorkusprengju sem varpað var á Hiroshima 6. ágúst. Kertafleytingin hefur síðan farið fram árlega.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Ásta Bjarnadóttir,**

Vífilsstöðum, áður til heimilis að Álftamýri 44,

lést að Vífilsstöðum 31. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 11.oo.

**Bjarney Georgsdóttir** **Samúel V. Jónsson**
**Jóhanna Georgsdóttir**
**Sigurjón Óskar Georgsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar , tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Guðmundsdóttir**

Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést 25. júlí síðastliðinn á Landspítalanum Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðmundur Sigurðsson** **Helga G. Herlufsen**
**Anna Sigurðardóttir** **Árni Guðmundsson**
**barnabörnin og barnabarnabörnin.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Anna Þorgilsdóttir**

frá Þorgilsstöðum, Fróðárhreppi, Rauðagerði 64, Reykjavík,

sem lést 25. júlí, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Sveinn B. Ólafsson**
**Ólafur Þ.B. Sveinsson** **Björg Guðmundsdóttir**
**Kristlaug Sigríður Sveinsdóttir** **Guðmundur Hannesson**
**Una Þorgilsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus Arnar Kristinsson**

fyrrverandi sjúkraflutninga- og slökkviliðsmaður, Hátúni 23, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 28. júlí. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 6. ágúst kl. 14.

**Kristín Rut Jóhannsdóttir**
**Jóhann Kristinn Lárusson** **Kolbrún Kristinsdóttir**
**Hafsteinn Lárusson** **Halla Benediktsdóttir**
**Sigvaldi Arnar Lárusson** **Berglind Kristjánsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

TÓNLISTARHÁTÍÐ UNGA FÓLKSINS: HALDIN Í KÓPAVOGI

# Landsmót tónlistarnemenda

Tónlistarhátíð unga fólksins verður haldin í fyrsta skipti dagana 5.-17. ágúst og fer opnunarhátíð fram í Salnum í Kópavogi í kvöld. Hugmyndin að hátíðinni kviknaði fyrir um tveimur árum og eru það þau Guðný Þóra Guðmundsdóttir fiðluleikari og Helgi Jónsson tónlistarfræðingur sem hafa borið hitann og þungann af undirbúningnum.

„Þetta verða námskeið og tónleikaröð fyrir ungt fólk sem hátt í sjötíu klassískir tónlistarnemendur á aldrinum tíu til þrjátíu ára koma að en þeir koma bæði héðan og erlendis frá. Kennt verður á grunnstigi, framhaldsstigi og háskólastigi og alls eru tíu námskeið í boði. Sem dæmi má nefna söngnámskeið, píanónámskeið, fiðlunámskeið og kvartettnámskeið.

„Hvatinn að hátíðinni var sá að okkur fannst vanta sameiginlegan vettvang fyrir tónlistarnema á landinu til að hittast og kynnast. Í hinum ýmsu íþróttum eru haldin fjölmörg mót á ári en tónlistarnemendur eru mikið einir í sínu horni,“ lýsir Guðný og heldur áfram: „Þá fáum við til okkar nemendur frá þremur heimsálfum sem skapar vettvang til að búa til tengslanet og kynnast nýju fólki.“

Guðný segir einnig algengt að ungt fólk sem hefur ákveðið að leggja tónlistina fyrir sig sæki út í heim á sumrin til að komast í tíma hjá virtum kennurum og halda sér þannig í formi. „Það þýðir yfirleitt vinnutap og mikil fjárútlát og ákváðum við því að flytja kennarana hingað heim ásamt því að biðja það frábæra tónlistarfólk sem við eigum hér á landi til að vera með námskeið. Þannig gerum við íslenskum tónlistarnemum kleift að læra hjá bestu kennurunum burtséð frá búsetu eða skóla.“

Í tónleikaröðinni sem fer fram í Salnum verður boðið upp á sjö tónleika á tímabilinu. Þar koma fulltrúar frá yngstu kynslóð einleikara fram ásamt eldri kempum. Auk þess verða nemendatónleikar í ungmennahúsinu Molanum á móti Salnum á hverjum degi en þannig fá nemendur tækifæri til að þjálfa sig í því að koma fram. „Við vonumst svo til að þetta verði árlegur viðburður og sjáum þetta fyrir okkur sem eins konar landsmót tónlistarnemenda,“ segir Guðný

En hvers vegna varð Kópavogur fyrir valinu? „Við leituðumst eftir samstarfi við bæinn þar sem okkur þótti aðstaðan þar til fyrirmyndar og við sáum fyrir okkur að starfsemin gæti öll verið á svipuðum stað en hún fer fram í Salnum, Molanum og tónlistarskólanum. Bærinn hefur síðan stutt við bakið á okkur meðal annars með því að leggja til tvo starfsmenn gegnum skapandi sumarstarf en það eru þær Þorgerður Edda Hall og Arnþrúður Gísladóttir sem báðar eru í tónlistarnámi.“

Á opnunartónleikunum klukkan 20 í kvöld er það strengjasveitin Skark sem ríður á vaðið en hún er skipuð ungu tónlistarfólki. Næstu tónleikar verða síðan laugardaginn 9. ágúst en þá verða allar fiðlusónötur Eugene Ysaye fluttar í heild sinni í fyrsta sinn á Íslandi af sex ungum fiðluleikurum.

vera@frettabladid.is




**SAMEIGINLEGUR VETTVANGUR TÓNLISTARNEMA** Guðný Þóra Guðmundsdóttir og Þorgerður Edda Hall eru meðal þeirra sem standa að baki hátíðinni en henni er ætlað að skapa sameiginlegan vettvang fyrir tónlistarnema. Vonast er til að hátíðin verði árlegur viðburður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fært í upprunalegt horf

Húsið við Hafnarstræti 98 á Akureyri mun ganga í endurnýju lífdaga áður en langt um líður. Það er þekkt sem gamla Hótel Akureyri og hefur staðið autt um langt skeið. Á síðasta ári stóð til að rífa húsið en menntamálaráðherra friðaði það í nóvember síðastliðnum. Það var svo KEA á Akureyri, ásamt fleiri fjárfestum, sem keypti það í mars og ætlar að koma því í upprunalegt horf.

„Fyrsta úttekt á burðarvirkinu í húsinu hefur verið gerð og hönnunar- og teikningavinna er farin í gang,“ segir Bjarni Hafþór Helgason, fjárfestingastjóri KEA. Hann segir að það eigi eftir að koma í ljós hvort burðarvirkið sé nothæft, í framhaldi af því verði hafist handa. „Við gerum ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í haust og þetta sé að minnsta kosti ársverkefni. Markmiðið er að þegar upp verði staðið verði þarna falleg bygging með upprunalegu útliti, sem stenst nútímakröfur að innan,“ segir Bjarni Hafþór. Hann segir nokkra aðila þegar hafa lýst yfir áhuga á að leigja í húsinu.

- þeb



**HAFNARSTRÆTI 98** Húsið hefur að mestu staðið autt í mörg ár. Húsin við Hafnarstræti 94 og 96 hafa þegar verið gerð upp í upprunalegri mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRUNN

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E8300 - 45nm
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 384MB Geforce NX9600GSO
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

## AMD TÖLVA 1

- Sempron LE-1150 2.0GHz
- 1GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is 47.950

## INTEL TÖLVA 3

- Intel Core2Duo E7200
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 384MB Geforce 9600GSO
- Windows Vista Home Premium

@tt.is 89.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## ACER EXTENSA 5220Z-20

- 2.0GHz Intel Celeron M
- 2GB DDR2 667MHz
- 80GB SATA 5400rpm
- 128MB Intel GMA X3100
- 15.4" WideScreen skjár

acer 64.950

## ACER 22" AL2216WBD

Acer 22" Viewable TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu og með 5ms viðbragðstíma

acer 24.950

## INTEL TÖLVA 4

- Intel Core2Duo E8400
- 4GB DUAL DDR2 XMS
- 500GB WD - 7200RPM
- 512MB Geforce NX9600GT
- Windows Vista Home

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði 109.950

## 15.4" HLIÐARTASKA

15,4" Manhattan Empire lipur og nett svort hliðartaska fyrir fartölvur

MANHATTAN 3.950

## 15" BAKPOKI

Rúmgóður bakpoki fyrir 15" fartölvur frá Manhattan

MANHATTAN 3.950

## ACER ASPIRE 5920G-5A

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- 1.83GHz Intel Core2 Duo
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB ATI HD3470
- 15.4" WideScreen skjár

acer 119.950

## 500GB ICYBOX FLAKKARI

Tilbúin Icy BOX hýsing úr áli með 500GB SATA2 disk frá Western Digital, tengist beint í USB2 tengi

12.750

## 160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

Western Digital 10.950

## LOGITECH NX50 MÚS

Logitech NX50 Notebook Laser Mouse Plus frábær fartölvumús, USB

2.450

## SENNHEISER HD 201

SENNHEISER

Sennheiser HD 201 létt og þægileg lokuð heyrnatól sem að ná utan um eyrun

2.450

## 4GB MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer Micro Skin 4GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

1.950

## 640GB HARÐUR DISKUR

640GB Western Digital SE16 - SATA II harður diskur, WD640AAKS, 300MB/s, með 16MB buffer, 7.200rpm

Western Digital 9.750

## ACER EXTENSA 7220-1A

- 1.73GHz Intel Celeron
- 2GB DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 128MB Intel GMA X3100
- 17" WideScreen skjár

acer 99.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700


ÞORVALDUR GISSURARSON
40 ÁRA
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN
David Clark
EXPERIMENTA

**> AFTUR SAMAN?**

Notebook-parið Rachel McAdams og Ryan Gosling virðast aftur vera farið að stinga saman nefjum. Þau byrjuðu saman þegar tökur á myndinni stóðu yfir en slitu sambandinu í fyrra. Eftir frumraun Goslings sem plötusnúðar á dögunum sást Rachel hins vegar fylgja honum heim og því þykir líklegt að þau hafi hug á að endurvekja sambandið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Risarnir gefa út

Þrjú af stærstu starfandi rokkböndum nútímans gefa út nýjar plötur á næstu mánuðum, U2, Metallica og AC/DC.

Nýrrar plötu með U2 er beðið með eftirvæntingu enda liðin fjögur ár síðan How to Dismantle an Atomic Bomb kom út. Nýja platan verður ellefta plata U2 og titill plötunnar er talinn vera No Line on the Horizon. Platan kemur að öllum líkindum út í nóvember.

Smáatriðin eru betur á hreinu varðandi plötu Metallica, Death Magnetics. Hún kemur út í september og verður fyrsta albúm sveitarinnar síðan St. Anger kom út 2003. Þetta er fyrsta Metallica-platan sem hljóðmaðurinn Rick Rubin gerir með bandinu og sú fyrsta með nýja bassaleikaranum, Robert Trujillo. Tónlistin á nýju plötunni þykir líkjast eldra efni sveitarinnar, til dæmis því sem var á … And Justice for all. Sóló eru aftur orðin leyfileg og tvö lög eru langlokur, meira en átta mínútur hvort.

Áströlsku rokkararnir í AC/DC boða nýja plötu, Black Ice, í október. Síðasta stúdíóplata þeirra, Stiff upper lip, kom út fyrir átta árum. Í kjölfar nýju plötunnar leggst sveitin í tónleikaferð og kemur vonandi við hér. Nú má sjá á spjallborði RR ehf., sem meðal annars sá um tónleika Metallica og Iron Maiden á Íslandi, að þar verði reynt að lokka bandið á klakann með öllum tiltækum ráðum. Fastlega má búast við húsfylli á svoleiðis fíniríi enda á AC/DC fjölmarga aðdáendur á Íslandi.

- glh



**Á ÍSLANDI Á NÆSTA ÁRI?** AC/DC kemur með nýja plötu í vetur.

# Strax með nýjan mann

**Það tók leikkonuna Kate Hudson ekki langan tíma að finna sér nýjan kærasta en fréttir af sambandsslitum hennar og hjólreiðakappans Lance Armstrong bárust á dögunum. Kate á að hafa flúið á heimili foreldra sinna í Kanada þar sem hún dvelur nú með fyrrverandi kærasta sínum, Eric Lindros. „Kate og Eric hafa eytt nokkrum dögum saman á heimili foreldra hennar í Kanada. Þau fóru þangað stuttu eftir að hún hætti með Lance,“ sagði innanbúðarmaður. Talsmaður Hudsons hefur þó neitað orðrómnum og vinkona leikkonunnar segir að Eric og Hudson séu aðeins góðir vinir.**



# Bresk sprenging á artFart þetta árið

Sviðslistahátíðin artFart fer í gang í þriðja sinn á fimmtudaginn. Aldrei hafa fleiri sýningar verið sýndar undir merkjum artFart, regnhlífasamtaka reknum af áhugafólki um sviðslistir. Alls eru níu sýningar á hátíðinni sem stendur frá 7.-31. ágúst.

ArtFart leggur áherslu á tilraunastarfsemi og eru allir aðilar ungt fólk sem annaðhvort hefur nýlega lokið námi eða leggur stund á nám í sviðslistum.

Fjölbreytt úrval sýninga er í boði. Hetjur eftir Símon Birgisson fjallar um ungt fólk sem gerir upp við fortíðina. The real Jarvis Lewis starring Jarvis Lewis eftir Kára Viðarsson og Alexander Graham Roberts segir frá uppgjafarnemanda, föstum í eigin lygavef. Einleikur Snæbjarnar Brynjarssonar skoðar kapítalisma, en Maddid er myndræn sýning frá London um stúlku í leit að sjálfri sér. Hreyfiþróunarsamsteypan sýnir dansverk sitt og Ástbjörg Rut Jónsdóttir stendur fyrir dans-leikhúsverki ásamt hópi. Devised-vinnuaðferðin er í hávegum höfð í Vituð ér enn eða hvað? og kynningu Sextán elskenda. Þá verða nemendur Rose Bruford áberandi í miðbænum frá 9.-12. ágúst. Annars vegar með leik þar sem þátttakendur taka að sér hlutverk ofurhetju og eiga að bjarga átta mannslífum á um klukkustund. Hins vegar í formi feluleikhúss.



„Það er bresk sprenging,“ segir Ásgerður G. Gunnarsdóttir, einn skipuleggjenda. „Það er mikið af flottum sýningum í ár og við viljum meina að hátíðin sé mjög mikilvæg í íslensku sviðslistalífi.“ Flestar sýningar verða í húsnæði Listaháskólans við Sölvhólsgötu. Dagskrána í heild sinni má nálgast á myspace.com/artfarticeland. Hægt er að panta miða með pósti á svidslist@gmail.com.

- kbs



**SNÚA AFTUR** Hreyfiþróunarsamsteypan sýnir á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Í takt við tímann









## Góður staður fyrir efri árin

**Sunnuhlíðarsamtökin byggja nú íbúðir fyrir aldraða á einstaklega góðum stað við Kópavogstún í vesturbæ Kópavogs. Bjartar og vandaðar íbúðir með svalir og stofu mót suðri. Íbúðirnar eru sniðnar að þörfum aldraðra.**



Sunnuhlíð er sjálfseignarstofnun á vegum félagasamtaka í Kópavogi og rekur hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Auk þess eru á vegum samtakanna yfir 100 íbúðir, sem hafa verið fullsetnar frá upphafi, eða í tvo áratugi. Nú ráðast samtökin í byggingu 70 íbúða til viðbótar og er auglýst eftir umsóknum um íbúðarrétt í þessum íbúðum.

**Upplýsingar og viðtalstímar í síma 560 4100.**
**Verið velkomin á kynningarskrifstofuna að Kópavogsbraut 1c milli kl. 13 og 16 virka daga.**

**Nánari upplýsingar á**
**www.sunnuhlid.is**

Sunnuhlíð

# HINSEGIN DAGAR

## Í REYKJAVÍK 6.–10. ÁGÚST 2008

**GLEÐIGANGAN LAUGARDAGINN 9. ÁGÚST**




## SKEMMTILEGASTA SKEMMTUN Á ÍSLANDI

### MIÐVIKUDAGUR 6. ÁGÚST

***Svyatoslav (Slava) Sementsov*** – fyrirlestur um ástand hinsegin mála í Hvíta Rússlandi – *Samtökin ´78 kl. 20:30*
***Klúbbur Hinsegin daga á Q-Bar opinn alla dagana***
***ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ HINSEGIN DAGA Á LAUGAVEGI 33***
*OPIN FRÁ 13 – 18 SÍMI 841 0110*

### FIMMTUDAGUR 7. ÁGÚST

Opnun ljósmyndasýningarinnar ***Munu æsir mig argan kalla*** *– Borgarbókasafn Reykjavíkur – kl. 17:00*
**OPNUNARHÁTÍÐ Í HÁSKÓLABÍÓI** *KL. 20:00 (húsið opnar kl 19:00)*

### FÖSTUDAGUR 8. ÁGÚST

**Tónleikar** á Organ með ***Carole Pope*** *kl. 21:00*
**Kynjaböll** á Organ og Tunglinu *á miðnætti*

### LAUGARDAGUR 9. ÁGÚST

**GLEÐIGANGAN** hefst á Hlemmi *kl. 14.00*
Skemmtun við Arnarhól *kl. 15:30*
**Tónleikar** með ***Stereo Total og Swivel*** á Organ *kl. 21:00*
**HINSEGIN DANSLEIKIR Á NASA, ORGAN OG TUNGLINU**

### SUNNUDAGUR 10. ÁGÚST

**T-dansleikur** á Q-bar *frá hádegi til miðnættis*
**Regnbogamessa** í Dómkirkjunni *kl. 20:30*

Kynnið ykkur dagskrána nánar á

**www.gaypride.is**

# Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| WALL-E – ÍSLENSKT TAL | kl. 4 og 6.10 | L |
| THE DARK KNIGHT | kl. 7 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 4, 8 og 10.10 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| WALL-E m/ísl. tali DIGITAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali DIGITAL | kl. 1:30 -3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 2 - 5:50 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 8 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - (11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 8 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 4 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 - 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 5:45 | L |
| LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 8 - 11 | 12 |

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI

# NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| WALL-E ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| WALL-E LÚXUS ÍSL. TAL | kl. 3.30D - 5.45D | L |
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 8D - 10.30D | L |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 3.45D - 5.50D | L |

AUKAKRÓNUR 5%

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MEET DAVE | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE LOVE GURU | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Wall-E var einn í heiminum



Í framtíðinni, eftir sjö hundruð ár er jörðin orðin svo yfirfull af sorpi að mannkynið hefur neyðst til að yfirgefa hana. Vélmenni sjá um að taka til á meðan en aðeins eitt þeirra er nú eftir starfandi, Wall-E, lítið kríli sem hefur þróað með sér persónuleika. Líf Wall-E er einmanalegt en það tekur stakkaskiptum þegar nýtískulega vélmennið Eve kemur til jarðar, og upphefjast þá ástir og ævintýraferð þar sem framtíð mannkyns er í húfi.

**Heillandi aðalpersóna**

Það að Pixar-teiknimyndaverið beri höfuð og herðar yfir samkeppnisaðila sína þarf vart að taka fram. Með Toy Story, sem kom út árið 1995, hafa þeir gert alls níu teiknimyndir og þar af nokkrar klassískar. Töframennirnir þar á bæ kunna sér greinilega engin takmörk því þeim hefur tekist það eina ferðina enn; að gera frábæra teiknimynd sem jafnframt er með því besta sem þeir hafa gert.

Wall-E er ein frumlegasta mynd þeirra til þessa, mynd sem er langtum kjarkmeiri en gengur og gerist í teiknimyndum. Í upphafi myndarinnar er lítið sem ekkert talað; í kastljósinu er litla titilvélmennið, sem er ótrúlega vel gerð teiknimyndapersóna. Wall-E mun heilla unga sem aldna, enda mjög skiljanlega mannlegt eiginleika og hegðun, og það einkar krúttlega. Röddin sem honum er gædd er vélmennapíp úr smiðju Bens Burtt, sem gerði slíkt hið sama fyrir R2-D2.

**Neyslusamfélagið gagnrýnt**

Umfjöllunarefnið er svo með því bölsýnasta sem Pixar hefur komið nálægt. Jörð framtíðarinnar er ruslagámur fyrir hundlatt mannkynið og fólk er nú orðið svo háð tækni og vélmennum að það ferðast um spikfeitt sitjandi í svífandi hægindastólum. Neyslusamfélagið fær á baukinn og sterkur ádeilubroddurinn gerir myndina að því sem hún er.

En eins og Pixar-mönnum einum er lagið ná þeir að láta myndina ganga upp fyrst og fremst sem ánægjulega fjölskyldumynd, í bland við ástarsögu og háfleygan vísindaskáldskap. Útlitið er með því besta frá Pixar og er algjörlega óaðfinnanlegt; bæði raunverulegt og frábærlega hannað. Vísanir í 2001: A Space Odyssey eru áberandi í mörgum atriðum. Af leikurunum sem koma að myndinni kemur Fred Willard fyrir ljóslifandi, en helstu talsetjarar eru Sigourney Weaver og Jeff Garlin (Curb Your Enthusiasm).

Þegar komið er að endalokum Wall-E er ekki laust við að maður fái kökk í hálsinn, sem er merki um afl myndarinnar. Það er bókað mál að Wall-E fær óskarinn sem besta teiknimyndin, enda mynd sem fer fram úr því að vera fjölskyldumynd og yfir í að vera fullorðinsteiknimynd. Wall-E er yndisleg blanda af því gamla og nýja, mikilfenglega og hjartnæma, full af nægum sjarma til að bræða hvert steinhjarta. Meira er ekki hægt að biðja um.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**

**KVIKMYNDIR**

**Wall-E**

Handrit og leikstjórn: Andrew Stanton.

★★★★★

Frábær teiknimynd sem fær örugglega óskarsverðlaun.


# SPARAÐU MEÐ MIELE




# Hreinn sparnaður

Með því að kaupa Miele þvottavél leggur þú grunn að langtímasparnaði




Miele þvottavélar eru prófaðar til að endast í 10.000 klst.

- Framleiddar til að endast
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- Framleiddar í Þýskalandi
- Glæsilega hannaðar

| | |
|---|---|
| Þvottavél W1514 | kr. 129.995 |
| 1400sn/mín 5 kg | |
| Þvottavél W1714 | kr. 144.995 |
| 1400sn/mín 6 kg vaxkökutromla | |
| Þurrkari T7644C | kr. 119.995 |
| Rakaþéttir 6 kg | |

Miele - líklega endingarbesta og ódýrasta þvottavélin

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is



MINI ME Leikarinn stendur nú í málaferlum við fyrrum kærustu sína.

# Kærastan henti Mini Me á gólfið

Leikarinn dvergvaxni Verne Troyer hefur ákveðið að fara í mál við fyrrum kærustu sína, Ranae Shrider. Verne fer fram á skaðabætur vegna þess líkamlega og andlega ofbeldis sem hann þurfti að þola af hennar hendi meðan á sambandi þeirra stóð. Verne sagði að Ranae hefði meðal annars brotist inn til hans og í eitt skiptið hafi hún lyft honum upp og kastað honum þvert yfir herbergið. „Þegar maður hendir svo smávaxinni manneskju á gólfið þá er fallið hátt og hún getur hlotið slæma áverka,“ sagði lögfræðingur Vernes um málið.



ÁSTFANGNAR Heather Matarazzo og Caroline Murphy ætla að ganga í hjónaband. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leikkona trúlofar sig

**Leikkonan Heather Matarazzo, sem er hvað þekktust fyrir leik sinn í myndunum Welcome to the Dollhouse og 54, ætlar að ganga í það heilaga með kærustu sinni. Heather, sem er 25 ára gömul, kom út úr skápnum fyrir nokkrum árum síðan. „Þetta var mjög fallegt. Fyrst bað Heather Carolyn um að giftast sér og svo bað Carolyn hennar,“ sagði talsmaður Heather um trúlofunina. „Þær eru mjög ástfangnar og það mætti eiginlega segja að þetta hafi verið ást við fyrstu sýn.“**

# Halda að Amy sé hætt að dópa

Foreldrar söngkonunnar Amy Winehouse virðast ekki vilja viðurkenna að dóttir þeirra sé enn háð fíkniefnum. Eins og kunnugt er var Amy flutt í skyndi á spítala fyrr í vikunni eftir að hafa fengið nokkur krampaköst. Faðir Amy sagðist handviss um að einhver vinur söngkonunnar hefði sett eiturlyf í drykkinn hennar henni óafvitandi og hét því að finna þann seka og launa honum lambið gráa. Nú hefur móðir Amy tjáð sig um málið og sagt að Amy hafi ruglað lyfjunum sínum saman, en söngkonan á að taka inn lyf til þess að hjálpa henni að hætta á heróíni. „Ég trúi því að Amy sé hætt að nota eiturlyf. Eftir að hafa greinst með lungnaþembu hefur hún passað betur upp á sig,“ sagði móðir Amy. Nýlega náðust myndir af söngkonunni þar sem hún sést með leifar af hvítu dufti í nefinu, það virðist því sem að Amy sé ekki alveg heiðarleg við foreldra sína hvað þetta varðar.



AMY Virðist ekki vera að minnka drykkju eða eiturlyfjanotkun.







## > Orðrómurinn að hætta?

Eiður Smári Guðjohnsen virðist hafa tekið af allan vafa um hvað framtíð hans hjá Barcelona varðar. Hann sagði við heimasíðu Barcelona að hann vildi vera áfram hjá félaginu. Nýr stjóri liðsins, Pep Guardiola, sagði við Eið að hann bæri traust til hans sem sýnir sig í undirbúningi liðsins fyrir komandi tímabil. Eiður hefur spilað mest allra leikmanna liðsins í æfingaleikjunum, nú síðast 45 mínútur í 5-2 sigri á Chivas frá Mexíkó.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÍSLENSKA UNGMENNALANDSLIÐIÐ:** TAPAÐI AÐEINS EINUM LEIK EN ENDAÐI Í ÞRETTÁNDA SÆTI

# *Íslenskur kvennahandbolti kominn á kortið*

Íslenska ungmennalandsliðið í handbolta tapaði aðeins einum leik á HM í Makedóníu. Samt sem áður lauk liðið leik í þrettánda sæti en það var ótrúlega nálægt því að spila til verðlauna. Þjóðverjar, sem Ísland vann í riðlakeppninni, urðu heimsmeistarar.

„Ég held að við séum með næstbesta árangurinn á mótinu í stigum," sagði Stefán Arnarson, þjálfari liðsins, sem er nú búið að ljúka sínu verkefni og eru stelpurnar flestar ekki gjaldgengar í ungmennaliðið lengur.

„Það er skrýtið og er svekkjandi að tapa aðeins einum leik en enda í þessu sæti en þegar maður horfir á heildina er ekki annað hægt en að vera stoltur af þessu. Það má ekki bara horfa á sætatöluna," sagði Stefán.

Ísland komst ekki upp í aðalúrslitin eftir riðlakeppnina og fór í annan milliriðil þar sem spilað var um neðri sætin á mótinu. Þar vann Ísland alla leikina sína, gegn Kasakstan, Alsír, Makedóníu og loks Japani í leik um 13. sætið.



„Hefðum við farið áfram í aðalúrslitakeppnina hefðum við verið með þrjú stig í milliriðlinum og gríðarlega nálægt því að komast í undanúrslit. Þetta sýnir að við erum með eitt af átta bestu liðum í dag. Framtíðin er björt með þessar stelpur," segir Stefán.

Eins og fram hefur komið var undirbúningur liðsins nánast enginn en það var kallað inn vegna forfalla á síðustu stundu. „Við náðum fimm æfingum," segir Stefán en liðið fékk mikla athygli fyrir framgöngu sína úti.

„Íslenskur kvennahandbolti er alveg kominn á kortið. Við vöktum mikla athygli og í leiknum gegn heimamönnum í Makedóníu voru 2.500 manns farnir að hvetja okkur eftir að hafa baulað fyrstu fimmtán mínúturnar. Það var mjög gaman," sagði landsliðsþjálfarinn.

Hann á erfitt með að taka út leikmenn sem stóðu sig best. „Það voru allar að spila gríðarlega vel. Markvarslan var mjög góð, Rut Jónsdóttir og Hildigunnur Einarsdóttir áttu mjög gott mót en allt liðið hélt sér vel einbeitt og kláraði verkefnið við erfiðar aðstæður úti," sagði landsliðsþjálfarinn að lokum.



**KOBE** Segist vera til í að spila í Rússlandi fyrir þrjá milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leikmenn týnast úr NBA:

## Peningarnir í Evrópu heilla

**NBA** Kobe Bryant myndi spila í Rússlandi fyrir 3,2 milljarða í laun á ári. Bryant, sem leikur með Los Angeles Lakers, er einn besti körfuknattleiksmaður heims og aðspurður sagðist hann vitaskuld skoða það ef tilboð kæmi erlendis frá, til dæmis Rússlandi. „Ert þú eigandi rússnesks félags? Það má koma þessu í kring fyrir 40 milljónir dollara á ári," sagði Bryant við blaðamann eftir æfingaleik Bandaríkjanna og Rússa.

Vegna launaþaksins í NBA geta ríkustu félög í Evrópu boðið mun hærri laun en félögin í Bandaríkjunum. LeBron James, leikmaður Cleveland Cavaliers, var á dögunum orðaður við gríska félagið Olympiakos en svimandi há laun hans gætu tvöfaldast í Grikklandi, hafi hann áhuga á því.

**- hþh**



**FAXI** Er orðinn landsliðsþjálfari Svía ásamt Ola Lindgren. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Olsson og Lindgren ráðnir:

## Reynsluboltar taka við Svíum

**HANDBOLTI** Staffan „Faxi" Olsson og Ola Lindgren hafa tekið við sænska handboltalandsliðinu. Þeir eru með reynslumestu landsliðsmönnum Svía og voru leiðandi leikmenn á gullaldarárum þeirra. Þeim er ætlað að endurvekja árin góðu en Olsson þjálfar áfram Hammarby í heimalandinu og Lindgren þýska liðið Nordhorn samhliða landsliðsþjálfarastöðunni.

**- hþh**

# Lúnir ferðalangar fóru beint á æfingu

**Íslensku ólympíufararnir eru farnir að tínast til Peking í Kína. Handboltalandsliðið kom þangað í gær eftir strangt ferðalag og fór beint á æfingu. Landsliðsþjálfarinn segir að þreytan vari í nokkra daga.**

**ÓL 2008** Íslenska handboltalandsliðið er komið til Peking líkt og margir af um 50 Íslendingum sem munu dvelja í Ólympíuþorpinu í Peking. Landsliðið ferðaðist um helgina og viðurkenndi landsliðsþjálfarinn að menn væru ansi lúnir í herbúðunum.

Það er raunar réttnefni á Ólympíuþorpinu því öryggisgæslan er gríðarleg að sögn Guðmundar. Verið var að leita á Guðmundi þegar hann svaraði símanum í gær en þá var liðið nýkomið af æfingu.

„Við flugum fyrst til München í Þýskalandi og þurftum að bíða þar í sjö klukkutíma. Við fórum síðan af stað klukkan hálfníu að kvöldi og komum til Peking á hádegi í dag," sagði Guðmundur í gær. Klukkan var þá að nálgast 23 í Kína og landsliðið á leið að fá sér næringu fyrir svefninn eftir tveggja tíma æfingu.

Ferðalagið gekk vel að sögn Guðmundar en þreytan var svo sannarlega til staðar. Fjarlægðin frá Íslandi til Peking er um 10.500 kílómetrar. „Við erum mjög lúnir. Við vorum nánast að berjast við að halda okkur vakandi í dag meðan við vorum að koma okkur fyrir. Það hjálpaði rosalega mikið til að við náðum að sofa í vélinni á leiðinni hingað. Það þurfti öll tiltæk ráð til þess en það hófst," sagði þjálfarinn.



**10.500 KÍLÓMETRAR Á MILLI** Guðmundur heldur hér á dóttur sinni, Júlíu Ósland, sem er langt frá föður sínum í dag. Fyrir aftan er Ólafur Stefánsson með Stefaníu Þóru. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslensku keppendurnir eru teknir að smalast saman í Ólympíuþorpinu þar sem Guðmundur segir að aðstæður séu mjög góðar. „Það er ekki hægt að kvarta yfir neinu. Þorpið er allt hið glæsilegasta og höllin sem við æfðum í er fín," segir þjálfarinn og bætti við að allt skipulag væri einnig til fyrirmyndar.




Hann segir þó að hitinn sé mikill og rakinn eftir því. Hitinn í Peking í gær var um 30 gráður. „Mengunin er líka rosaleg. Við finnum kannski ekki beint fyrir henni en maður bara sér hana. Ástandið hefur víst lagast aðeins en það sést varla á milli húsa," sagði Guðmundur.

Undirbúningur landsliðsins hefur verið stífur og nú tekur alvaran við. Guðmundur viðurkennir að erfitt sé að vera frá fjölskyldunni í svo langan tíma. „Það er það auðvitað en menn verða bara að venjast því. Við erum einbeittir að verkefninu og erum komnir í startholurnar," sagði þjálfarinn.

**hjalti@frettabladid.is**

Íslenska frjálsíþróttafólkið verður í Japan þegar Ólympíuleikarnir verða settir:

# Missa af opnunarhátíðinni

**FRJÁLSAR** Ólympíuleikarnir verða settir í Peking í Kína á föstudaginn og íslenski hópurinn mun þá ganga inn á völlinn ásamt keppendum allra hinna rúmlega tvö hundruð þjóða sem verða með á leikunum að þessu sinni. Þrír íslenskir keppendur verða þó ekki í Kína klukkan átta mínútur yfir átta 8. ágúst næstkomandi. Íslenska frjálsíþróttafólkið á ekki að keppa fyrr en níu til ellefu dögum eftir að leikarnir eru settir og mun því verða við æfingar í Japan þar til nær dregur keppni.

Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir segir það auðvitað vera leiðinlegt að missa af hátíðinni en þetta hafi samt verið það skynsamlegasta í stöðunni. „Þetta er hálfgerður léttir í svekkelsinu því ég ætlaði að fara í æfingabúðirnar til Japan, fljúga yfir á hátíðina í Peking og fara síðan aftur yfir til Japan. Ég myndi síðan fara til Kína aðeins nokkrum dögum seinna. Okkur fannst of langur tími að vera í Peking alveg frá opnunarhátíð. Ég var farin að kvíða fyrir öllu þessu ferðalagi rétt fyrir keppni. Þegar við tókum þá ákvörðun að það væri langbest að sleppa opnunarhátíðinni þá var það hálfgerður léttir," segir Ásdís sem keppir ellefu dögum seinna.

Stangarstökkvarinn Þórey Edda Elísdóttir hefur reynsluna af því að taka þátt í Ólympíuleikum og hún segir áreitið vera alltof mikið í Peking til þess að dvelja þar í meira en tíu daga fyrir keppni. „Við byrjum ekki fyrr en í seinni vikunni og það er óþægilegt að vera inni í þorpinu svona lengi. Það er svo mikið af tilfinningum sem eru í gangi og svo mikið stress. Maður yrði því alveg búin á því þegar kæmi að keppninni. Það er betra að halda sér ferskum í æfingu og koma síðan beint í keppnina en um leið vera búin að venjast tímamismuninum," segir Þórey sem er búin að skipuleggja tímann fram að keppni. „Ég hitti þjálfarann minn aftur þegar ég kem til Peking 13. ágúst. Ég kem inn í þorpið þremur dögum fyrir keppni og þá verða bara rólegar æfingar og afslöppun. Svo verður bara nelgt á það hinn sextánda," segir Þórey.

Ragna Ingólfsdóttir og Jakob J. Sveinsson keppa bæði daginn eftir opnunarhátíðina og svo gæti farið að þau yrðu ekki með hópnum sem gengur inn á Ólympíuleikvanginn.

**- óój**



**ÞÓREY EDDA** Verður ekki með Íslendingunum á setningarathöfninni á Ólympíuleikvanginum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Íþróttakennarar og þjálfarar**
Skráning á SÍMENNTUNARNÁMSKEIÐ ÍKFÍ
stendur yfir á ikfi.net til 6. ágúst. n.k.
Allar upplýsingar á heimasíðu félagsins
Stjórn ÍKFÍ



Didda Jónsdóttir
Jörundur Ragnarsson
Ólafía Hrönn
Ingvar E. Sigurðsson
Benedikt Árnason
Krummi
Erpur
ZIK ZAK og EX NIHILO
kynna
SKRAPP ÚT
Frábær ný íslensk feel-good gamanmynd!
FRUMSÝND 8. ÁGÚST
Gamanmynd eftir
Sólveigu ANSPACH
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.
SENDU SMS BTC SKB Á NÚMERIÐ 1900
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR OG DVD MYNDIR OG FLEIRA
BÍÓMIÐI
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!

> **Laura Linney**

„Fólk veit ekki alveg hver ég er og ruglar mér saman við Helen Hunt eða Lauru Dern. Mér finnst gott að vera ekki þekktari en það því þá fæ ég líka frið frá fjölmiðlum."
Linney leikur í myndinni P.S. sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR, ENN OG AFTUR, TIL FORTÍÐAR

# *Eitt sinn var vonarglæta, hún er löngu horfin*

Á þessum síðustu og verstu tímum íslenskrar sjónvarpsmiðlunar er stundum erfitt að gera sér í hugarlund að einu sinni hafi innlent sjónvarpsefni verið eitthvað annað en algjör skelfing. Áhorfendur íslensks sjónvarps eru í dag staddir í sannkölluðu svartnætti dagskrárgerðar með aðeins eitt dauft og takmarkað Kastljós til þess að vísa sér veginn í málefnum dagsins. En á tíunda áratug síðustu aldar gat þjóðin öll baðað sig í dýrðlegri og mjúkri birtu Dagsljóss sem lýsti upp hvern krók og kima íslenskrar tilveru.

Dagsljósið var svo prýðilegur þáttur; léttur og gamansamur dægurmálaþáttur sem kunni sig. Umsjónarfólk þáttarins stóð sig upp til hópa með stakri prýði öll þau ár sem hann var í framleiðslu, en að öðru innihaldi ólöstuðu voru það klárlega stórsniðug innslögin sem hófu þáttinn rækilega upp úr meðalmennskunni. Ljóst er að dagskrárgerðarmenn lögðu mikla natni og alúð í að gera innslögin ekki aðeins áhugaverð og skemmtileg heldur einnig að veislu fyrir augað og drógu þar með fram á sem bestan hátt fagurfræðilega möguleika sjónvarpsmiðilsins. Hafi nokkurn tímann náð að þróast hér á landi séríslenskt sjónvarpsmyndmál má vel leiða líkur að því að það hafi náð hátindi sínum í Dagsljósinu, og að þar með hafi Sjónvarpið á þeim tíma náð að uppfylla skyldur sínar sem þjóðlegur menningarmiðlari. En svo hefur allt verið á húrrandi niðurleið hjá þessari vandræðalegu sjónvarpsstöð allar götur síðan.



En, jamm og jæja, það er til lítils að mæra löngu dauðan þátt, hann er farinn og kemur aldrei aftur. Nema hvað, litlir bútar Dagsljóss lifa enn á snilldarvefsíðunni Youtube og gleðja hjarta sjónvarpssjúklinga með fortíðarþrá. Svo er þetta allt saman til hjá safnadeild Ríkisútvarpsins, hafi allra hörðustu sjónvarpsfíklarnir áhuga á að kanna þetta páttagerðarmeistaraverk frekar.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20** Two and a Half Men STÖÐ 2



▶ **21.35** The War at Home STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** The Real Housewives of Orange County SKJÁREINN



▶ **22.00** The Door in the Floor STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Jóhanna Vigdís ræðir við Ólaf Ragnar Grímsson** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (17:26)
**18.00 Arthúr** (128:135)
**18.25 Fiskur á disk í Argentínu** (6:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.00 Everwood** (7:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
**20.45 Heilabrot** (Hjärnstorm) (3:8) Sænskir þættir þar sem teknir eru fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna.
**21.15 19. öldin á röngunni** (1800-tallet på vrangen) (3:8) Í þáttunum er fjallað um ýmsa snillinga, afreksmenn og brautryðjendur meðal Dana á 19. öldinni. Einnig, listir, ástir og armæðu á miklu mótunarskeiði í sögu landsins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Raðmorðinginn 4 - Vítiskvalir** (Messiah IV: The Harrowing) (2:2)Seinni hluti spennumyndar í tveimur hlutum um rannsóknarlögreglumanninn Red Metcalfe og starfslið hans sem reyna klófesta kaldrifjaðan fjöldamorðingja.
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Holiday**
**10.15 The Mupptet's Wizard of Oz**
**12.00 P.S.**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 The Holiday**
**18.15 The Mupptet's Wizard of Oz**
**20.00 P.S.** Rómantísk gamanmynd um Louise sem er fertug og fráskilin og heillast af mun yngri manni.
▶**22.00 The Door in the Floor** Dramatísk mynd með Kim Basinger og Jeff Bridges í aðalhlutverkum.
**00.00 Sleeping with The Enemy**
**02.00 Michel Vailant**
**04.00 The Door in the Floor**
**06.00 Steel Magnolias**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Notes From the Underbelly**
**10.40 Sisters** (3:24)
**11.25 Logi í beinni**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Are We There Yet?**
**14.45 How I Met Your Mother** (2:22)
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Ginger segir frá**
**16.18 Kringlukast**
**16.43 Shin Chan**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (2:25)
**19.55 Friends**
▶**20.20 Two and a Half Men** (1:24) Jake, sonur Alans er orðin unglingur og er að byrja í menntaskóla. Faðir hans hefur miklar áhyggjur að því enda átti hann sjálfur ekki sjö dagana sæla á menntaskólaárunum. Charlie finnst þetta hið besta mál enda hagar hann sér alltaf eins og hann sé í menntó.
**20.40 The New Adventures of Old Christine** (21:22)
**21.05 Marco Polo** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins.
**22.35 Moonlight** (11:16)
**23.20 60 minutes**
**00.05 Ghost Whisperer** (37:44)
**00.50 ReGenesis** (8:13)
**01.35 Are We There Yet?**
**03.10 Moonlight** (11:16)
**03.55 Marco Polo**
**05.20 The Simpsons (2:25)**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 F1: Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
**18.40 Sumarmótin 2008** Sýnt frá Rey-Cup mótinu sem fram fór í Laugardalnum. Þangað mættu til leiks fjöldi liða þar á meðal erlend lið sem öttu kappi við jafnaldra sína á Íslandi.
**19.20 Formula 3** Sýnt frá Formúlu 3 mótinu í Brands Hatch þar sem Íslendingar áttu tvo fulltrúa að venju.
**19.50 Kraftasport 2008** Sýnt frá Hálandaleikunum en þangað mæta til leiks margir af sterkustu mönnum Íslands.
**20.20 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa mætir Bandaríkjunum.
**20.50 Oliver Kahn** Heimildarmyndarþáttur um einn besta markvörð heims, Oliver Kahn. Í þessum þætti verður ferill hans skoðaður og hægt verður að kynnast Kahn á annan hátt en fólk á að venjast.
**22.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**23.10 Íslandsmótið í golfi 2008** Útsending frá Íslandsmótinu í golfi sem fram fór í Vestmannaeyjum.

## SPORT 2

**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 PL Classic Matches** Chelsea - Arsenal, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.00 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Juventus og Hamburg.
**20.40 Emirates Cup 2008** Útsending frá leik Arsenal og Real Madrid.
**22.20 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**22.50 Bestu leikirnir** Tottenham - West Ham

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Are You Smarter than a 5th Grader?** Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu. (e)
**20.10 Frasier** (3:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma.
**20.35 Style Her Famous** (7:10) Jay Manuel kennir konum að klæða sig, mála og greiða eins og stjörnurnar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem er búin að losa sig við 40 kíló að líta út eins og Jennifer Lopez.
**21.00 Design Star** (3:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Tíu hönnuðir eru eftir og þeim er skipt í tvö lið. Verkefni vikunnar er að hanna hið fullkomna eldhús.
▶**21.50 The Real Housewives of Orange County - Lokaþáttur** Það er komið að lokaþættinum og ofdekruðu húsmæðurnar koma saman og gera upp málin. Sýnd eru minnistæð atvik úr þáttaröðinni og fjallað er um hvað hefur á daga stúlknanna drifið síðan þættirnir voru teknir upp.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 The Evidence** Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Maður er myrtur þegar hann freistar þess að stela víni úr vínkjallara veitingahúss. Lykillinn að morðgátunni er að finna í flösku af eðalvíni. (e)
**00.20 Da Vinci's Inquest**
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05
### Marco Polo, framhaldsmynd mánaðarins



Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins fjallar um sögulega svaðilför ævintýramannsins og landkönnuðarins Marcos Polo til austurheims. Á leið hans verður hinn mikli og alræmdi Kublai Khan sem fær sérstakan áhuga á þessum óvenjulega og hugdjarfa ferðalangi úr vestrinu. Marco Polo heillast af þessum mikla stríðsmanni og samþykkir að ganga í þjónustu hans þar sem hann eyðir um 20 árum ævi sinnar. Afrakstur þessara ævintýralegu dvalar Marcos Polo í Kína átti eftir að reynast einstaklega söguleg því með henni svipti hann hulunni af algjörlega nýjum og framandi heimi. Með aðalhlutverk fara Ian Somerhalder úr Lost og hinn gamalreyndi Brian Dennehy sem fer á kostum í hlutverki Kublais Khan.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Frasier
### Skjár einn kl. 20.10



Skjár einn sýnir á þriðjudögum síðustu þáttaröðina um Frasier. Persónan Frasier Crane kom fyrst fram í þættinum „Cheers", eða „Staupasteinn" eins og þeir hétu hér á landi. Þegar framleiðslu þáttanna var hætt árið 1993 hófst framleiðslan á Frasier en þeir þættir urðu fljótt mjög vinsælir og gengu í 11 ár. Frasier hefur unnið fjölda verðlauna þ. á m. 37 Emmy-verðlaun en engin önnur sjónvarpsþáttaröð hefur náð að toppa það.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Barnið og tíminn
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Tónlist úr þularstofu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Lili Marleen
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Mín liljan fríð
**22.45** Dragspilið dunar
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (7:13)
**17.30 Ally McBeal** (7:23)
**18.15 The Class** (18:19)
**18.35 The War at Home**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (7:13) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**20.30 Ally McBeal** Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 síðari ára er nú sýndur aftur á Stöð 2 Extra. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.15 The Class** (18:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
▶**21.35 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**22.00 So you Think you Can Dance**
**23.25 So you Think you Can Dance**
**00.10 Missing** (13:19)
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri.
**20.30 Vigtarráðgjafarnir - 4. þáttur** Umsjón: Kristín V. Óladóttir.
**21.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Erla Ragnarsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Sturla Jónsson, Gunnlaugur Guðmundsson.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Lille menneske **11.00** Et dejligt hundeliv **11.30** Kender du typen **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Krampe-tvillingerne **14.00** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Lille Nørd **16.00** Se det summer **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret på DR1 **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Fem dage til midnat **21.15** Glem mig aldrig **22.40** Seinfeld

## NRK 1

**9.55** Country jukeboks **10.55** Du skal h¢re mye jukeboks **12.00** Vitenskap jukeboks **13.00** Norsk på norsk jukeboks **14.15** Skulle det dukke opp flere lik er det bare å ringe **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bjørnen **16.25** Wassi, gutten fra Etiopia **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Jordmødrene **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.30** Sommer-OL i Beijing: Portene mot Østen åpnes **21.00** Kveldsnytt **21.15** Insomnia - Den som synder sover ikke **22.50** Clement intervjuer Joseph Stiglitz **23.20** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Solens mat **11.05** Så länge skutan kan gå **12.35** Springpojkar är vi allihopa **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** En bok - en författare **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Lilla blåa draken **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Meg och Mog **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lilla Melodifestivalen: Artisterna 2007 **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Unge greve Dracula **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Berlinerpopplarna **21.25** Rapport **21.35** Minnen av Vatten och Papper **23.05** Sändningar från SVT24


# HAUSTÖNNIN HEFST Í SEPTEMBER


Söngvaborg kemur í heimsókn til yngstu krakkana.

Á haustönn verður boðið upp á:
**Forskóli:** Forskóli fyrir 3-5 ára krakka.
**5 ára og eldri:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.
**Unglingar:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.
**Fullorðnir:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

**Aldursskiptir hópar.** Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

**ERUM ENNÞÁ MEÐ BESTA VERÐIÐ! 14 ÁRA REYNSLA**

**Markmið söngkennslunnar er að þjálfa nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu.**

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnumenn hver á sínu sviði.

**Margir þjóðkunnir listamenn hafa hafið sinn feril hjá Söngskólanum m.a. Ragnheiður Gröndal, Jóhanna Guðrún, Klara Elíasdóttir (Nylon), Emilía Björg (Nylon) og Alma Guðmundsdóttir (Nylon) og margir aðrir frábærir söngvarar.**


María Björk
Skólastjóri/Söngkona


Regína Ósk
Yfirkennari/Söngkona


Sessý
Söngkona/Kennari


Yohanna
Söngkona/Kennari


Guðbjörg
Söngkona/Kennari


Guðrún Árný
Söngkona/Kennari


Ágústa Ósk
Söngkona/Kennari


Agnar Jón Egilsson
Leikstjóri/Leiklist
hjá Leynileikhúsinu.
nánarar á leynileikhusid.is

Allar nánari upplýsingar á www.poppskolinn.is

**Söngskóli**
MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111 & 897 7922
poppskolinn@poppskolinn.is
Fákafeni 11 • www.poppskolinn.is

# SÖNGNÁMSKEIÐ

**Söngskólinn** er einnig umboðsskrifstofa fyrir börn og unglinga á öllum aldri. Fjöldinn allur af efnilegum nemendum hefur sungið á hljómplötum, í sjónvarpi, tekið þátt í auglýsingum, leikhúsi, bíómyndum, og fleira.

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ef ég mögulega gæti stillt á stöð sem spilar Abba myndi ég gera það og ég myndi líka gjarnan þiggja Boney M. Ég reyni að missa ekki af Sigurði Tómassyni á Útvarpi Sögu, og svo hlusta ég á síðdegisútvarpið á RÚV þegar ég hef kost á.“*

Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

# Keppa við aðra hönnunarnema

Þrír ungir íslenskir fatahönnuðir halda til Kaupmannahafnar í vikunni til að taka þátt í tískuvikunni sem hefst þar í borg á miðvikudag. Samhliða stóru sýningunum á tískuvikunni sjálfri fer þar fram stór og mikil sölusýning að nafni CPH Vision, en fatahönnuðirnir þrír taka hins vegar þátt í hönnunarsamkeppni að nafni Designer‘s Nest.

„Það er hönnunarsamkeppni á milli skóla í Skandinavíu og mér skilst að hún sé eingöngu fyrir nýútskrifaða fatahönnunarnema,“ útskýrir Gunnhildur Edda Guðmundsdóttir, sem heldur utan ásamt þeim Örnu Sigrúnu Haraldsdóttur og Evu Maríu Árnadóttur. Þær útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands í vor, ásamt þeim Tinnu Hallbergsdóttur og Ingu Björk Andrésdóttur.

„Við máttum ráða hvort við færum núna í ágúst eða á febrúarsýninguna á næsta ári. Tinna og Inga ætla að fara þá, en við vildum fara núna,“ útskýrir Gunnhildur.

Í keppninni fá nemarnir að sýna þrjá klæðnaði úr útskriftarlínum sínum. „Svo er dómnefnd sem velur bestu hönnunina og veitir verðlaun. Þar fyrir utan er líka sérstakt „showroom“ þar sem skólinn fær sér bás,“ útskýrir Gunnhildur, en þar gefst gestum og gangandi á sýningunni tækifæri til að kynna sér hönnunina. „Það er rosalega fínt tækifæri því það er fullt af fólki sem kemur þarna í gegn, innkaupafólk og fleiri,“ segir hún.

Gunnhildur kveðst sjálf nú stefna að því að komast í starfsnám erlendis. „Ég stefni á það núna, en ég er svo sem ekkert búin að ákveða hvar það verður. Ég held að við séum allar í svipuðum pælingum. Það er mjög mikilvægt að vera með gott starfsnám á ferilskránni í þessu fagi og hver veit nema þetta gæti jafnvel verið leið inn í það,“ segir hún. **- sun**



**GOTT TÆKIFÆRI** Nýútskrifaðir fatahönnuðir frá LHÍ halda á tískuvikuna í Kaupmannahöfn. Frá vinstri, Arna Sigrún Haraldsdóttir, Eva María Árnadóttir, Gunnhildur Edda Guðmundsdóttir, Tinna Hallbergsdóttir og Inga Björk Andrésdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** brennt vín, **6.** ullarflóki, **8.** neitun, **9.** skammstöfun, **11.** tveir eins, **12.** gunga, **14.** mest, **16.** tímaeining, **17.** blaður, **18.** forsögn, **20.** í röð, **21.** hnappur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afl, **3.** öfug röð, **4.** jafnframt, **5.** sigti, **7.** senda út hljóð, **10.** vandlega, **13.** angan, **15.** höfðýr, **16.** kærleikur, **19.** málmur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. romm, 6. rú, 8. nei, 9. etv, 11. öð, 12. kveif, 14. allra, 16. ár, 17. mas, 18. spá, 20. mn, 21. tala.

**LÓÐRÉTT:** 1. þrek, 3. on, 4. meðfram, 5. mið, 7. útvarpa, 10. vel, 13. ilm, 15. asni, 16. ást, 19. ál.

„...fyrst á visir.is“

visir.is
...ég sá það á visir.is



**HR. ROKK** Rúnar Júlíusson syngur í nýju rapplagi Opees sem heitir Allt sem ég á. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

RÚNAR JÚL: HR. ROKK FÆRIR ÚT KVÍARNAR

# Rúnni Júl syngur í rapplagi

„Þetta var bara skemmtilegt,“ segir Rúnar Júlíusson - Hr. Rokk. Á dögunum venti hann sínu kvæði í kross og söng inn viðlagið við rapplagið Allt sem ég á, sem rapparinn Opee er að gefa út. „Þeir höfðu bara samband við mig og ég þurfti engan umhugsunarfrest,“ segir Rúnar.

Lagið er eftir Magna Kristjáns og Palla PDH en sá síðarnefndi stjórnaði upptökunum. Ólafur Páll Torfason, eða Opee, hefur ekkert nema fallegt að segja um Rúnar. „Við sendum honum lagið og hann fílaði það, kom í stúdíó og rúllaði þessu upp. Enda almennt séð frekar svalur gaur og mjög næs á því.“ Hann segir að ástæða þess að ákveðið var að fá Rúnar í lagið sé sú að yfir laginu hvíli ákveðið „old school wipe“. „Þetta er í anda eldri íslenskrar tónlistar,“ segir hann og segir Rúnar góðan fulltrúa hennar. „Þetta er ástaróður.“

Opee segir að Rúnar hafi sýnt hve mikill fagmaður hann er þegar í hljóðver var komið. „Við lékum okkur aðeins og prófuðum ýmislegt,“ segir hann.



**OPEE** Fékk Rúnar Júlíusson til þess að syngja með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Rúnar segir þetta vera í fyrsta skipti sem hann blandar sér í hipphopp-kúltúrinn sem söngvari. Þó hefur hann komið þar nærri sem útgefandi en hann gaf út plötu Forgotten Lores, Frá heimsenda. „Ég rappaði nú ekki í þessu boði,“ segir Rúnar og útilokar ekki að ef boð um að rappa kæmi, myndi hann láta slag standa. „Ég er alltaf til í að prófa eitthvað nýtt. Þetta verkefni tók fljótt af og ég gerði mitt besta. Þessir strákar eru skemmtilegir,“ segir hann.

Áætlað er að lagið komi út á næstu dögum en verið er að leggja lokahönd á það. Hvað Rúnar varðar þá var hann að spila á Flúðum um helgina með sinni forláta Rokksveit við góðar undirtektir nærstaddra. Engar sögur fara þó af því hvort Rúnar hafi rappað fyrir Hrunamenn.

Rúnar hefur löngum verið nefndur Hr. Rokk, eftir að hann brá sér í það hlutverk á barnaplötunni Abbababb. Þrátt fyrir þetta skemmtilega hliðarspor telst ólíklegt að nafnið Hr. Rapp muni festast á þennan reynda rokkara.

soli@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magnús Geir Þórðarson**, leikhússtjóri í Borgarleikhúsinu, er önnum kafinn við að skipuleggja starfið sem fyrir höndum er og hefur hann þegar ráðið fasta við húsið leikstjórana **Kristínu Eysteinsdóttur**, **Jón Pál Eyjólfsson** og síðast einhvern mesta leikhúsmann landsins – **Kjartan Ragnarsson**. Kjartan leikstýrir jólasýningu Borgarleikhússins. Verkið er frægt eftir Durrenmatt og hét þegar það var sett upp við miklar vinsældir hér á landi seint á 7. áratug síðustu aldar „Sú gamla snýr aftur“ en heitir í nýrri leikgerð Kjartans „Milljarðamærin snýr aftur“. Þykir inntak verksins og þráður svipa mjög til stöðu mála á Íslandi í dag.



**Geiri á Goldfinger** keppist nú við að innrétta nýjan stað við Grensás, Steik and Play, þar sem áður var Bohem. Hann stefnir að því að opna áttunda þessa mánaðar enda dagsetningin mögnuð: 08.08.08. Geiri segir þarna um einhvern glæsilegasta veitingastað norðan Alpafjalla og nýmæli í veitingahúsarekstri. Geiri, sem hefur verið velgjörðarmaður kvennaknattspyrnu í Kópavogi, hefur boðið hinu frækna landsliði Íslands í kvennaknattspyrnu til að vera við opnunina. **- jbg**



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ

# Flytur inn þekkta djassista

Djasstónlistarmaðurinn Agnar Magnússon stendur nú í ströngu við að skipuleggja djasstónleika sem haldnir verða hinn 26. ágúst. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur og hefur Agnar fengið til liðs við sig tvo af þekktustu djasstónlistarmönnum heims, trommuleikarann Bill Stewart og kontrabassaleikarann Ben Street, og munu þeir spila tónlist eftir Agnar sjálfan. „Ég kynntist öðrum þeirra þegar ég var í námi í Hollandi og hinum kynntist ég þegar ég bjó í New York. Þeir spiluðu báðir með mér á fyrstu plötunni minni og eru mjög þekkt nöfn í djassheiminum og ég hef nú mannað mig upp í það að biðja þá að koma hingað til lands að spila,“ segir Agnar um fyrirhugaða tónleika. Hugmyndin er að taka tónleikana upp og gefa út tónleikaplötu næsta vor. „Þetta er tónlist eftir mig sem við munum spila. Við náum einni æfingu saman fyrir tónleikana þannig að við rennum svolítið blint í sjóinn með þetta.“ Agnar segir að þeir muni spila á tvennum tónleikum sama kvöldið og hefjast þeir fyrri klukkan 18.00. „Tónleikarnir verða í Vonarsal SÁÁ en þar er að finna brjálæðislega góðan flygil og þar er góð aðstaða til að taka upp, þannig að þetta er fínn salur fyrir einmitt svona tónleika,“ segir Agnar en sjálfur segist hann vera mjög spenntur fyrir tónleikunum. „Það er frábært fyrir mig sem tónlistarmann að fá að spila með þessum mönnum, þannig að ég er bæði mjög spenntur fyrir tónleikunum en líka mjög stressaður.“ **- sm**



**AGNAR MÁR MAGNÚSSON** Agnar heldur tvenna tónleika í lok ágúst í samstarfi við Jazzhátíðina.

# ÚTSALA

Útsala

# 10 - 70%
# AFSLÁTTUR
## af ÖLLUM vörum

Svefnsófar, stólar, sófaborð, fatahengi, leðursófar, borðstofuborð, skápar, hillur, hornsófar, skrifborð, sjónvarpsskápar, púðar, skenkar, eldhúsborð, rúmteppi ...

# LÍNAN

Línan | Bæjarlind 6 | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16 | www.linan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



ALLTAF BETRA VERÐ
STÚTFULLUR BÆKLINGUR AF FARTÖLVUM OG AUKAHLUTUM FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG
ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!
TÖLVULISTINN




**BAKÞANKAR**


Jón Sigurður Eyjólfsson


## *Demanturinn og duftið*

Ég reyndi eftir fremsta megni að fylgjast með fjölmiðlum á Spáni meðan ég dvaldist þar í sumarfríinu, svona til að þefa örlítið af þjóðarsálinni. Fljótlega tók ég eftir konu nokkurri, Belen Esteban að nafni, sem fjölmiðlamenn fylgdu eftir hvert fótmál. Vitanlega varð ég forvitinn að vita hvað hún hefði unnið sér til frægðar. Þarlendir sögðu mér þá að hún hefði verið gift nautabananum mikla Jesúlín í nokkur ár og hefði verið aðsópsmikil í spænskum fjölmiðlum allar götur síðan. Gerði ég nokkurt grín að þessu til að byrja með því þótt það geti vissulega talist nokkurt afrek að vera gift færum nautabana kvað ég þessa frægðarsól yndismeyjarinnar bera merki um ankannalega þjóðarsál á Íberíuskaganum og væru þeir því vel að því komnir að Íslendingar kvæðu við að eitthvað kæmi þeim spánskt fyrir sjónir þegar fáránleiki lífsins blasti við.

**EN** gamanið rann af mér þegar ég áttaði mig á því að hér á Íslandi, eins og víðast hvar, er fólk frægt fyrir hina furðulegustu hluti.

**Í NÚTÍMA** fjölmiðlun virðist frægðarsólin nefnilega oft vera samningsatriði milli fjölmiðlamanna og síðan sjálfskipaðra stjarna. Þá þarf kannski ekki nema fræga kærustu, nektardansstað, útistöður við lögregluyfirvöld eða kjánaleg uppátæki til að fleyta sér inn í hringiðu dægurmálanna og tryggja sér þar fastasæti. Fyrir utan það er eftirtektarverðum þátttakendum í raunveruleikaþáttum þrykkt svo þyrmilega í þjóðina að hún fær ekki frið fyrr en hún veit hvað þessu fólki finnst best að borða og hvers konar blómavasa það vill hafa í stofunni.

**MIÐAÐ** við þessar áherslur er það mér til efs að Van Gogh fengi að finna fyrir frægðarsólinni væri hann nú á lífi nema þá kannski fyrir afskorna eyrað. Það er þó alveg ástæðulaust að pirra sig út af þessu svo lengi sem maður minnist orða persneska skáldsins Múslí Úddín Sadí en hann orti: Þó burt sé dýrum demant fleygt í duftið, er hans gildi jafnt; og eins er duftið ávallt samt þó upp til skýja sé því feykt.

**HELGI** Hálfdanarson þýddi ljóðið en fyrir tilstuðlan hans höfum við Íslendingar fengið að njóta helstu perlna heimsbókmenntanna. Ég minnist þess ekki að hafa séð hann í Séð og heyrt.



### GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 5. ágúst, 219. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.48 | 13.34 | 22.16 |
| Akureyri | 4.18 | 13.18 | 22.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


